

Auðvelt að lækna köngulóafælni

Ingi Agnarsson hefur lengi rannsakað köngulær og segir þær oftast meinlausar. > 22



Óttast smitáhrif

Helga Sól Ólafsdóttir hefur fylgt konum í gegnum þungunarrof í rúma tvo áratugi og óttast þróunina í Bandaríkjunum og víðar. > 24



Það er óþarfi að burðast með áhyggjur



FRÉTTABLAÐIÐ

134. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 2. JÚLÍ 2022

Börnunum var bannað að nota táknmál

Júlia Guðný Hreinsdóttir fæddist heyrnarlaus og fór í Heyrnleysingja-skólann aðeins fjögurra ára gömul. Þar var slegið á fingur nemenda ef þeir reyndu að nota táknmál, enda áttu allir að læra að tala með rödd og lesa af vörum. > 18

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÆTLAR ÞÚ AÐ NJÓTA ÞÍN VIÐ GRILLIÐ?

Rafdrifinn snúningsteinn fylgir öllum Weber Genesis og völdum Weber Spirit grillum á meðan birgðir endast.



ELKO



Kaupgeta minnkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kaupmáttur nú tekinn að rýrna

olafur@frettabladid.is

KJARAMÁL Vaxandi verðbólga hefur bundið enda á átta ára skeið kaupmáttaraukningar hér á landi.

Raunar hefur kaupmáttur farið vaxandi hér á landi síðan 2011 með þeirri undantekningu að hann dróst saman um 0,4 prósent 2013.

Í Hagspá Landsbankans segir að kaupmáttur hafi náð hámarki í janúar á þessu ári, þá tekið að minnka en tekið kipp í apríl vegna launahækkana sem urðu vegna hagvaxtaraukans svonefnda.

Verðbólga hefur aukist í hverjum mánuði allt þetta ár, þrátt fyrir bratt vaxtahækkunarferli Seðlabankans síðastu 13 mánuði. Kaupmáttur er farinn að skerðast vegna verðbólgunnar sem ekki sér fyrir endann á.

Í haust eru kjarasamningar á almennum vinnumarkaði lausir og ljóst af yfirlýsingum verkalýðsforystunnar að gerð verður krafa um kjarabætur til að mæta verðhækkunum og hærri greiðslubyrði heimila sem vaxtahækkunir Seðlabankans hafa valdið. ■

Amelia dregin að landi



Glæsisnekkjan Axel Rose purfti að draga stóru systur sína, Ameliu Rose, í land í gær eftir að aðskotahlutur flæktist í skráfuna á Ameliu. „Ég var á bát þarna rétt hjá og við ákváðum að draga hana inn til að athuga hvað væri í skráfunni,“ segir Svanur Sveinsson, framkvæmdastjóri Sea Trip. „Þetta var landfestingarendi sem sagt, sem við tókum úr.“ Að sögn Svans höfðu túristarnir á Ameliu gaman af atvikinu og átti báturinn að verða sjófær í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rósa með á þriðju milljón króna í laun

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNÝSLA Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Hafnarfirði samþykkti ráðningarsamning við Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra á fundi bæjarráðs í gær. Laun hennar verða 2.239.010 krónur.



Tillaga Viðreisnar um að bæjarstjóraun fylgdu ráðherraunum var felld.

1.247.787 krónur eru grunnlaun en ofan á það eru greiddir 50 fastir yfirvinnutimar, alls 647.913 krónur. Þá fær Rósa 286.310 krónur fyrir störf sín sem bæjarfulltrúi og 57.000



Rósa fær ökutækjastyrk upp á 57 þúsund krónur.

krónur í akstursstyrk. Inni í þessum tölum eru ekki önnur hlunnindi sem bæjarstjóri fær, svo sem kostnaður við síma og nettengingu.

Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi Viðreisnar, lagði til að laun Rósu fylgdu ráðherraunum, yrðu 1.826.273 krónur og ökutækjastyrkur yrði afnuminn. Einnig að gerð verði starfslýsing á starfi bæjarstjóra þar sem starfssvið, réttindi og skyldur yrðu skilgreind. Var sú tillaga felld. ■

Notaði mastersverkefnið til að búa til ís í Mývatnssveit

Í litlum skúr við Skúta- staði í Mývatnssveit er að finna Skútaís þar sem gestir sveitarinnar geta gætt sér á heimalöguðum ís frá Auði Filippusdóttur sem nýtti sér mastersverkefnið í matvælafræði til að gera ís.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er orðið svolítið mikið að gera. Við erum núna með tvo starfsmenn plús mig,“ segir Auður Filippusdóttir, einn eigenda Skútaíss í Mývatnssveit, en þegar Fréttablaðið bar að garði var litla ísbúðin full út úr dyrum, bæði af innlendum og erlendum gestum.

Auður er með master í matvælafræði og nýtti sér mastersverkefnið til að koma ísbúðinni á laggirnar. Lærði það sem upp á vantaði í Reading á Englandi og nú sitja þau hjónaleysin á kvöldin og hugsa út í bragðtegundir.

Auður er í sambandi með Júlíusi Björnssyni, kúabónda á Skútustöðum. Þau kynntust rétt áður en Auður fór í námið og hún gerði sér snemma grein fyrir að ekki væri hægt að toga sinn mann úr sveitinni.

„Ég áttaði mig snemma á því að ef við ætluðum að vera saman yrði ég að búa hér í Mývatnssveit og ég yrði hluti af búinu. Þannig að ég fór að hugsa hvernig ég gæti nýtt námið, gert eitthvað og þróað beint af býli.“

Úr varð ísgerð sem hefur vaxið og dafnað þótt húsnæðið sé lítið.

„Ég geri ísblöndur kvöldið áður til að þær standi í ísskáp yfir nótt, sem er betra. Nú er orðið svo mikið að gera að við erum að gera ís allan daginn,“ segir Auður. „Það er svo mikið af fólki sem kemur í Mývatnssveit á hverju sumri og mér fannst ísinn vera sniðugustu matvælin til að framleiða. Allir elska ís.“



Auður bak við afgreiðsluborðið í Skútaís þar sem hún býður upp á heima- gerðan ís fyrir gesti Mývatnssveitar. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS



Ég áttaði mig snemma á því að ef við ætluðum að vera saman yrði ég að búa hér í Mývatnssveit og ég yrði hluti af búinu.

Auður Filippusdóttir, einn eigenda Skútaíss í Mývatnssveit

Auður bendir á að draumurinn sé ekkert að stækka um of. Stefnan sé ekki sett á að komast í hillurnar á stóru matvöruhúðunum. Hún sér Skútaís frekar í hillum verslana sem bjóða upp á vörur beint frá býli en

Skútaís hefur fengið á höfuðborgarsvæðinu í verslun Me&Mu í Garða- bæ.

„Ég vil vera þar en ég sé mig ekki fara með Skútaís í Nettó, Hagkaup eða álika. Það yrði of mikið fyrir okkar litlu framleiðslu. Mig langar frekar að stækka verslunina aðeins hjá okkur og bjóða fleiri afurðir frá sveitabænum eins og kjöt á grillið, egg, sultur, rabarbarapæ og fleira.“

Auður er einnig með puttana í Mýsköpun sem ræktar spirulinu- duft úr örþörungum, sem er eitt mest spennandi verkefni sveitarinnar. Enda vill hún halda Skútaís þannig að ísinn taki ekki allan tímann.

„Fegurðin er að hafa þetta lítið. Þótt húsnæðið sé ekkert endilega það besta í heimi þá er það alveg smá heillandi að halda þessu litlu.“ ■





LENGJUMÖRKIN

MÁNUDAGA KL. 19.00 OG 21.00

Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í leikjum Lengjudeildar Karla í knattspyrnu.




herra
GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

ÚTSALA
40%
afsláttur
af útsöluvörum

ENGLABÖRNIN

KRINGLUNNI

Mathilda

Kringlunni
552 8600

HANZ

KRINGLUNNI
567.0120

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242



Eldgosið var hvalreki fyrir jarðvísindamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kvikan kom af þremur stöðum

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Samkvæmt nýrri grein í tímaritinu Nature átti kvikan í eldgosinu við Fagradalsfjall uppruna sinn að rekja til að minnsta kosti þriggja mismunandi upprunastaða í möttlinum undir Reykjaneskaga. Meðal höfunda greinarinnar eru Þorvaldur Þórðarson, prófessor við Háskóla Íslands, og Ármann Höskuldsson, rannsóknarprófessor við sama skóla.



Súrefnissamsætur eru um 50 prósent af gosbergi.

Skóðaðar voru súrefnissamsætur sem eru um 50 prósent af gosbergi. Er súrefni því góður vísir um uppruna og þróunarferli kviku. Til dæmis er samsætuhlutfall í möttlinum annað en í skorpu. Þó er möttullinn undir Reykjaneskaga einsleitur hvað varðar samsætuhlutfall. Þó að áhersla hefði verið á súrefni voru önnur frumefni í berginu einnig greind. ■

Áfram í haldi vegna árásar

gar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur maður sem grunaður er um að hafa orðið nágranna sínum að bana í Bardavogi 4. júní var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu samþykkti Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu hennar um að varðhaldið yfir manningnum yrði framlengt til 29. júlí. Hafi það verið gert á grundvelli almannahagsmunna og í þágu rannsókna málsins. Maðurinn var handtekinn á staðnum eftir að lögreglu var gert viðvart um yfirstandandi líkamsárás. ■

Segir Baldur fá stríðshugmyndir úr borðspilum

bth@frettabladid.is

VARNARMÁL „Baldur Þórhallsson hefur fyrir löngu tekið sér stöðu sem einn helsti stríðshaukur landsins. Hann heyrir til þeim hópi fólks sem lítur á það sem hálfgerðan álitshnekki fyrir Ísland ef erlendri ríki standi ekki í röðum og vilji sprengja okkur í loft upp,“ segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og varaborgarfulltrúi VG, sem fer fyrir Samtökum hernaðarandstæðinga.

Stefán segir Baldur sjá alls konar ógnir, öðrum ókunnar.

„Hugmyndir Baldurs um hernað virðast helst fengnar úr borðspilum og gömlum stríðsmyndum, með þessari skringilegu hugmynd um litla varnarsveit sem haldi öflugum óvinaflota í skefjum á meðan beðið er eftir liðsauka,“ segir Stefán.

Baldur, sem er prófessor í stjórnmálafræði, lýsti þeirri hugmynd í Fréttablaðinu í gær að brynt væri að kalla til fast erlent varnarlið, jafnvel skandinavískt, sem gæti hindrað skemmdarverk eða brugðist við innrás áður en stærra lið aðildarríkja Íslands kæmi til bjargar.



Stefán Pálsson, sagnfræðingur



Baldur Þórhallsson, prófessor

„Eitt skemmdarverk getur valdið mjög miklum skaða í litlu ríki,“ sagði Baldur.

„Öryggi Íslands verður best tryggt með því að beina orku og fjármunum að þeim raunverulegu öryggisögnum sem að okkur stöðja, svo sem á sviði náttúruvár, tölvuglæpa og sjúkdóma, í stað þess að flækja sig í hernaðarkerfi annarra ríkja. Herstöð er skotmark, var sagt hér fyrir á árum. Það á enn þá við,“ segir Stefán. Um það mat prófessorsins að slegið gæti á ágreining ef herliði kæmi frá Norðurlöndunum, segir Stefán að vangaveltur um norrænt herlið hér séu „óraunsæjar með öllu“. ■

Gyðingar uggandi vegna umdeildrar síðu sem hýst er af fyrirtæki á Íslandi

Íslenska vefhýsingarfyrirtækið 1984 segist ekki líða að hvatt sé til ofbeldis eða haturs en bandarísk síða sem þar er hýst er til umræðu vegna gyðingahaturs. Ríkissaksóknari Massachusetts kannar málið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Bandarísku samtökin ADL, sem berjast gegn fordómum gegn gyðingum, eru uggandi vegna netsíðu sem vísar á heimilisföng stofnana, fyrirtækja og skóla sem mörg hver hafa tengsl við gyðinga.

Síðan, sem kallast The Mapping Project, er hýst hjá íslenska fyrirtækinu 1984 og hefur meðal annars vakið viðbrögð hjá þingmönnum ytra.

Yfirskrift síðunnar er að berjast gegn nýlendustefnu Ísrael og Bandaríkjanna með því að „trufla“ eða „rífa niður“ þá sem styðja við hana. Síðan nær til fylkisins Massachusetts í norðausturhluta Bandaríkjanna og þar eru kortlögð heimilisföng og tengingar milli stofnana, skóla, fyrirtækja og jafnvel einstaklinga.

Helmingurinn af tæplega 500 heimilisföngum er hjá lögreglunni. En meðal þess sem er kortlagt er framhaldsskóli gyðingabarna, samtök gyðinga með fötlun, spítalar, háskólar á borð við Harvard og MIT og lyfjafyrirtækin Moderna og Pfizer.

Stjórnmálamenn eru einnig kortlagðir á síðunni, þar á meðal hin þekktu öldungadeildarþingkona Demókrata, Elizabeth Warren.

Samflokksmaður hennar í neðri



Mörður Ingólfsson, framkvæmdastjóri 1984, segir fyrirtækið ekki hýsa þá sem tala fyrir ofbeldi, hatri, bælingu og ógnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Við köstum út nýnasistum og rasistum.

Yfirlýsing 1984

deild, Josh Gottheimer frá New Jersey, hefur vakið athygli á að síðan hvetji til ofbeldis. „Við megum ekki skella skollæyrum við þessari hvatningu til ofbeldis,“ sagði hann samkvæmt fréttastofunni



Nærri 500 heimilisföng eru kortlögð á síðunni og hvatt til niðurriffs eða truflunar. MYND/SKJÁSKOT

AP. Þá sagðist Rachel Rollins, ríkissaksóknari Massachusetts, ætla að rannsaka hvort síðan gangi yfir mörk þess sem telst hættulegt og

ólöglegt. „Svona orðræða er hættuleg. Við þurfum að athuga hvað við getum gert til að svæla þetta burt,“ sagði hún.

Aðspurður um málið vísaði Mörður Ingólfsson, framkvæmdastjóri 1984, í yfirlýsingu sem fyrirtækið lét gera á ensku. Þar segir að nafn fyrirtækisins sé engin tilviljun og vísi í vísindaskáldsögu Georges Orwell. Að 1984 hýsi þá sem tali gegn þeim valdamiklu og miskunnarlausu. Þar á meðal blaðamönnum og aktivistum víðs vegar um heim sem gætu átt yfir höfði sér fangelsisdóma eða jafnvel dauðadóma fyrir að tjá sig.

„Það sem við gerum ekki er að hýsa þá sem tala fyrir ofbeldi, ógnun, bælingu eða hatri. Við köstum út nýnasistum og rasistum,“ segir í yfirlýsingu.

„Við höfum mátt þola endurtekna og alvarlegar netárásir, lögsóknir og hótanir um líkamlegt ofbeldi frá hatursfullum hópum af ýmsum toga sem reyna að fá okkur til að taka niður vefsíður. Við gefumst ekki upp, sama hvað það kostar okkur í málskostnað, öryggisstryggingar eða hugarró.“

Málið er ekki það fyrsta þar sem umdeild eða ólögleg erlend starfsemi er hýst hjá íslenskum fyrirtækjum. Fyrirtækið Orange Website komst í heimsfréttirnar er kom í ljós að hryðjuverkasmótökin ISIS hýstu síðu sína hjá því og seinna hefur fyrirtækið hýst bæði bandaríska nýnasista og breska Covid-svindlara. Árið 2018 kom upp tilvik þar sem 1984 lokaði léni svindlara sem þóttust vera íslenska lögreglan. ■

RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





FORINGI SPORTJEPPANNA

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID



Verð frá: 10.890.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga
Verð frá: 205.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Veðrið í Mývatnssveit í gær var með besta móti þó að flugan hafi gert að-komufólki lífið leitt. **FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS**

Kíkt á jólasveina í júlí

benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG Það var fjölmenni í Dimmuborgum í gær þegar Fréttablaðið bar að garði í blíðskaparveðri. Mikil röð myndadist við helli jólasveinanna en gestum borganna

þótti ákaflega spennandi að sjá hvar þeir eiga heima.

Fjöldmargar rútur voru við inn-ganginn og nóg að gera á veitingastaðnum þar sem þeir sem voru búnir að labba hringinn fengu sér kaffi og meðlæti. ■

Heimila vöruflutninga til Kalínígrad

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins undirbýr nú útgáfu yfirlýsingar til þess að heimila Rússum að flytja vörur til Kalínígrad í gegnum Litáen.

Kalínígrad er vestasta hérað Rússlands en er aðskilið öðru rússnesku landsvæði. Til þess að flytja vörur þangað landleiðina frá Rússlandi verður að fara í gegnum Litáen eða Pólland. Litáar lokuðu fyrir vöruflutninga í gegnum landsvæði sitt frá Rússlandi til Kalínígrad frá 17. júní í samræmi við viðskiptaþvinganirnar sem Evrópusambandið hefur lagt á Rússa vegna innrásarinnar í Úkraínu. Hafa því flutningar á stáli, áli og byggingaræfnum til Kalínígrad verið stöðvaðir.



Litáar lokuðu fyrir vöruflutninga til Kalínígrad frá 17. júní. **MYND/EPA**

Nú áætla framkvæmdastjórn ESB að heimila vöruflutning til Kalínígrad að því gefnu að hann fari ekki yfir það magn sem viðgekkst fyrir innrásina í Úkraínu. Ríkisstjórn Þýskalands er hlynnt þessari stefnubreytingu en Litáar hafa lýst yfir óánægju með hana. ■

Lesið íslenska náttúrusögu af sýnum úr stöðuvötnum

Vísindamenn á vegum hinnar íslensk-ðönsku stofnunar ROCS eru að klára setlaga-söfnun úr rúmlega 50 íslenskum stöðuvötnum. Hægt verður að greina tegundirnar sem lifðu hér fyrir allt að 14 þúsund árum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Gagnasöfnun í einni stærstu vatnarrannsókn heims er nú að ljúka hér á Íslandi. Tekin hafa verið sýni úr 52 stöðuvötnum sem verða greind til að finna erfðaefni dýra og plantna allt að 14 þúsund ár aftur í tímann.

„Setlög úr stöðuvötnum geta sagt okkur hvernig lífríkið og loftslagið var í fortíðinni,“ segir hinn bandaríski Wesley Farnsworth, nýdoktor við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla, sem leiðir rannsóknina. Hún er unnin á vegum Rannsóknarseturs Margrétar II Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur um haf, loftslag og samfélag, ROCS, og er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla en auk þess koma að henni fjöldmargar stofnanir á Íslandi og í Danmörku.

Setlögum er safnað í stór rör, frá 2 til 10 metra löngum. Wesley segir aðferðina hafa verið notaða í um 100 ár. Hún hefur þó verið þróuð mikið á undanförunum árum og notaðir eru stimplar til að framkalla sog inni í rörinu.

Fyrst eru vötnin dýptarmæld og svo er sýnunum safnað á bestu stöðunum. Flest íslensku sýnin voru tekin í vetur og ísbor notaður til að komast að. Vötnin eru ekki endilega þau stærstu á landinu, heldur flest í smærra lagi. Er þá horft til þess að vatnsviðið sé ekki of stórt til að hægt sé að hafa betri yfirsýn. Wesley segir að hugsanlega verði tveimur vötnum bætt í hópinn áður



Þegar hefur verið safnað sýnum úr 52 stöðuvötnum. **MYND/ADSEND**



Til dæmis getur fjöldi tiltekinn blóma sagt okkur mikið um hversu hátt hitastigið var á sumrin.



Wesley Farnsworth, nýdoktor

Hinn punkturinn lýtur að því skeiði þegar gervallt Ísland var að koma undan 2 kílómetra þykkum ís sem náði allt að 100 kílómetra út fyrir landsteinana. Hann gaf sig fyrir rúmlega 14 þúsund árum og strandlengjan kom í ljós.

Wesley segir að áður fyrr hafi vísindamenn þurft að eyða gríðarlega miklum tíma í að skima efni í smásjám til að finna frjökorn eða steingervinga af laufblöðum eða greinum. Í dag er notað svokallað umhverfiserfðaefni, eDNA, þar sem hægt er að draga fram erfðaefni eða bíta úr því með hátæknilegum aðferðum til að greina tegundirnar. Hvort sem það eru skeljar, bein, plöntuleifar eða annað.

„Tilvist fólks, ákveðinna dýrategunda og plantna, gefur okkur vísbendingar um hvernig loftslagið var,“ segir Wesley. „Til dæmis getur fjöldi tiltekinn blóma sagt okkur mikið um hversu hátt hitastigið var á sumrin.“

Brátt hefst starf við að vinna úr gögnunum og Wesley segir að það muni taka nokkurn tíma. Niðurstöðurnar verða sennilega ekki birtar allar í einu en þær munu liggja fyrir á næstu árum. ■

en sýnin verða send til Danmerkur á rannsóknarstofu.

Samkvæmt Wesley eru tveir fókuspunktar á rannsókninni. Annars vegar rannsókn á síðustu 2 þúsund árum og hins vegar síðustu 14 þúsund. „Við viljum sjá hvernig hin ósnortna náttúra Íslands breyttist í kjölfar landnáms,“ segir hann. Það er að sjá hvernig náttúran var fyrir niundu öld þegar land var numið og eftir hana.

Nærri botni í tilteknum þáttum velferðarmála

bth@frettabladid.is

VELFERÐ Útgjöld til velferðarríkisins á Íslandi eru minni að vöxtum en á hinum Norðurlöndunum á nær öllum sviðum velferðarmála samkvæmt nýrri rannsóknarskýrslu Eflingar. Félagið vefengir réttmæti þess að Ísland standi undir þeirri nafnbót að teljast norrænt velferðarríki.

„Það komu fram sláandi upplýsingar í þessari skýrslu Stefáns Ólafssonar félagsfræðiprófessors. Hana þarf að rýna vel,“ segir Vilhjálmur Birgisson hjá Verkalýðsfélagi Akraness.

Vilhjálmur nefnir að þróun barnabóta sé ömurleg hér á landi. Skerðingarmörk séu allt of lág. Í skýrslunni er staðfest að barnabætur séu óvenjulágar núorðið á Íslandi. „Áður stóð Ísland betur að vígi í samanburði á útgjöldum til velferðarþjónustu, en þar hefur hallað á.“

Þá segir í skýrslunni að opinber útgjöld í lífeyrisgreiðslum séu óvenju lág á Íslandi í samanburði við öll OECD-ríkin. Sláandi sé að skoða samanlögð opinber útgjöld vegna örorku- og ellilífeyris. Ísland sé þar með fimmtu lægstu útgjöldin í alþjóðasamanburði í félags-skap með þróunarlöndum eins og Mexíkó og Kosta Ríka.

„Þetta er það sem við þurfum að



Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



Drífa Snædal, forseti ASÍ

ræða við stjórnmöld,“ segir Vilhjálmur. „Að við sem ein ríkasta þjóð í heimi séum í flokki með þessum löndum sýnir að tilfærslu-kerfin virka ekki nógu vel gagnvart hópum sem standa höllustum fæti.“

Undir þetta tekur Drífa Snædal, forseti ASÍ. Hún segir skýrsluna knýja á breytingar. Kallað hafi verið eftir að skattkerfi og tilfærslu-kerfi séu nýtt til tekjujöfnunar með markvissari hætti.

„Það er einkenni velferðarríkja og býr til betri samfélög fyrir okkur öll þegar upp er staðið,“ segir Drífa. ■

TILBOÐ
TAKMARKAÐ
FRAMBOÐ

SAMAN Í SÓL

HAGKVÆMT

TENERIFE

05. - 12. JÚLÍ

HG CRISTIAN SUR 3*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ 79.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 110.900 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

VINSÆLT

MALLORCA

06. - 13. JÚLÍ

SUN BEACH APT. 4*

ÍBÚÐ MEÐ SVÖLUM

VERÐ FRÁ 89.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 129.900 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á U.U.IS

Ævintýri handan hornsins.

Nýr Kia Niro.
Frumsýning 13. ágúst.



KIA
Movement that inspires

Niro EV verð frá:
6.290.777 kr.

Nýr Kia Niro gefur nýja ásýnd á götunum og ryður brautina fyrir rafknúnum samgöngum til framtíðar. Nýr Niro verður fánlegur með 100% rafmagni með allt að 460 km. drægi, Plug-in Hybrid og Hybrid. Honum fylgir nýtt útlit, nýstárlegt farþegarými og ný yfirbygging sem gerð eru úr sjálfbærum efnum og undirstrikar framtíðarsýn Kia. Með því að bjóða upp á umhverfisvænni valkosti býðst þér útfærsla sem stuðlar að grænni framtíð.

Nýr Niro verður frumsýndur laugardaginn 13. ágúst á milli kl. 11-15 í sýningarsal okkar að Krókhálsi 13.
Komdu, reynsluaktu og upplifðu töfrana.
Við hlökkum til að sjá þig.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Instagram.
[instagram.com/kiaisland](https://www.instagram.com/kiaisland)



Fylgdu okkur á Facebook.
[facebook.com/kiamotorsisland](https://www.facebook.com/kiamotorsisland)

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Íslendingar hafa ekki ráð á gistingu í eigin landi



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Hótelgeirinn gerir ekki ráð fyrir Íslendingum í gistingu í sumar. Verðið komið út yfir allt velsæmi að sögn ferðalangs. Kerfi hækkar verð síðustu lausu herbergjanna ólíkt borðum á veitingahúsi.

Íslenskur ferðalangur, Þorsteinn Gunnarsson íbúi á Selfossi, kannaði verð á gistingu á Keahótelinu á Akureyri 7.–10. júlí næstkomandi. Hann komst að því að verðið á hótelinu fyrir þrjár nætur væri rúmar 263 þúsund krónur.

Nóttin fyrir tvo í rúmlega 21 fermetra herbergi hefði kostað Þorsteinn 87.755 krónur með morgunverði. Þorsteinn hætti við og bókaði þess í stað ferð til Tenerife.

„Ég er fullkomlega hneykslaður, þetta eru klikkuð verð og komin út yfir allt velsæmi,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að venjulegt fólk hirist ekki á hóteli í þrjá daga fyrir 300.000 kall.

„Ferðaþjónustan virðist ekki hugsuð fyrir okkur,“ segir Þorsteinn sem finnst það synd að Ísland sé ekki fyrir Íslendinga í þessum efnunum.

Síðferðislegt álitafni

Eftir því sem færri herbergi eru laus hækkar verðið samkvæmt venjum sem víða hafa skapast. Ef aðeins tvö til þrjú herbergi eru laus getur verðið farið upp í rjáfur samanber dæmið frá Akureyri. Síðferðislegar spurningar kvikna í þessum efnunum að mati Þorsteins.



Skarphéðinn
Guðmundsson.

Fréttablaðið fann út með bókunarforriti að ein strípuð nótt kostar tvöfalt meira, eða víða um fimmtíu þúsund krónur, á gistingum sem áður buðu upp á brunatilboð þegar heimsfaraldurinn lamaði ferðalög landa á milli.

Ekki alls fyrir löngu voru seld herbergi, kvöldverður og morgunverður fyrir tvo í einum pakka á alls 25.000 krónur. Skammt er því stórra hogg á milli. Þá segja hótelsstarfs-



Skógafoss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

menn að aldrei hafi skipt meira máli en nú í hvaða mánuði gisting er bókuð. Verðmunur milli heitustu þriggja sumarmánaðanna og jafntíma getur verið 150 prósent, jafnvel meiri.

Snorri Pétur Eggertsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðs- sviðs Keahótelanna, staðfestir að verð herbergis geti rokið svona upp ef um síðustu herbergin sé að ræða. Hann vefengir ekki tölur Þorsteins frá Akureyri.

Snorri vísar því á bug að græðgi sé orsök verðlagningarinnar. Hótelverð hafi hækkað um 50 prósent síðan í fyrrasumar. Heimsfaraldurinn, framboð og eftirspurn skýri þessar breytingar.

„Bjargræðistíminn okkar er þrjú mánuðir. Við reynum að fá sem mestar tekjur frá útlendingunum og stílum nánast eingöngu á þá.“

Snorri segir að Íslendingar muni varla sjá á innlendum hótelum í sumar.

„Þeim finnst verðið of hátt,“ segir Snorri. Þetta er mikil breyting, því árið 2020 voru Íslendingar stærsti kúnnahópurinn innanlands. „Núna eru það Amerikanar sem búa til mestar tekjurnar.“

Síðustu 12 mánuði hefur gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal lækkað um sjö prósent. Fyrir einn dollar fást nú 132,5 krónur en fyrir réttu ári fengust 123,8 krónur.

Verð á alþjóðlegum bókunarsíðum er í erlendri mynt. Íslensk hótél fá því sjö prósent herra verð í dag í íslenskum krónum frá bandarískum ferðamönnum miðað við óbreytt verð í krónum í fyrra.

Skarphéðinn Guðmundsson ferðamálastjóri tekur undir með Þorsteini Gunnarssyni að það sé miður ef Íslendingar hafi ekki efni á að ferðast um eigið land í sumar – ekki þá nema í húsbíl eða tjaldi. Skarphéðinn skýrir verðhækkunina

Verð á hótelingu er í hæstu hæðum á Íslandi. Ferðamaður sem hugðist gista þrjár nætur á Akureyri hefði þurft að greiða hátt í 300.000 krónur fyrir herbergitín.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

87.755

krónur ein nótt. Dæmi um gistingu 7.–10. júlí samkvæmt bókunarsíðu miðað við tvo fullorðna í superior herbergi með svölum – herbergisstærð: 21 fermetri – morgunverður innifalinn.



Ég er fullkomlega hneykslaður. Þetta eru klikkuð verð og komin út yfir allt velsæmi.



Þorsteinn
Gunnarsson,
ferðalangur á
Selfossi

auk fyrrnefndra þátta með þróun tekjustýringar.

„Það er auðveldara en var fyrir fyrirtækin að hækka verð. En þeir sem nota þessi kerfi ættu kannski að vera með hámark á verði,“ segir Skarphéðinn.

Spurður um skoðanir erlendra gesta á verði gistingar nú um stundir innanlands segir ferðamálastjóri að viðhorf ferðamanna til þjónustu hér á landi séu linnulaust rannsökuð.

„Það kemur ekki á óvart að ferðamenn telja þjónustu mjög dýra hér.“

Skarphéðinn á þó ekki von á að sumarverðin séu orðin ósjálfbær í þeim skilningi að orðspor af okri leiði til þess að útlendingar hætti að sækja Ísland heim í massavis.

„Hins vegar eru blikur á lofti varðandi haustið,“ segir Skarphéðinn. Meðal annarra þátta nefnir hann stríðið í Úkraínu, erfitt efnahagsástand og óvissu vegna Covid.

„Það er erfiðara en ella að spá fyrir um haustið, því bókunarfyrirvarinn hefur styst.“ ■



Auglýsing um próf til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2022 sem hér segir:

Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum:

Fimmtudaginn 6. október.

Prófið hefst kl. 9 og stendur til kl. 14.

Próf í endurskoðun og reikningsskilum:

Fyrri hluti mánudaginn 10. október.

Seinni hluti fimmtudaginn 13. október.

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 16.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 595/2020 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Próftökugjald er kr. 360.000.- fyrir próf í endurskoðun og reikningsskilum og kr. 120.000.- fyrir próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum. Greiða þarf staðfestingargjald fyrir hvort próf sem er 20% af fjárhæð prófgjalds.

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknunum fyrir mánudaginn 8. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Jóni Arnari Baldurs, Urðarbraut 9, 200 Kópavogi eða í tölvupósti á jon.a.baldurs@gmail.com.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 5. og 7. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 94/2019. Próftakar fá þá senda reikninga fyrir prófgjaldinu og skal allt prófgjaldið vera greitt fyrir 15. september nk.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

Reykjavík, 2. júlí 2022.

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

KRÓNAN


ÞAÐ MÁ LEIKA SÉR AÐ MATNUM!

Pssst ...

**Getur þú fundið
leiðina að ham-
borgaranum?**



**Þú finnur
allt í hamborgara
veisluna hér!**



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Klofnar þjóðir



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Við lifum tíma umróts og átaka á milli frjálsræðis og lýðræðis annars vegar og afturhalds og einræðis hins vegar. Við lifum tíma klofnings innan þjóðríkja – og þess utan hefur myndast vík á milli gamalla bandalagsþjóða sem lengst af hafa deilt sömu gildum.

Þetta er ógnin sem blasir við í Ameríku og Evrópu og raunar víðar um álfur þar sem reynt hefur verið að festa lýðræði og mannréttindi í sessi. Bakslagið er augljóst.

Í Bandaríkjunum hefur myndast hyldjúp gjá á milli kristilegs afturhalds og frjálslyndra lýðræðisafla – og heiti þjóðarinnar hefur breyst í þversögn. Og Sundurríkin eru líklega komin til að vera, slík er illskan á milli þessara ólíku afla sem horfa á réttindi kvenna, þeldökkra og hinsegin fólks frá gerólikum öldum.

Í Bretlandi er þjóðin enn þá klofin á milli unga fólksins sem þráir alþjóðasamvinnu og gamla fólksins sem neitar að horfast í augu við þá sannreynnd að heimsveldið má muna sinn fífil feegurri – og er ekki lengur sjálfbært. Það situr eftir í beiskju sinni, vafið inn í Brexit-lygavefinn og getur sig hvergi hrært.

Í Frakklandi er þjóðin líka að skiptast í tvennt á milli þeirra sem una við núverandi valdhafa og þeirra sem finna þeim allt til foráttu. Uppgangur hægri hatursflokka, sem vefja andmannúðlega stefnu sína inn í bómull, ætlar engan enda að taka í landinu.

Í miðju Evrópu kallast svo sömu ólíku öflin á, eða öllu heldur, úthúða hvert öðru, en þar leika leifarnar af gömlu heimsveldunum á reidiskjálfi – og það er raunar með ólíkindum að Pólland og Ungverjaland heyrir til sama lýðræðisbandalaginu og Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð og Finnland. Það er langur vegur frá því að fyrrnefndu löndin og þau síðarnefndu deili sömu gildum.

Í umsóknarferli Finna og Svía vegna væntanlegrar aðildar að NATO eru menn svo enn og aftur minntir á að innan álfunnar eru einræðisríki enn þá við lýði. Tyrkland er af öðru saudahúsi en flest Evrópulönd hvað lýðréttindi varðar – og Rússland er að grafa sína gröf sem partur af álfunni, en stríðsglæpir þeirra á hendur frændum og nágrönnum í vestri verða seint eða ekki fyrirgefnir.

Bandaríkin og Evrópa loga í átökum. Þjóðir eru þverklofnar. Innan gamla heimsins vex hatur og krafa um að hverfa af braut lýðréttinda og mannúdar. Þetta er staðan. ■

Bandaríkin og Evrópa loga í átökum. Þjóðir eru þverklofnar.

Gunnar



Mín skoðun

Pólitísk tilvistarkreppa



Sif
Sigmarsdóttir

Í meira en aldarfjórðung voru málverk eftir listamanninn Werner Jensen seld í galleríi í Osló. Verkin voru geysivinsæl og greiddu listunnendur allt að 750.000 íslenskra króna fyrir þau. Samkvæmt ferilskrá Jensen hafði hann haldið málverkasýningar í virtum sýningarsölum um heim allan. Olíumálverk hans hengu á veggjum stórfyrirtækja og hann var búsettur í Berlín. Einn hængur var þó á. Werner Jensen var ekki til.

Þegar lögregla heimsótti galleríið í ágúst 2020 kom í ljós að eigandi þess hafði sjálfur málað myndirnar. Norska lögreglan sakaði gallerieigandann um fjársvik. „Werner Jensen er uppskálduð manneskja og er ekki til í alvörunni,“ sagði talsmaður lögreglu. Tvö hundruð málverk eftir Werner Jensen voru gerð upptæk.

Gallerieigandinn var ósáttur. Hann viðurkendi að æviágrip og afrekaskrá Werners Jensen væru skáldskapur. Hann þvertók þó fyrir að um svik væri að ræða og sagði nafnið listamannsnafn eða dulnefni.

Orð og athafnir

Leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi á tilvistarkreppu. „Of margir kjósendur hafa ekki hugmynd um hver Keir Starmer er,“ skrifaði flokksfélagi hans í blaðagrein í vikunni. Hann sagði ímyndarkrísu leiðtogsins, sem legið er á hálsi fyrir að vera litlaus, vera upp á pólitískt líf og dauða. „Hann þarf að skilgreina sjálfan sig áður en andstæðingar hans gera það.“

Leiðtogi Verkamannaflokksins er ekki sá eini sem glímur við pólitíska tilvistarkreppu. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Gallup hefur fylgi Vinstri grænna ekki verið minna síðan 2013. Vinstri græn kunna að klóra sér í höfðinu yfir örlögum sínum. Ástæða hrakfara þeirra er hins vegar augljós.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG, átti í síðustu viku fund með leiðtoga hvítrússnesku stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan í Hvíta-Rússlandi

hefur gagnrýnt harðlega kjöræðismann Íslands þar í landi, Alexander Mosjenskij, sem er náinn forseta landsins, Alexander Lúkasjenko, „síðasta einræðisherra Evrópu“ og helsta bandamanni Pútíns Rússlandsforseta. Ekki var þó rétt um stöðu hins umdeilda kjöræðismanns á fundinum og vildi Katrín ekki svara spurningum um persónulega skoðun sína á samstarfi Íslands og Mosjenskij þegar blaðamenn Stundarinnar leituðu eftir því.

Katrín fór ekki jafnleynt með skoðanir sínar í sömu viku þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna felldi úr gildi fordæmisgefandi úrskurði Roe gegn Wade frá árinu 1973, sem bannaði ríkjum að takmarka rétt kvenna til þungunarrofs. „Gífurleg vonbrigði,“ sagði hún í færslu á samfélagsmiðlinum Twitter. Ekki fylgdi þó sögunni hvað henni finnst um að dómsmálaráðherra hennar eigin ríkisstjórnar hafi kosið gegn nýlegu frumvarpi um aukna heimild kvenna á Íslandi til þungunarrofs.

Vinstri græn eru eins og Keir Starmer. Svo djúp gjá er á milli orða þeirra og athafna, fagurra fyrirheita og ákvarðana ríkisstjórnarinnar sem þau heita að leiða, að kjósendur hafa ekki hugmynd um hver þau eru. „Rétt eins og flokkurinn hefur þegar sannað að hann er ekki lengur vinstrihreyfing með þjónkun sinni við efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins, þá er nú morgunljóst að hann er ekki heldur grænt framboð,“ sagði Illugi Jökulsson í pistli á Stundinni þar sem hann gagnrýndi Vinstri græn fyrir nýsamþykktta rammaáætlun.

Gallerieigandinn í Osló er í vanda. Vonsviknir viðskiptavinir hafa kært hann og gert fjárkröfur á hendur honum sem nema tæpum einum og hálfum milljarði íslenskra króna. Werner Jensen er hins vegar í góðum gir. Hann er farinn að mála aftur og selur nú verk sín á netinu.

Dulnefni? Listamannsnafn? Kannski eru Vinstri græn einfaldlega ekki til. ■

Blaðið með bollanum

Fréttablaðs appið gerir þér kleift að lesa blað dagsins í snjalltækinu þínu, þegar þér hentar.

Taktu Fréttablaðið með þér í friið.



Undir sama þaki

Fasteignaskrá og fasteigna- og brunabótamat flytjast til HMS

1. júlí flytjast Fasteignaskrá og fasteigna- og brunabótamat frá Þjóðskrá til HMS. Um leið verður öll skráning og mat fasteigna hluti af starfssviði okkar. Markmiðið er að einfalda og efla þjónustu við sveitarfélög, almenning og aðra hagaðila í málefnum húsnæðis og mannvirkja á Íslandi.

Við stefnum að því að ljúka yfirfærslu allra kerfa fyrir 1. september og leggjum ríka áherslu á að ekkert rof verði á þjónustu þangað til.

Við tökum vel á móti erindum viðskiptavina okkar í síma 440 6400, með tölvupósti á hms@hms.is og á skrifstofum okkar að Borgartúni 21 í Reykjavík, Ártorgi 1 á Sauðárkróki og Hafnarstræti 107 á Akureyri.

hms.is





Peter Schmeichel, hetja Dana frá EM 1992, fagnar með liðsfélögum sínum en Danir nýttu regluna um að það mætti senda til baka á markmann til hins ítrasta á mótinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Árið 1992 er eitt stærsta ár í sögu knattspyrnunnar.

Hjörvar Hafliðason

Allt annar leikur



Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is

Enska úrvalsdeildin, Meistaradeildin, markmenn máttu ekki lengur taka boltann upp eftir sendingar til baka, þrjú stig fyrir sigur á stórmóti og ýmislegt annað. Sumir segja að fótboltinn hafi jafnvel verið fundinn upp fyrir þrjátíu árum. Hann allavega gjörbreyttist.

FÓTBOLTI Þrjátíu ár eru síðan Danir urðu Evrópumeistarar. Sé horft á úrslitaleikinn má sjá hvernig Danir nýttu sér til hins ítrasta að markmenn máttu taka boltann upp eftir sendingu til baka. Það er í raun kvöl og pína að horfa á leikinn því Peter Schmeichel nær að teftja leikinn út í hið óendanlega með því að taka við sendingum félaga sinna og bíða eftir að Jürgen Klinsmann eða Rudi Völler pressa á hann.

Reglunni var svo breytt sem betur fer og meiri hraði tók að einkenna fótboltann.

Á lokasekúndum úrslitaleiksins gaf Stefan Reuter til baka á Bodo Illgner sem tók boltann upp og þrumaði fram völlinn. Þá var flautað til leiksloka. Þetta var því síðasta sending varnarmanns til markmanns á stórmóti.

Allt var betra í gamla daga, er stundum sagt, en HM 1990 og EM 1992 eru allt annað en skemmtileg mót vegna þess að markmenn máttu taka boltann upp. Þessi reglubreyting er ein sú allra besta sem hefur komið fyrir fótboltann.

„Það hefur engin ein regla haft jafn mikil áhrif á leikinn eins og þessi,“ segir Hjörvar

Hafliðason knattspyrnusérfræðingur.

Allir þurftu að læra og það hratt. Sumir ætluðu þó að sleppa auðveldlega. Á undirbúningstímabilinu æfðu liðsmenn Nottingham Forest að gefa á Brian Law sem vippaði boltanum upp og skallaði til baka á markvörðinn Mark Crossley. FIFA gaf út yfirlýsingu í kjölfarið og hótaði liðum sektum ef þau væru að reyna að komast fram hjá nýju reglunni.

Samfélagskjöldurinn 1992, milli Leeds og Liverpool, var og er enn stórkostleg skemmtun því Bruce Grobbelaar og John Lukic stóðu milli stanganna hjá liðunum. Ekki kannski frægustu menn í heimi fyrir fótafimi en frábærir markmenn.

Í fyrsta sinn sem Lukic þrumaði boltanum frá eftir sendingu til baka sagði hinn goðsagnakenndi lýsir, Andy Gray, að reglubreytingin væri þvæla enda gerðu markmennirnir varla annað en að þruma í áhorfendur eftir sendingu til baka.

Fyrstu mánuðirnir af hinum nýja enska bolta voru stórkostleg skemmtun enda voru varnarmenn og markmenn í miklu veseni með að aðlagast. Vellirnir voru enn þá mikil drullusvöð og þetta leit ekkert vel út.

FIFA henti í yfirlýsingu og sagði að það væri engin færni í því að standa milli stanganna og halda á boltanum. Það væri ekki fótbolti. Reglunum yrði ekki breytt til baka.

Draumurinn frá '87 rættist

Fótboltinn fyrir 30 árum var allt öðruvísi og á ákveðnum tímamótum. Englendingar ákváðu að stofna Úrvalsdeildina sem breytti landslaginu svo eftir var tekið. Fram að því hafði enski boltinn verið aðhláturserfni fyrir vellina sína, ofbeldi og hegðun áhorfenda og litla peninga. Liðin gátu farið að semja sjálf um sjónvarpspeninga og söguna þekkja trúlega flestir.

Ensk lið eru nú þau bestu í heimi, með mestu peningana, mesta sjónvarpsáhorf og nánast alla bestu leikmenn heims í sínum röðum.

Þetta ár, 1992, var líka kynnt til sögunnar Meistaradeildin svona nánast eins og við þekkjum hana



Bruce Grobbelaar átti erfitt að venjast nýju reglunni um að geta ekki tekið boltann upp með höndum eftir sendingar samherja sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Brian McClair, Paul Parker og Ryan Giggs fagna fyrsta titlinum í nýstofnaðri úrvalsdeild á Englandi.

í dag. Evrópukeppni Meistaraliða fór á hilluna og draumur Lennart Johansson, forseta UEFA, varð að veruleika. Hann hafði séð þegar Real Madrid vann Diego Maradona og hans menn í Napoli 1987 í fyrstu umferð en við það hrundi áhorf á keppnina á Ítalíu, sem þá var einn stærsti sjónvarpsmarkaðurinn. Hugmyndir kviknuðu sem urðu loks að veruleika 1992.

Draumalið Johan Cruyff hjá Barcelona vann síðasta leikinn sem hét úrslitaleikur Evrópukeppni Meistaraliða. Þá máttu aðeins þrjár útlendingar vera í liðunum. Barca hafði Ronald Koeman sem skoraði sigurmarkið, Michael Laudrup og Hristo Stoichkov. Það breyttist með Bosman-reglunni árið 1995.

Þriggja stiga reglan var kynnt til leiks árið 1981 en téð EM árið 1992 var síðasta stórmótið til að notast við tveggja stiga regluna. Danir fóru áfram með þrjú stig. Þeir byrjuðu á jafntefli við Englendinga, töpuðu fyrir Svíum en unnu svo Frakka og komust í undanúrslitin. Þar unnu þeir Hollendinga í vítaspyrnukeppni og Þjóðverja í úrslitaleik. Þegar HM fór fram í Bandaríkjunum tveimur árum síðar var þriggja stiga reglan komin í gagnið.

„Árið 1992 er eitt stærsta ár í sögu knattspyrnunnar. Þetta er stórmerkilegt ár bæði með stofnun ensku úrvalsdeildarinnar, Meistaradeildarinnar og þessari reglubreytingu,“ segir Hjörvar. ■

Markvörður Marseille, Fabien Barthez, með Meistaradeildar-bikarinn en Marseille er eina franska liðið sem hefur unnið Meistaradeild Evrópu og gerði það á fyrsta ári keppinnar með nýju fyrirkomulagi.



Marseille er enn eina franska liðið sem hefur unnið Meistaradeild Evrópu.

NÝR LAND ROVER DISCOVERY

GERIR HVERJA FERÐ AÐ ÆVINTÝRI



ABOVE & BEYOND

landrover.is



Bíll á mynd R-Dynamic HSE

FJÖLHÆFASTI SJÖ SÆTA JEPPINN Á MARKAÐNUM

Við kynnum nýja árgerð þar sem búið er að nostra við smáatriðin og færa þennan fágaða og fjölhæfa sjö sæta jeppa enn nær fullkomnun.

LAND ROVER DISCOVERY D250 SE. Verð: 15.690.000 kr.


LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

LÝKUR Á
MÁNUDAG

SUMAR ÚTSALA



30%

SCOTT

Hornsófi. Vinstri. Koníakslitað bonded leður. 293 x 217 x 85 cm.

195.993 kr. ~~279.990 kr.~~

30%



ABSALON

Olíuborin eik, svart split leður.

2ja sæta. 147 x 83 x 84 cm.

3ja sæta. 206 x 83 x 84 cm.

160.993 kr. ~~229.990 kr.~~

202.993 kr. ~~289.990 kr.~~

35%



SMILE BUTTON

Tungusófi, hægri eða vinstri.

Dökkgrátt áklæði.

274 x 156 x 85 cm.

246.994 kr. ~~379.900 kr.~~

20%



PINTO

4ra sæta sófi í Kentucky

koníak eða Stone bonded

leðri. 253 x 97 x 85 cm.

199.992 kr. ~~249.990 kr.~~

30%



DC 3600

3ja sæta sófi. Svart Savoy split

leður. 202 x 80 x 80 cm.

209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

30%



SICILIA

3ja sæta sófi. Dökkgrátt

áklæði. 196 x 94 x 92 cm.

132.993 kr. ~~189.990 kr.~~

40%




GIRONA

Hornsófi, hægri.

Dalton grænt áklæði.

262 x 202 x 82 cm.

143.994 kr. ~~239.990 kr.~~



CLEVELAND

Hornsófi, vinstri. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. 308 x 203 x 81 cm. 139.993 kr. ~~199.990 kr.~~



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR AF
BROSTE

b
BROSTE
COPENHAGEN



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

Reykjavík
Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

RICHMOND

Borðstofuforð. Olíuborin eik, síldarbeinamynstur. Ø120 cm.

49.995 kr. -99.990 kr.



50%

30%

YORK Borðstofustóll.

Dökkgrátt áklæði eða brúnt eða svart leðurlíki.

18.893 kr. -26.990 kr.



20%



MUUBS SPACE

Borðstofuforð. Reykt eik. Ø120 cm.

239.992 kr. -299.990 kr.



ECLIPSE

Borðstofuforð. Grár askur. 200 x 110 x 77 cm.

209.993 kr. -279.990 kr.



RIVERDALE LYNN

Borðstofustóll. Taupe sléttflauel.

22.493 kr. -29.990 kr.



HYPE

Borðstofustóll. Grátt sléttflauel.

14.796 kr. -36.990 kr.



ZIMMER

Borðstofustóll. Grátt áklæði.

23.996 kr. -59.990 kr.



BRISTOL

Hægindastóll. Svart leður.

119.993 kr. -159.990 kr.

25%



25%

CLOUD

Counterstóll. Sléttflauel.

25.493 kr. -33.990 kr.



50%

VALE

Armstóll. Ljósbrúnn eða svartur.

34.995 kr. -69.990 kr.



30%

CANNES

Hægindastóll, ýmsir litir.

139.993 kr. -199.990 kr.



25%



VISTA Skenkur með 6 hurðum.

183 x 43 x 90 cm. **104.993 kr. -139.990 kr.**



50%

ALINA Skenkur, spónlögð reykt eik.

160 x 45 x 72 cm. **84.995 kr. -169.990 kr.**



50%

ALINA Skápur, spónlögð reykt eik.

72 x 36 x 145 cm. **69.995 kr. -139.990 kr.**

STOCKHOLM

Útisófi. 3ja sæta.

212 x 88 x 80 cm.

122.493 kr. -174.990 kr.



ÚTSALA 30-50% AF SUMAR-HÚSGÖGNUM



HÚSGAGNA HÖLLIN



BJORK@FRETTABLAÐID.IS

Allir í sama mót

Raddmálsstefna sú er var við lýði í um 100 ár til ársins 1980 og var meðal annars fylgt hér á landi, gekk út á að bann var við því að kenna heyrnarlausum börnum táknmál í skólum. Frekar skildu börnin læra að tala með rödd sinni og lesa af vörum. Samkvæmt frásögn Júlíu Guðrúnar Hreinsdóttur, döff fræðikonu sem prýðir forsíðu þessa tölublaðs, er allur gangur á því hvort heyrnarlausir geti almennt lært að nota rödd sína og að lesa af vörum er langt í frá eins auðvelt og það kann að hljóma.

Stefnan var því stórvægilegt brot á mannréttindum þessara barna sem misstu mikilvægt tækifæri til málþroska, menntunar og tjáningar. Með því að meina þeim að læra og tjá sig á því tungumáli sem þeim er þjálást voru þau ekki aðeins svipt tækifæri til menntunar, enda fór bóknámið forgörðum þegar nemendur skildu ekki efnið, heldur einnig tækifæri til að ná fullum tókum á tungumáli almennt. Það er sárt að hugsa til ungra barna sem síðar urðu fullorðnir einstaklingar án þess að fá að taka virkan þátt í samfélaginu vegna undarlegra hugmynda hinna heyrandi um að steypa alla í sama mót.

Það er meira en sárt, það er skömm að því. ■



Frekar skyldu börnin læra að tala með rödd sinni og lesa af vörum.



Að veitingastaðnum standa þeir Gísli Björnsson, Jón Ágúst Hreinsson og Viktor Már Kristjánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Seltirningar ánægðir með að líf sé aftur í húsinu

Nýlega var opnaður á Seltjarnarnesi nýr veitingastaður, Ráðagerði, í sögufrægu húsi í sveitarfélaginu sem ber sama nafn. Að veitingastaðnum standa þeir Gísli Björnsson, Jón Ágúst Hreinsson og Viktor Már Kristjánsson.

lovisa@frettabladid.is

„Ég og Nonni höfum tengingu við Nesið. Konan mín er alin upp á Bollagörðum og öll tengdafjölskylda konu Nonna tengist Nesinu og býr annað hvort í 170 eða 107 í Vesturbænum. Þetta er auðvitað allt samgróid,“ segir Gísli og bætir við:

„Þetta hefur gengið rosalega vel, ég segi ekki eins og í sögu, en frá því að við opnuðum hafa margir komið og ég held að allir séu ánægðir með að húsið sé búið að fá líf aftur og með þjónustuna. Það er fyrir öllu.“

Lóðin á sér langa sögu, allt til ársins 1703, en húsið sjálft var byggt á árunum 1880 til 1885. Húsið er eitt vestasta hús bæjarins. Á vef Seltjarnarnesbæjar kemur fram að margir ábúendur hafi verið í Ráðagerði frá upphafi en árið 1997 var húsið keypt og endurgert í upprunalegri mynd. Bærinn keypti það svo í byrjun árs 2018 og setti það á sölu árið 2020. Þeir Gísli, Jón Ágúst og Viktor Már gerðu kauptilboð í húsið það ár og fengu það svo afhent í júlí árið 2021.

Settu eldhúsið í bílskúrinn

Gísli segir að eitt hafi leitt af öðru og þeir endað á því að taka allt húsið í gegn. Hann segir að margt hafi verið búið að gera þegar fyrri eigandi gerði það upp og þeir hafi þannig að einhverju leyti verið að klára þá vinnu. Vegna þess að húsið er fríðað ákváðu þeir að gera eldhúsið upp í gamla bílskúrnum.



Pallurinn við staðinn er virkilega rúmgóður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Það er líka hægt að sitja inni.

„Það var gert með tilliti til hússins sjálfs. Það hefði verið fönður að koma því fyrir þar inni,“ segir Gísli en að vegna þess hafi þeir þurft að smíða tengingu á milli húsanna.

Leituðu til fyrri eigenda

Gísli segir að eftir að þeir keyptu húsið hafi þeir grafið upp sögu þess og endað á því að hafa samband við fyrri eigendur til að vita sögu þess.

„Það var svo þannig að við vorum oft að heyra sögur af þessu húsi frá birgjum úti í bæ og við skildum ekki hvernig stóð á þessu. Við vorum komnir á það að þetta hefði verið 20 manna fjölskylda en svo kom í ljós að Anna og Kristinn, sem áttu húsið, tóku reglulega að sér börn annarra,“ segir Gísli og annar fyrri

eigandi, Guðríður Kristinsdóttir, bauð reglulega ungu fólki í háskólanámi að leigja af sér herbergi.

„Þegar við heyrdum þetta þá vildum við enn frekar gera þetta að einhverjum svona hverfisstað og samkomuhúsi. Að fólk gæti stoppað hérna við á morgnana, fengið sér kaffi og hitt nágrannana, auk þess sem það verður auðvitað alltaf hádegis- og kvöldmatúr í boði,“ segir Gísli.

Boðið er upp á ýmislegt á staðnum eins og ítalska aperitivo-stund og svo pitsur. „Það er auðvitað eitt það alislenskasta: föstudagspitsan, heimabökuð eða keypt.“

Ráðagerði er opið frá klukkan 9 á morgnana og til 23 á kvöldin. Eldhúsið er opið frá 11 til 22. ■

Við mælum með

Öllu í blóma í Hveragerði

Tónlistarhátíðin Allt í blóma, sem ætluð er fyrir alla fjölskylduna, hófst í gær í Lystigarðinum í Hveragerði og stendur yfir helgina. Í dag, laugardag, hefst barnahátíð klukkan 15 með Wally trúð, Tónafljóði, hoppukastala og loftbolta. Suðurlandsdjazz verður klukkan 15.00 á útisviði og klukkan 18 kemur Benni B Ruff fólkinu í réttan gir fyrir kvöldið en stórtónleikar verða á sviðinu frá klukkan 20. Þar koma fram Jón Jónsson, Stebbi Jak, Jógvan Hansen, Unnur Birna og Guðrún Árný ásamt hljómsveit.

Í tjaldinu verður dansleikur frá klukkan 23 til 02 með þeim Stefáni



Hilmarssyni og Gunna Óla en fleiri munu stíga á stökk – heyrst hefur að mögulega verði einhverjir söngvararar útítónleikanna enn á svæðinu. Markaðstjald verður í Lystigarðinum báða dagana og hægt að kaupa fljótandi veigar á góðu verði. Frítt er á þá viðburði sem eru á útisviðinu en rúkað fyrir það sem gerist inni í tjaldinu. ■

Við þurfum ekki, eigum ekki og megum ekki vera í biðflokk



Ólafur Arnarson

Ísland er land mikilla þversagna. Efnahagsspár benda til mikils hagvaxtar og aldrei hefur landinn eytt eins miklu erlendis og nú.

Ferðamennirnir eru komnir á ný og hótél á Íslandi aftur orðin of dýr fyrir mörlandann.

Mikil þensla er á atvinnumarkaði og á næstu árum vantar 9.000 sérfræðinga, 8.000 manns í ferðaþjónustuna og 2.000 iðnaðarmenn. Landið er gjöfult og gott en samt virðist okkur ekki takast að byggja upp samfélag sem tekur utan um þá sem minna mega sín.

Þjóðartekjunum er mjög mis-

skipt og er það líkast til ástæðan fyrir því að á sama tíma og þúsundir Íslendinga búa við sáran skort hagnast ein atvinnugrein um 100 milljarða á einu ári vegna einkaaðgangs að sameiginlegri þjóðarauðlind.

Í þessu ríka landi er ekki hægt að tryggja öllum íbúum aðgengi að boðlegri heilbrigðisþjónustu. Það vantar fjármagn. Ekki vantaði hins vegar fjármagn þegar splæsa þurfti tveimur og hálfum milljarði í að búa til nýtt ráðuneyti til að liðka fyrir endurnýjun ríkisstjórnarsamstarfs síðastliðið haust.

Ráðafólki þessa lands finnst það í góðu lagi að hér sé alvarlegur og viðvarandi húsnæðisskortur, fasteignaverð rjúki upp úr rjáfrinu og greiðslubyrði íslenskra íbúðakaupenda sé tvöföld og jafnvel þreföld það sem tíðkast í okkar nágrannalöndum. Þessu ætlar ríkisstjórnin ekki að breyta.

Seðlabankinn gerir illt verra – honum má líkja við Hróa hött með öfugum formerkjum. Hann flytur fjármagn frá þeim fátæku til hinna ríku. Vaxtahækkanir hans færa milljarða frá íbúðakaupendum til fjármálfyrirtækja og fjármagns-



Ríkisstjórnin er furðuleg blanda afturhalds- og vinstri-stjórnar.

eigenda. Ungar fjölskyldur eru settar á vonarvöl. Verst er að bankinn hefur önnur ráð en er fastur í 19. aldar peningastjórn.

Ríkisstjórnin er kyrrstöðustjórn. Á það hefur verið bent að ríkisstjórnin hefur sett bráðnaðsýnleg orkuskipti í biðflokk.

Ríkisstjórnin er furðuleg blanda afturhalds- og vinstri-stjórnar – samsúða ósamstæðra flokka, sam-mála um það eitt að verja sterka sérhagsmuni og setja grundvallarhagsmuni í biðflokk.

Ríkisstjórnin setur Ísland í biðflokk. Höfum við efni á því? ■

NÓA

NÓA
**TROMP
HVELLUR**

LIQUORICE AND COCONUT MASS COATED WITH CHOCOLATE AND RICE KRISPIES. Ingredients: Sugar, wheat flour, glucose syrup, cocoa butter, cocoa mass, whole milk powder, skimmed milk powder, invert sugar, fully hydrogenated coconut fat, desiccated coconut (1%), liquorice extract, rice, flavouring (including barley malt, vanillin (glycerol), gelatin, table salt, colour (E100, stabiliser (E471), emulsifier (soya lecithin), vegetable oils (coconut and rapeseed), glazing agent (E904), Cocoa dry solids in chocolate min. 37%. Produced in a factory which works with milk, soya, tree nuts and wheat.

LAKRIDS OG KOKOSMASSE OVERTRUKKET MED CHOKOLADE OG RICE KRISPIES. Ingredienser: Sukker, hvede, glukosesirup, kakosmør, kokosmasse, melkepulver, skummelkepulver, invertsukker, fuldt hydrogeniseret kokosfedt, kokosmel (1%), lakrids ekstrakt, na. aroma (inklusive byg malt), lugtforstærkende middel (glycerol), gelatin, bordsalt, farve (E100), stabilisator (E471), emulgator (sojalecitin), vegetabiliske olier (kokos og raps), overfladebeholdningsmiddel (E904). Kakaoindhold mindst 37% i chokolade. Producenter i en fabrik, der arbejder med mælk, soya, træmødder og hvede.

LAKRITZE UND KOKOSMASSE MIT SCHOKOLADEN UND REIS KRISPIES ÜBERZOGEN. Zutaten: Zucker, Weizen, Glukosesirup, Kakaoölchen, Kokosmasse, Vollmilchpulver, Magermilchpulver, Invertzucker, Invertzucker, rapsöl, raffiniertes Kokosöl, Kokosmehl (1%), Lakritzextrakt, Reis, Aroma (inschließlich Gerstenmalz), Feuchthaltemittel (Glycerin), Gelatine, Speisesalz, Farbe (E 100), Stabilisator (E 471), Emulgator (Sojalecithin), Pflanzenöle (Kokos- und Raps), Überzugsmittel (E904), Kakao: 37% mindestens in Schokolade. Produziert in einer Fabrik, die mit Milch, Soja, Baumüssen und Weizen arbeitet.



NÓA

**TROMP
HVELLUR**

**TAKMARKAÐ
MAGN**

SMAKKAÐU Í HVELLI!

Lungamjúkt og ómótstæðilegt Tromp falið inn í stökku og krispí mjólkursúkkulaði.

Júlia Guðný Hreinsdóttir fæddist heyrnarlaus og fór í Heyrnleysingjaskólann aðeins fjögurra ára gömul. Þar var slegið á fingur nemenda ef þeir reyndu að nota táknmál, enda áttu allir að læra að tala með rödd og lesa af vörum. Nýverið skilaði Júlia meistaratgerð við Háskóla Íslands, á sínu eigin máli, táknmáli.

Júlia Guðný fæddist árið 1964 í Vestmannaeyjum. „Við tvíburabróðir minn fæddumst bæði heyrnarlaus eftir að móðir okkar fékk rauðu hundana á meðgöngunni,“ segir Júlia. Hún segir mikið hafa verið um fæðingar heyrnarlausra barna í kjölfar þess að mæður sýktust af veirunni á meðgöngu. „Þessi árgangur heyrnarlausra var mjög stór í öllum heiminum, aðallega vegna rauðu hundanna, og hér á landi voru börnin 35 talsins.“

Júlia og tvíburabróðir hennar, Arnþór, lærðu að tjá sig hvort við annað þótt engin táknmálskennsla væri í boði.

„Við systkinin bjuggum til okkar eigið táknmál heima. Fjölskyldan skildi það ekki, heldur aðeins einfaldar bendingar eins og að borða og drekka og slíkt.“

Fjölskyldan neyddist til að flytja frá Vestmannaeyjum þar sem foreldrar Júliu höfðu nýverið lokið við að byggja sér heimili, svo tvíburarnir kæmst í Heyrnleysingjaskólann sem starfræktur var í Reykjavík frá 1909 til 2002.



Inni í kennslustundum var táknmál bannað og kennarinn talaði bara með rödd sinni – og slegið var á hendur barna ef þau lyftu þeim til að tala táknmál og þau skömmuð.

„Við fórum fjögurra ára gömul í Heyrnleysingjaskólann. Flest heyrnarlaus og döff börn á Íslandi fóru í heimavist í þeim skóla. Þessi börn voru kannski alveg mállaus heima fyrir enda gátu þau ekki talað með rödd sinni og höfðu ekki lært táknmál. Við systkinin vorum heppin að því leyti að við vorum tvö og gátum talað hvort við annað.“

Táknmál bannað í 100 ár

Í Heyrnleysingjaskólanum töluðu kennarar aftur á móti hvorki né kenndu táknmál enda táknmálskennsla bönnuð í skólum hér á landi fram til ársins 1980. Fram að því var hér, eins og víða annars staðar í heiminum, farið eftir svokallaðri raddmálsstefnu sem gekk út á að kenna heyrnleysingjum að tala og lesa af vörum. Sú stefna var við lýði í meira en öld.

Eldri nemendur Heyrnleysingjaskólans höfðu þó lært táknmál sem færst hafði kynslóða á milli og það sama var uppi á teningnum þegar Júlia og Addi bróðir hennar skráðust í skólann á sjöunda áratugnum.

„Eldri nemendurnir spjölluðu saman í frímínútum og við sem lærðum af þeim eigum þeim mikið að þakka. Inni í kennslustundum var táknmál bannað og kennarinn talaði bara með rödd sinni – og slegið var á hendur barna ef þau lyftu þeim til að tala táknmál og þau skömmuð,“ segir Júlia.

Náðum ekkert að mennta okkur Spjall okkar Júliu fer fram með aðstoð táknmálstúlks og bendir Júlia réttilega á að túlkurinn sé



Júlia Guðný gekk í Heyrnleysingjaskólann þegar táknmál var alfarið bannað og heyrnarlaus börn áttu að læra að tala og lesa af vörum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALL

Ég er döff og ég er stolt af því



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

okkur báðum til aðstoðar, ekki einungis henni, enda blaðamaður algjörlega ófær á táknmáli.

„Það var mjög erfitt að reyna að fylgjast með í kennslustundum en við reyndum þó að hjálpa hvert öðru með útskýringum. En þetta var mikil tímaeyðsla því við náðum ekkert að mennta okkur. Markmiðið var bara að kenna okkur að lesa af vörum og læra að tala,“ rifjar Júliu upp en hún segir allan gang á því hvort döff einstaklingar geti lært að beita rödd sinni svo vel sé. „Það var voða lítið verið að kenna okkur námsefnið og námsbækur fáar.“

Heyrandi kennarar kenndu



Ég get hoppað á milli tveggja heima og kannski af því ég er stolt í eigin skinni þá hefur mér vegnað vel.

heyrnarlausum börnunum og þó að Júlia beri þeim vel söguna, kunnu þeir ekki táknmál.

„Þeir réðu því ekkert við að kenna okkur stærðfræði, landafræði og þess háttar, enda kunnu þeir ekki tákn fyrir neitt slíkt. Við gátum ekki lesið og ekki spurt kennara úti það sem við ekki skildum. Það var líka mjög þreytandi að reyna að skilja og lesa af vörum, það fer mikil orka í það.“

Varalestur skilar þrjátíu prósent Júlia prófar blaðamann í varalestri og er hreinskilnast að segja bara strax að ég hafi kolfallið á prófinu.

Mér til varnar hvet ég þig, lesandi góður, til að prófa orðin bílskúr, pítsa og pylsa á öðrum heimilismedlimum og sjá hvað endar á kvöldverðarborðinu í kvöld.

„Það hefur verið sýnt fram á það í rannsóknnum að hvort sem maður er heyrandi eða heyrnarlaus nær maður aðeins um 30 prósentu skilningi með því að lesa af vörum,“ segir Júlia.

Eins og fyrr segir fluttu heyrnarlaus börn yfirleitt snemma á heimavist Heyrnleysingjaskólans en fyrir hvatningu afa síns bjuggu þau systkinin alltaf í foreldrahúsum.

„Mamma var á báðum áttum >>



Tax free

SNYRTIVÖRU
DAGAR

Taxfree* af öllum snyrtivörum
30. júní - 6. júlí

Heill heimur af snyrtivörum
á hagkaup.is

HAGKAUP

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

» enda nýbúin að byggja hús í Vestmannaeyjum en afi hvatti okkur til að flytja. Faðir hans hafði druknað og langamma var þá ein eftir með sex börn og þurfti að setja afa minn í fóstur sex ára gamlan þar sem hann upplifði þrældóm. Hann vildi ekki að við værum í slíkri hættu og hvatti því foreldra mína til að selja húsið og flytja í bæinn. Mamma hágrét og vildi vera áfram í Vestmannaeyjum og ég man eftir að hafa sagt við hana huggandi: „Þegar við verðum stærri geturðu farið aftur til Vestmannaeyja. Svo þegar kom að því vildi hún þó bara vera áfram.“

Þekktu varla fjölskyldur sínar

Júlía og bróðir hennar fóru því heim til fjölskyldunnar eftir skóla en hún minnst þess að börn utan af landi hafi heimsótt frændfolk um helgar.

„Ég hef spurt fólk hvernig því leið á heimavistinni og því fannst gott að geta tjáð sig þar með tákn máli en auðvitað var þetta líka mjög sorglegt. Þau jafnvel þekktu varla fjölskyldu sína. Fjölskyldu-meðlimir kunnu ekki tákn mál og því var erfitt að eiga samskipti og börnin þekktu ekki hina og þessa ættingja. Ég var því mjög heppin að geta alltaf farið heim en það var þó ýmis þekking sem maður fær frá fjölskyldunni sem ég missti ég af, ég vissi hvað amma og afi hétu en ekki margir aðrir í stórfjölskyldunni.“

Júlía segir samskiptin við foreldra sína hafa verið einföld. „Þetta voru engar djúpar samræður heldur einfaldar skipanir eins og: Komdu að borða, farðu að sofa og þar fram eftir götunum.“

Tákn mál varð opinbert mál

Júlía hefur verið ötul baráttukona fyrir viðurkenningu íslenska tákn málsins sem sjálfstæðs tungumáls. Árið 2011 var það fært í lög að opinber tungumál á Íslandi skyldu vera íslenska og íslenskt tákn mál. „Það þurfti mikla baráttu til að fá þetta í gegn og var mikil viðurkenning, en við erum í raun svolítið vonsvikin yfir hversu lítið gerðist. Ekkert fjármagn fylgdi lögumum og enn er aðgengi okkar að samfélaginu hindrað.“

Nýverið skilaði Júlía meistara-ritgerð við Háskóla Íslands og ber ritgerðin titilinn: Baráttusaga íslenska tákn málsins: Ástæður og áhrif laga- legrar viðurkenningar. Ritgerðinni skilaði Júlía á myndbandsformi á tákn máli og er það í annað sinn í sögu skólans sem ritgerð er skilað á þann hátt.

Í ritgerðinni fer Júlía ofan í söguna og áhrif hennar eins og titillinn ber með sér, og segist hún hafa séð fyrir sér ákveðinn þríhyrning.

„Menningin, tungumálið og sjálfsmýndin, þetta er eins og þríhyrningur. Ef maður hefur ekki málið, getur sjálfsmýndin ekki verið góð. Þetta er samofið. Málið er svo stór hluti af stolti manns og sjálfsmýnd – það að geta sagt brandara og tjáð sig óheft. Allt þetta mótar menningu manns.“

Júlía segist mjög þakklát háskólanum þar sem hún fékk góða þjónustu. „Ég óskaði eftir tákn málstúlkni en líka að fá glósur. Það er erfitt að fylgjast með túlknum og glósa, ég þarf að horfa á túlkinn og ef ég lít niður missi ég af einhverju. Svo háskólinn borgaði laun fyrir mann- eskju sem glósaði fyrir mig og sendi mér undir lok dags.“

Mikilvægt að fá tákn mál strax

Júlía segir mikilvægt að gefa heyrnarlausu barni strax mál á meðan málstöðvarnar eru móttækilegar. „Við sjáum það bara að þessi raddmálsstefna virkar ekki en tvítyngi er frábært,“ segir Júlía sem sjálf er tvítyngd, hún talar tákn mál og skrifar og les íslensku auk þess að geta myndað raddhljóð.

„Það er mjög mikilvægt að heyrnarlausu barni fái tákn mál strax, hvort sem það notar heyrnartæki eða er með kuðungsgræðslu, enda heyrna-



Júlía segist lifa í tveimur heimum og sér finnst gott að geta flakkað á milli þeirra eftir hentisemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

engir tveir heyrnarskertir nákvæmlega eins. Það er mikilvægt að nota allar leiðir til tjáningar. Slíkur tvítyngdur einstaklingur getur orðið mjög sterkur námslega enda styðja málin hvert annað. Ef barn fær ekki mál á fyrstu þremur árunum hefur það mjög mikil áhrif á hæfni þess til að læra. Við erum mörg heyrnarlaus sem erum ekkert mjög góð að lesa eða mjög góð í íslensku, enda fengum við ekki þennan grunn þegar við vorum yngri.“

Málstöðvar á sama stað

Viðhorfin gagnvart tákn máli eru þó misjöfn og segist Júlía skilja það að einhverju marki. „Það er auðvitað áfall að eignast heyrnarlausu barn og að barnið læri jafnframt tungumál sem þú ekki skilur. Ég skil mjög vel að heyrandi foreldrar vilji bara bara að barn þeirra læri að tala íslensku. En við vitum að vitsmunapróska þarf að örva strax og að málstöðvarnar fyrir tákn mál og raddmál eru á sama stað í heil- anum.“

Júlía segir að fyrir árið 1880 hafi heyrnarlausir almennt verið vel menntaðir og skrifandi enda tvítyngi þeirra samþykkt. Eftir að raddmálsstefna með tilheyrandi tákn málsbanni hafi dreifst um heiminn upp úr árinu 1880 hafi heyrnarlausir einangrast og menntun þeirra farið niður á við.

„Það var svo William Stokoe, prófessor í málvisindum, við Gallaudet-háskólann í Bandaríkjunum, háskóla fyrir heyrnarlausu, sem var fenginn árið 1960 til að gera tákn málsorðabók. Hann fann þá sannanir fyrir því að tákn mál væri fullgilt mál. Hann fór að flytja fyrirlestra og smám saman dreifðist fræðslan um heiminn og kom um 1980 til Norðurlandanna. Árið 1985 var farið að tala um þetta hér á landi. Ég hef því upplifað tvöna tíma, þessa raddmálsstefnu og svo tvítyngið, en sem betur fer þróaðist þetta í þá réttu átt.“

Klóraði sig í gegnum menntaskóla

Júlía var þrátt fyrir mótlætið ákveðin í að mennta sig og eftir grunnskóla fór hún í Fjölbrautaskólann við Ármúla.

„Við byrjuðum þar fimm heyrnarlausu en þrjú okkar gáfust upp enda fengum við ekki túlk og skildum ekki neitt. Við vorum þó tvær sem fórum þetta áfram á þrjúskunnunni og kláruðum námið. Við vissum ekkert hvað var að gerast í kringum okkur en reyndum að klóra okkur í gegnum bækurnar og ég man hversu svakalegan tíma heimaverkefni tóku.“

Árið 1986 fór Júlía í Þroskaþjálfaskólann og fékk þá í fyrsta skipti tákn málstúlk og segir muninn hafa verið ólýsanlegan.

Faraldur 1964 til 1965

Um það bil sex þúsund tilfelli rauðra hunda voru skráð hér á landi árin 1964 til 1965. Þó að rauðir hundar séu vægur veiru- og útbrotssjúkdómur getur hann valdið skaða hjá fósturum barnshafandi kvenna sem smitast fyrstu þrjú mánuði meðgöngunnar. Algengustu skaðarnir eru heyrnarleysi og hjartagalli og samkvæmt at- hugun sem gerð var hér á landi fæddust 40 til 50 börn heyrnarlaus á þessu tímabili. Í dag er öllum börnum boðin bólu- setning, sem meðal annars er gegn rauðum hundum, við 18 mánaða og 9 ára aldur.

Hvað er döff?

Á Íslandi er orðið döff notað um heyrnarlausu fólk sem talar tákn mál. Að vera döff er að tilheyra samfélagi heyrnarlausra og líta á tákn mál sem sitt fyrsta mál. Samsömun og sjálfsmýnd eru mikilvægir þættir í þessu samhengi. Að vera döff er því menningarleg skilgreining á heyrnarleysi.



Mamma hágrét og vildi vera áfram í Vestmannaeyjum og ég man eftir að hafa sagt við hana huggandi: „Þegar við verðum stærri geturðu farið aftur til Vestmannaeyja.“

„Ég skildi allt, gat fylgst með umræðum og sjálf borið fram spurningar, svo allt í einu var ekkert mál að læra heima og ég gat tengt textann við það sem kennarinn hafði verið að tala um.“

Í dag er döff börnum kennt á tákn máls sviði Hlíðaskóla og bendir Júlía á að þar sé ekki kennd málfræði tákn máls. „Heyrandi börnin læra málfræði íslenskunnar en þau heyrnarlausu fá ekki slíkt tækifæri. Það er víst ekki pláss í stundatöflunni en við viljum að hliðrað sé til því það er mikilvægt að læra málfræðina til að bera saman við önnur mál sem þau læra. Sjálf lærði ég bara tákn mál í gegnum aðra nemendur og þurfti svo að læra málfræði íslenskunnar sem ég tengdi ekki við. Ef ég hefði lært málfræði tákn málsins hefði ég skilið þetta betur og málin stutt hvort annað.“

Er ég svona dýr?

Júlía segir fræðslu um heim heyrnarlausra ábótavant. „Til dæmis er tákn mál ekki alþjóðlegt en margir halda að það sé eins alls staðar í heiminum. Það er það alls ekki og mjög mismunandi eftir löndum. Ég hitti oft heyrnarlausu sem ég skil ekkert hvað eru að segja. Margir spyrja hvort heyrnarlausir geti nokkuð keyrt. Svo maður sér að það vantar meiri fræðslu.“

Júlía segir döff einstaklinga á Íslandi vera í kringum 300. „Okkur var farið að fækka niður í um 250 en fór að fjölga aftur með nýbúum og hingað hefur líka komið döff flóttafólk og börn svo okkur fer aftur fjölgandi.“

Félag heyrnarlausra hefur barist fyrir tákn málstúlkni í atvinnulífinu enda heyrnarlausir víða og fleiri og fleiri ganga menntaveginum. En þá kemur alltaf að stóru spurningunni – hver á að borga? „Ég hef til dæmis áhuga á félagslífi en ef mig langaði til að mynda að prófa hestamennsku þá þyrfti ég túlk. Maður upplifir svolítið eins og maður hafi einhvern verðmiða á sér. Er ég svona dýr?“

Samkvæmt lögum er boðið upp á tákn málstúlkun þegar kemur að skólagöngu á öllum stigum, í heilbrigðiskerfinu og við kirkjulegar athafnir. En Júlía segir tilfínnanlega vanta slíka þjónustu þegar kemur að félagslífinu.

„Brúðkaupið er túlkad en ekki veislan sjálf.“

Heyrnarlaus börn tynast oft

Júlía segist setja ákveðið spurningarmerki við stefnuna um skóla án aðgreiningar þegar kemur að döff börnum.

„Heyrnarlaus börn tynast oft enda eiga þau oft erfiðara með að verða hluti af hópnum en önnur fötluð börn. Í Heyrnleysingjaskól-

anum lærði ég samskiptareglur og rökraður sem byggðu mig og mína sjálfmynd upp. Ég hef áhyggjur af döff börnum sem eru ein í heyrandi bekk og svo má ekki gleyma því að tákn málskennsla er aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu.“

Kuðungsgræðslur ungra barna eru orðnar mjög almennar og gefa oft góða raun. Evrópuráð heyrnarlausra hefur þó lýst yfir áhyggjum sínum af því að foreldrar þessara barna fái ekki hlutlægar og vel rannsakaðar upplýsingar varðandi tákn mál og döfmenningu og tekur Júlía undir þær áhyggjur.

„Oft er kuðungsgræðsla gerð og gengur vel en barn fær ekki tákn málskennslu, svo kemur í ljós síðar að aðgerðin virkar ekki svona vel og þá er búið að tapa svo mikilvægum tíma í máltökuskeiði.“

Júlía segir það í raun ákveðna áhættu að yta ekki undir þennan vitsmunapróska og þannig skapist aukin hætta á að börnin nái ekki neinu máli. „Það er ekki hægt að fara til baka á þetta mikilvæga næmisskeið en það er ljóst að tvítyngi mun aldrei hafa slæm áhrif heldur bara styðja barnið og íslensku þess. Svo hefur barnið val hvort það notar annað eða bæði málin seinna meir.“

Júlía varð sjálf seint læs eða í kringum 11, 12 ára aldurinn. „Enda kunnu kennararnir ekki tákn mál og gátu ekki útskýrt fyrir okkur hvernig ætti að lesa. Við fjölskylduna reyndi ég að tala og lesa af vörum. Daði yngri bróðir okkar er alveg tákn málstalandi þó við höfum aldrei kennt honum, hann bara fylgdist með okkur systkinum og það kom náttúrliga.“

Eiga tvær fjölskyldur

Júlía segir oft talað um að samfélag heyrnarlausra sé lítið og einangrað en bendir á móti á að sé það einangrað megi kenna lélegu aðgengi heyrnarlausra að heimi heyranda um.

„Margir heyrnarlausir segjast eiga tvær fjölskyldur, það er þeirra fjölskylda og döff fjölskyldan. Mér finnst gott að eiga þessa tvo heima, ef maður er orðinn þreyttir í heyrandi heiminum er gott að fara í döff heiminn þar sem maður getur talað sitt mál.“

Aðspurð um ástina segir Júlía blaðamanni að hún sé í fjarbúð. „Ég er í fjarbúð, hann heitir Óskar og býr í Sandgerði. Hann er heyrnarskurtur og ólst ekki upp í tákn máls- samfélagi, hann getur þó skilið mig en er sjálfur að æfa sig að tala. Við kynntumst þegar við vorum lítil í sömu sveit og hittumst svo 42 árum seinna, eftir að hann hafði samband við mig á Facebook, svo við getum þakkað tækninni fyrir okkar samband,“ segir Júlía og hlær.

Talandi um tæknina, samskiptamiðlar hljóta að vera hjálplegir döff þar sem ungt heyrandi fólk er jafnvel hætt að tala í síma og sendir bara skilaboð sín á milli.

„Jú, tæknin hjálpar mikið. Ég man sem dæmi þegar ég var unglingur og maður var skotinn í einhverjum heyrandi, sem þurfti þá að hringja í mömmu til að ná sambandi við mig. Ég þoldi það ekki, ég vildi bara að hann hefði samband við mig en ég var náttúrliga heyrnarlaus.“

Júlía starfar sem fagstjóri tákn málskennslu hjá samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. „Í tengslum við það starf vinn ég mikið í háskólanum, sé um túlkanámið og tákn málsfræði. Eins hef ég kennt á fjölskyldunámskeiðum og á sambýlum. Þetta hefur alltaf verið líf mitt og ástríða. Ég er mjög stolt af málinu mínu og vil berjast fyrir því að það sé jafnrétt hátt íslensku. Menningin og málið byggði mig upp. Ég veit hver ég er, ég er döff, og ég er stolt af því og stolt af málinu mínu. Ég get hoppað á milli tveggja heima og kannski af því ég er stolt í eigin skinni þá hefur mér vegnað vel.“ ■



Austurhólar 6 – Selfoss

Við Austurhóla 6 á Selfossi er Stofnhús ehf. að reisa glæsilegt fjölbýlishús með 40 glæsilegum og vel skipulögðum íbúðum. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja og stærð þeirra er frá 55 til 110 m² með geymslu innan íbúðar. Með íbúðum á 1. hæð fylgir séreignarreitur (timburpallur) og rúmgóðar svalir fylgja íbúðum á 2. til 5. hæð.

- Allar íbúðir eru fullfrágengnar að innan með fallegum innréttingum.
- Kaupendum stendur til boða að uppfæra innréttingar og tæki.
- Á jarðhæð er hjóla- og vagnageymsla í sameignarrými.
- Möguleiki er að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla við bílastæði.
- Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

Opið hús í Bankanum Vinnustofu, gamla Landsbankahúsnæðinu á Austurvegi 20 Selfossi sem hér segir:

Þriðjudagur 05.07. frá kl. 16:00 – 17:00

Nánari upplýsingar á stofnhus.is

Nýjar
íbúðir
til sölu



LANDMARK
FASTEIGNAMIDLUN



Þórarinn Thorarensen
Löggiltur fasteignasali
770 0309 | th@landmark.is

BORG
FASTEIGNASALA



Sigurður Fannar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
897 5930 | siggifannar@fastborg.is



Stofnhús

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi
stofnhus@stofnhus.is - stofnhus.is

Köngulær geti verið nytsamleg húsdýr



Helena Rós Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

Ingi Agnarsson líffræðingur hefur starfað með og rannsakað köngulær í hartnær þrjátíu ár. Meðal þess sem Ingi hefur uppgötvað með rannsóknum sínum er köngulóarsilki sem er með sterkari efnum í lífheiminum en jafnframt afar teygjanlegt.

Ingi er nýfluttur heim eftir að hafa búið og starfað erlendis í tæpan aldarfjórðung. Þegar hann snéri út árið 1998 í framhaldsnám hvarflaði ekki að honum að hann myndi ekki koma aftur heim fyrr en mörgum árum síðar. Í upphafi árs bauðst Inga stada hér á landi sem prófessor í dýrfræði við Háskóla Íslands sem hann gat ekki hafnað. „Ég átti aldrei von á að finna vinnu á Íslandi. Það eru kannski tvö til þrjú störf á Íslandi sem henta minni sérhæfingu og það eru einhverjir nú þegar í þeim störfum,“ segir Ingi glettinn.

Starfsins vegna hefur Ingi komið víða og snýr stærsta verkefni hans núna að því sem kallað er líflandafræði þar sem alls kyns köngulær í Karíbahafinu eru rannsakaðar. „Karíbahafið er einn af miðpunktum líffræðilegs fjölbreytileika, einn af nokkrum í heiminum. Við erum að reyna að nota köngulær til að reyna að skilja hvernig allar þessar tegundir verða til.“

Sjálfur hefur Ingi lýst tæplega áttatíu tegundum köngulóa og formlega gefið þeim nafn, „en við erum búin að uppgötva í kringum þúsund tegunda og margar af þeim sitja jafnvel í frystiskápnum mínum. Það er ekki búið að gefa þeim nafn en við erum búin að gefa þeim nafn“ segir Ingi. Köngulóarsafnið sé þó ekki í frystikistunni heima heldur á tilraunastofu hans vestan hafs.

Köngulóarfælni

Köngulær geta valdið fólki miklu hugarangri. Stundum kveður svo rammt að óttanum að talað er um köngulóarfælni (e. arachnophobia) og er sú fælni talin ein sú algengasta í heiminum.

Sjálfur segist Ingi skilja vel hræðslu fólks gagnvart þessum litlu áttfættu lífverum. „Þetta er að



Ingi hefur gaman af því að ferðast um heiminn starfs síns vegna.

MYND/ADSEND

stórum hluta vanþekking, vegna þess að köngulær eru algjörlega meinlausar í langflestum tilvikum,“ segir Ingi og bætir við að auðvelt sé að lækna fælnina með því að skoða og kynna sér köngulær vel. Hluti af óttanum séu þó ósjálfráð viðbrögð sem erfiðara sé að lækna.

Að sögn Inga er óþarfi að óttast köngulær þrátt fyrir að þær séu nánast allar eitradar. Eitrið noti þær til að drepa bráð sína sem eru skorðyr en ekki mannfólk. „Í fyrsta lagi eru þær langflestar með allt of litinn munn eða klípítangir til að komast í gegnum skinnnið á fólki og svo hefur eitrið nánast engin áhrif á okkur. Í þriðja lagi eru köngulær miklu hræddari við okkur heldur en við við þær,“ segir Ingi og heldur áfram: „Þær eru á flotta undan okkur, þær eru ekkert að fara takast á við eitthvert risastórt spendýr. Ég er búin að vera í þessu í 28 ár og hef aldrei verið bitinn af könguló, samt er ég alltaf umkringdur þeim og með þær labbandi á mér.“

Ingi gengur jafnvel svo langt að segja köngulær vera nytsöm húsdýr, til að losna við aðrar pöddur, sér í lagi ef fólk vilji ekki eittra. „Ef þú ert með mýs í húsinu þá færðu þér kött. Ef þú ert með pöddur í húsinu þá skaltu fá þér könguló,“ segir Ingi og hlær.

Barkarkönguló Darwins

„Ég hafði aldrei hugsað um köngulær áður en ég safnaði pöddum sem krakki en hafði áhuga á nánast öllu,“ segir Ingi og bætir við að upphafið af löngum köngulóarferli hans hafi verið árið 1994 þegar hann fékk starf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Hann hafi verið settur í verkefni við að fara yfir allt köngulóarsafn stofnunarinnar, greina þær og gera grein fyrir þeim. „Það var í raun og veru í fyrsta skipti sem ég spáði eitthvað í köngulær.“

Aðspurður um upphalds könguló er Ingi ekki lengi að svara, silki-barkarkönguló Darwins, sem hann og samstarfsmaður hans uppgötvaðu árið 2009 í Madagaskar í Austur-Afríku, og lýstu til heiðurs Charles Darwin, 150 árum eftir útgáfu hinnar frægu bókar Uppruni tegundanna. „Barkarköngulóin er mjög sérstök og býr til vefina sína yfir ár. Það þarf að vera vatn undir þeim og hún býr til alveg gríðarlega stóran vef,“ útskýrir Ingi. Vefurinn geti verið tuttugu til þrjátíu metrar að lengd, þeir langstærstu sem þekktast í heiminum.

„Þetta er alveg stórkostleg sjón, vefirnir eru yfir miðjum ánum og í þá veiðast vatnaskorðyr,“ segir Ingi og það er ljóst að honum leiðist ekki umræðuefnið.

Sterkt köngulóarsilki

Að sögn Inga býr silki-barkarköngulóin til langbesta silki sem þekktast. „Það er rosalega sterkt, sterkara en stál,“ segir Ingi og bætir við að styrkleikinn miðist við hversu mikið afl þurfi til að brjóta það. Til viðbótar við styrkleikann sé það afar teygjanlegt, „það er mjög erfitt fyrir mannfólk að búa til efni sem er bæði mjög sterkt og teygjanlegt á sama tíma.“

Ingi segir styrkleika og teygjanleika yfirleitt andstæður, annað hvort sé efni sterkt eins og stál eða teygjanlegt eins og gúmmí en ekki hvorutveggja. Silki köngulóarinnar sé sérstakt að því leyti að eiginleikunum sé blandað saman og að mikla orku þurfti til að brjóta það þar sem það er bæði sterkt og teygjanlegt.

Vísendingar eru um að styrkleiki og teygjanleiki silkisins tengist einstakri prótínsamsetningu þess samkvæmt nýrri rannsókn sem Ingi vann ásamt samstarfsfólki.

Aðspurður hvort köngulær framleiði silkið í einhverju magni segir Ingi þær framleiða það í miklu magni miðað við líkamsstærð þeirra. Ef menn ætluðu að nýta sér silkið þá væri mjög lítið magn sem fengist úr hverri könguló.

Hellingur af silki fari í venjulega köngulóarvefi, hins vegar endurnýti köngulær silkið sitt. „Þegar þær taka niður vefinn sinn þá borða þær silkið aftur. Þannig að þær eru alltaf að nota sama silkið aftur og aftur.“

Framleiða efnið

Ingi segir köngulóarsilki ekki praktískt til notkunar eins og stada er núna. „Við verðum að læra hvernig á að búa til þetta efni, það er eitt af því sem ég er að rannsaka. Það er að skilja uppskriftina.“

Að sögn Inga eru uppskriftirnar komnar nú þegar og næsta skref sé að athuga hvort hægt sé að framleiða efnið eftir uppskriftinni eða nýta eiginleika silkisins til að búa til sambærilegt manngert efni. „Við getum sagt að á tíu ára planinu sé að reyna að komast eitthvað áleiðis í þessu með rétta samstarfsfólkinu,“ segir Ingi að lokum. ■

Silkibarkarkönguló Darwins sem Ingi uppgötvaði.

MYND/ADSEND



Ef þú ert með mýs í húsinu þá færðu þér kött. Ef þú ert með pöddur í húsinu þá skaltu fá þér könguló.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 2. júlí 2022



Dua Lipa er meðal þeirra sem koma fram á Hróarskelduhátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hróarskelda í fimmtíu ár

elin@frettabladid.is

Hróarskelduhátíðin stendur nú sem hæst. Um 130 þúsund gestir eru mættir til að hlýða á poppstjórnur á borð við Dua Lipa, Post Malone, Tyler, The Creator og St. Vincent auk tuga annarra. Hátíðin hefur legið niðri í þrjú ár vegna heimsfaraldurs og nýjar kynslóðir eru að uppgötva hana í fyrsta sinn.

Hróarskelduhátíðin hefur verið haldin í 50 ár. Í fyrra átti að halda upp á afmælið en úr því gat ekki orðið. Fyrsta hátíðin fór fram árið 1971 en það voru menntaskólastrákar, Jesper Switzer og Mogens Sandfær, sem áttu hugmyndina að þessari viðfrægu tónlistarhátíð sem er ein sú stærsta í Evrópu. Þeir félagar höfðu horft á bíómynd um bandarísku Woodstock-hátíðina sem haldin var 1969 sem gaf þeim hugmynd um danska tónlistarhátíð.

Margir íslenskir tónlistarmenn

Hátíðin hefur dregið að sér gesti og tónlistarmenn viðs vegar að úr heiminum. Þar á meðal eru fjölmargir íslenskir tónlistarmenn eins og Björk, Mezzoforte, Of Monsters and Men, Ásgeir Trausti, Mínus og Sigur Rós svo einhverjir séu nefndir.

Á Hróarskelduhátíðinni er lögð mikil áhersla á sjálfbærni og umhverfissjónarmið. Allir matsölustaðir þurfa að fylgja reglum um úrgangsstjórnun. Gestir eru beðnir um að koma ekki með einnota tjöld heldur velja vandaðan útilegbúnað sem hægt er að nota aftur. ■



Guðni Einarsson hefur notað MariCell Footguard í fjölda ára. Hann segist finna mikinn mun á fótunum á sér þegar hann notar það.

MYNDIR/ÁSENDAR

Mýkri fætur og betri líðan með MariCell

Vestfirðingurinn Guðni Einarsson hefur notað MariCell Footguard með góðum árangri í fjölda ára. Hann var með þurra og sprungna hæla en það vandamál er nú úr sögunni með notkun á Footguard. Hann segist hiklaust mæla með vörunni. **2**

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022BESTA
SÖLARVÖRNIN
7 ár
ÍRÓÐFæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is



Ísafjörður er fallegur bær en þar eru MariCell-vörurnar framleiddar.

MariCell eru íslensk húðmeðhöndlunarefni sem eru framleidd á Ísafirði af Kerecis. Vörurnar eru þróaðar til að meðhöndla ýmsa húðkvilla, til dæmis exem, psoriasis og sprungna húð.

Allar tegundirnar eru CE-merktar lækningavörur sem innihalda hvorki stera né parabena og með ávísun lækna greiða Sjúkratryggingar Íslands hluta kostnaðar.

Fann fljótt mikinn mun

Einn þeirra fjölmörgu sem notað hafa Maricell Footguard með góðum árangri er Vestfirðingurinn Guðni Einarsson.

Guðni er fæddur og uppalinn á Vestfjörðum og er framkvæmdastjóri fiskþurrkunarfyrirtækisins Klofnings. Guðni hefur notað MariCell Footguard í fjölda ára. Hann segist finna mikinn mun á fótunum á sér þegar hann notar það.

„Ég var kominn með þurra og sprungna hæla en það hefur ekki verið síðan ég byrjaði að nota Footguard. Núna er þetta ekkert vandamál,“ segir Guðni.

„Ég nota það ekki daglega, bara þegar fer að bera á vandamálinu og það lagast strax. Allur sársauki hverfur strax og svo grær þetta á nokkrum dögum. Ég get eiginlega ekkert sagt nema gott um Footguard.“

Guðni segir að hann hafi notað MariCell í nokkur ár en það var mælt með því við hann og hann ákvað að prófa.

„Ég myndi hiklaust mæla með þessu við aðra. Það er alveg staðreynd að þetta virkar,“ segir Guðni og bætir við:

„Ég nota líka MariCell XMA daglega við fótakláða og smáskleinum. Ég var búinn að prófa allan skrattann áður en ég prófaði það, ýmis feit krem sem mér var ráðlagt að nota en þetta er það eina sem virkaði. XMA virkar vel á exembletti og þurrkubletti, ef ég ber það á daglega þá hverfa blettirnir á tveimur til þremur dögum,“ segir Guðni.

Hvað er MariCell?

Húðsjúkdómalæknirinn Baldur Tumi Baldursson stendur að baki MariCell húðmeðhöndlunarefnum sem eru seld í apótekum.


Fjórar mismunandi tegundir eru fáanlegar: MariCell Footguard, MariCell Psoria, MariCell XMA og MariCell Smooth. Hver tegund er sérþróuð til að meðhöndla mismunandi húðkvilla, til dæmis exem, psoriasis, þurra sprungna húð og inngróin hár.

Varan inniheldur meðal annars mOmega3, ávaxtasýrur og karbamíð sem vinna saman að því að auka heilbrigði húðarinnar. ■

- mOmega3 – Fitusýrur sem eru unnar úr sjávarfangi. Hlutverk þeirra er að viðhalda heilbrigði hrynislags húðarinnar.
- Ávaxtasýra (10%) – Mýkir efsta lag húðarinnar og flýtir fyrir húðflögnun.
- Karbamíð (7%) – Gefur raka og eykur vatnsbindigetuhúðarinnar.



Dagur 1.



Dagur 14.



Footguard er einstaklega virk vara þróuð til að meðhöndla fætur, sprungna húð og fyrir þá sem þurfa að standa mikið eða eru við slæma fótahelisu.



Xma er sérþróað til meðhöndlunar á aumri, rauðri, bólginni húð og einkennum exems. Efnið slakar á húðinni og eykur fyllingu. Það dregur úr kláða og sefar húðina.

Söluastaðir:
Apótek
www.maricell.is

WOUND – Náttúrulegur sáraúði frá Kerecis

Kerecis kynnir – WOUND sáraúðann sem inniheldur ómega-fitusýrur úr jurtaríkinu og flýtir fyrir náttúrulegri sáragræðslu.



WOUND sáraúðinn inniheldur bæði jóhannesarjurtarolíu og disartrjáaolíu (e. Neem oil), en báðar þessar olíur eru þekktar fyrir græðandi eiginleika og innihalda fjölmörgu fitusýrur. Úðinn er hentugur til að meðhöndla núningsár, hrufslár, væg brunasár, sár eftir blöðrum, bleyjusvæði, sár eftir inngróna nögl, litla skurði og skrámur.

Úðinn er 100% náttúrulegur og án rotvarnarefna. Hann hefur örverueyðandi eiginleika og samverkandi áhrif olíanna flýtir fyrir sáragræðslunni.

Sáraúðinn er CE-merkt lækningavara og er nú þegar fáanlegur í apótekum.

Wound sáraúðinn er einfaldur og þægilegur í notkun:

Hreinsid sárið vel með hreinu vatni og hristið brúsann vel. Úðið úr fimm til tíu sentimetra fjarlægð á húð og umhverfis sárið. Hyljið með sáraumbúðum sem henta hverju sinni. ■



BIOThERM

Íslenskurleg endurnýjun húðarþjálfara um 59%, Life Plankton Elixir mibæð við húð 2. klár eftir áreiti, 24 konur.
Klínísk rönnun 6.34 konum eftir 8 vikur.



FEEL THE POWER OF
LIFE PLANKTON + C VÍTAMÍN
+59% HRAÐARI ENDURNÝJUN¹, +52%² LJÓMI

LIFE PLANKTON

Life Plankton línan frá Biotherm, inniheldur öll Life Plankton™ sem er öflug, náttúruleg, sjálfbær góðgerlablanda úr heitum linum í frönsku Pýrenafjöllum.



DAGKREM - AUGNKREM

Life Plankton™ Emulsion dagkrem dregur úr ertingu, viðkvæmni, rakanærir, verndar og stuðlar að betra jafnvægi húðarinnar.



Life Plankton™ augnkrem stuðlar að frumuendurnýjun, mýkir húðina, þéttir, stinnir og minna ber á línunum, hrukkum og baugum.



MASKI

Life Plankton™ grímumaski með hæsta hlutfall af virka efninu Life Plankton™. Maskinn er settur á hreina húðina í 8 mínútur, fjarlægður og restinni af seruminu er nuddað inn í húðina.



CREAMY PEEL - AMPÚLUR

Life Plankton™ Mild Creamy Peel er mild en áhrifarík húðslípun sem losar dauðar húðfrumur og hreinsar húðholur eins og segull.

Life Plankton™ ampúlur með háu hlutfalli virka efnisins og hýalúronsýru styrkja varnarkerfið, örva húðendurnýjun og gefur raka og fyllingu.



BODY LOTION - BODY OIL

Life Plankton™ body lotion 400 ml með pumpu sem styrkir, gefur húðinni ljóma, raka og næringu.

Life Plankton™ líkamsolía 125 ml sem endurnýjar húðina, byggir upp, gefur raka, er andoxandi og dregur úr sjáanlegum slitmerkjum.

Endurvinnanlegar umbúðir - Ekkert sellófan

Hæstiréttur BNA tók risastórt skref gegn jafnrétti



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Ógildingin á dómafordæmi Roe gegn Wade var risastórt skref gegn jafnrétti sem endurspeglar gjá milli stjórnmálamanna og almennings. Silja Bára Ómarsdóttir segir að ákvörðunin bitni mest á bágstöddum, muni kosta konur lífið og gæti leitt til frekari skerðinga á mannréttindum.

Þann 24. júní síðastliðinn komst hæstiréttur Bandaríkjanna að þeirri niðurstöðu að rétturinn til þungunarrofs væri ekki varinn af stjórnskrá landsins og ríki landsins gætu sett sin eigin lög varðandi þungunarrof. Þessi niðurstaða kom eftir að dómurinn tók fyrir mál Dobbs gegn Jackson Women's Health Organization í Mississippi-ríki. Niðurstaðan felldi úr gildi tæplega 50 ára gamalt dómafordæmi sem var sett í málinu Roe gegn Wade árið 1973 og var staðfest, en þó þrengt að hluta, í máli Planned Parenthood gegn Casey árið 1992.

Um helmingur ríkja landsins hefur nú sett, eða ætlar að setja, lög sem takmarka rétt leghafa til þessarar heilbrigðisþjónustu, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri alþjóðastofnanir skilgreina sem mannréttindi.

Oft áður reynt að breyta dómafordæminu

Málið Dobbs gegn Jackson Women's Health Organization snerist um lögsókn einu heilbrigðisstofnunar Mississippi-ríkis sem framkvæmdi þungunarrof gegn Thomas E. Dobbs, heilbrigðisfulltrúa ríkisins, vegna laga sem voru sett í ríkinu árið 2018 og bönnuðu þungunarrof eftir 15 vikna meðgöngu, nema um lækisfræðilegt neyðartilvik eða alvarlega van-sköpun fósturs væri að ræða. Engar undanþágur voru veittar vegna nauðgana eða sífjaspella. Þessi mörk eru langt undir ríkisviðmiðinu sem var til staðar og látið var reyna á hvort lögin stæðust stjórnskrána.

„Það hafa mörg mál verið í gangi í Bandaríkjunum í gegnum tíðina þar sem reynt hefur verið að breyta dómafordæminu á alríkisstigi. Þessi dómur á svo við um öll mál af þessum toga,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmálafræðingur og prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

Ágreiningur um 14. ákvæðið

„Þarna kemur pólitíkin í hæstarétti mjög skýrt fram. Í honum eru níu



Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmálafræðingur og prófessor við Stjórnmálafræðideild HÍ, segir að við ógildinguna á dómafordæmi Roe gegn Wade sé minnihlutinn að koma sínum skoðunum ofar skoðun meirihlutans.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



dómarar og sex þeirra eru íhaldssamir, svo hann er íhaldssamari en hann hefur verið lengi. Í yfirheyrslum fyrir öldungadeild við staðfestingu skipunar þeirra sögðu allir nýju dómarnir þrír að þeir teldu Roe gegn Wade viðurkennt dómafordæmi sem ætti að standa og að þau myndu virða það, en svo snýr dómurinn þessu á haus,“ segir Silja. „Hann segir að meðal annars vegna þess að þungunarrof sé hvernig nefnt í stjórnskránni sé þetta ekki stjórnskrávarinn réttur og að 14. viðbótarkvæði stjórnskrárinnar eigi ekki að túlka þannig að það nái yfir þetta frelsi, eins og hingað til hefur verið gert.

Það hefur oft verið gagnrýnt að þessu ákvæði, sem snýst um réttinn til einkalífs, hafi verið beitt í Roe gegn Wade málinu á sínum tíma, í stað þess að fella þetta undir hreinni mannréttindaklausu,“ segir Silja. „John Roberts, forseti hæstaréttar, segir að Roe gegn Wade hafi verið dæmt ranglega í upphafi, en hann hefur samt setið í réttinum frá 2005 og ekki túlkað þetta þannig áður. Þessir þrír frjálslyndu dómarnir segja hins vegar í sínu álit að þetta eigi að standa og að 14. ákvæði eigi við um þennan rétt.“

Bitnar mest á bágstöddum

„Það kemur ekki á óvart að þessi mál séu í gangi, því það hefur verið unnið að því að takmarka þennan rétt frá árinu 1973. En allir dómarnir hafa fallið til þessa hafa haldið í það grundvallarviðmið að ríkin megi ekki banna þungunarrof. Það kemur því á óvart að dómurinn sé tilbúinn að taka svona stórt skref,“ útskýrir Silja. „Þetta er grafalvarleg skerðing á mannréttindum eins og þau eru skilgreind af alþjóðastofnunum, sem líta svo á að þvinguð þungun sé mannréttindabrot. Það er verið að neyða konur til að fæða börn sem þær eru ekki tilbúnar til að eiga og vilja ekki ganga með.“

Silja segir að lögin bitni sérstaklega á þeim sem eru verr staddir í samfélaginu.

„Um helmingur kvenna í Bandaríkjunum býr í ríkjum sem eru búin að banna þungunarrof að öllu leyti eða eru tilbúin til þess, þó að einhvers staðar séu ákveðnar undanþágur,“ segir Silja. „En fólk sem hefur peninga og tíma getur enn ferðast til að nýta sér þessa heilbrigðisþjónustu í öðrum ríkjum, þannig að þetta bitnar ekki jafnt á öllum. Þetta er gríðarlega alvarlegt skref gegn jafnrétti.“

Gjá milli stjórnmálamanna og almennings í landinu

„Í langan tíma hefur það verið skýr vilji meirihluta Bandaríkjamanna að þungunarrof sé æskileg og nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, þó að fólk hafi ólíkar skoðanir á útfærslunum. Þessi ákvörðun hæstaréttar endurspeglar í raun gjána sem er á milli stjórnmálamanna og almennings í landinu, sem er orsök af uppbyggingu kosningakerfisins,“ segir Silja. „Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sem skipaði dómara svo rétturinn yrði íhaldssamari, fékk minnihluta atkvæða og sá meirihluta þingmanna sem stendur gegn þessum rétti er með minnihluta kjósenda á bak við sig. En svona heimilkerfið minnihlutunum að koma sínum skoðunum ofar skoðun meirihlutans.“

Dómafordæmi í stað laga

Silja segir erfitt að svara því hvort frjálslyndir stjórnmálamenn hafi brugðist hlutverki sínu við að verja þennan rétt.

„Repúblikanar hafa notað þennan málaflokk til að virkja sína kjósendur og Trump notaði það að hann myndi breyta samsetningu hæstaréttar til að fá atkvæði. En Demókratar hafa ekki sett þetta á dagskrá, þó að þeir ætli að gera það núna í haust, sem er bara of seint,“ segir hún. „En það má deila um hvort það séu Demókratar eða einfaldlega sjálfstjórnmálakerfið í Bandaríkjunum sem hefur brugðist, því þó að Demókratar reyndu að koma málum tengdum þessu í gegn myndi það ekki ganga vegna þess að meirihluti þingmanna, sem er með minnihluta atkvæða á bak við sig, myndi stöðva þau.“

Í kerfi Bandaríkjanna hafa líka eiginlega öll skref í mannréttindum komið til vegna dómafordæma en ekki lagabreytinga og þar sem þau hafa forgang hafa ekki verið sett lög varðandi þessa hluti,“ segir Silja. „Kannski hefðu Demókratar átt að reyna að setja lög þegar þeir voru í meirihluta, en svona hefur þetta alltaf virkað í Bandaríkjunum og hingað til hafa dóma-

Ákvörðun hæstaréttar Bandaríkjanna hefur vakið mjög hörð viðbrögð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

fordæmi alltaf staðist áskoranir.

Þetta mál virðist samt vera að vekja Demókrata og fá þá til að grípa til aðgerða,“ bætir Silja við. „Joe Biden Bandaríkjaforseti segist núna ætla að grípa til aðgerða til að gera það auðveldara að skrifa lög sem leyfa þungunarrof, svo þetta mál virðist ætla að fá Demókrata til að gera hluti sem þeir hafa hingað til ekki þorað.“

Mun kosta konur lífið

„Bandaríkin fá mikið pláss í þessari umræðu en það er ekki mjög líklegt að fleiri lönd fylgi þeim eftir. Í heildina eru þessi réttindi að vikka á heimsvísu, en ekki þrengjast,“ segir Silja. „Þetta er til dæmis orðið stjórnskrávarinn réttur í Síle og hann var nýlega tryggður með lögum í Mexíkó.“

En við sáum líka nýlega dæmi um bandaríska konu á Möltu, þar sem þessi réttur er ekki til staðar, sem þurfti að fara til Spánar, því lækarnir á Möltu máttu ekki gera neitt fyrir en föstrið var látið og þá er hættan á sýkingu mikil. Það var líka ung kona á Írlandi sem lést nýlega því lækna þorðu ekki að grípa inn í vegna ótta við refsingu,“ segir Silja. „Fyrir 50 árum voru konur að deyja vegna ólöglegra þungunarrofa sem voru ekki framkvæmd rétt, en nú munu konur deyja vegna þess að lækna þora ekki að veita lífsnauðsynlega heilbrigðisþjónustu af ótta við að verða sekir um glæp.“

Gæti leitt til frekara réttindaskerðinga

„Í minnihlutaáliti sínu talar hæstaréttardómarnir Clarence Thomas um að það sé líka ástæða fyrir hæstarétt til að endurskoða önnur mál sem hafa fallið undir 14. viðbótarkvæðið, líkt og réttinn til samkynja hjónabanda,“ segir Silja. „Ég les það sem boð til hópa sem vilja snúa þessum málum að hér sé komið dómafordæmi sem er hægt að byggja á og það er líklegt að slíkt mál fari í gang innan ríkja. Svo er spurning hvort hæstiréttur tekur þau fyrir.“

Alþjóðlegur þrýstingur er mjög mikilvægur

„Þeir Íslendingar sem vilja berjast gegn þessari þróun geta því miður lítil áhrif haft á minnihlutaráði Bandaríkjanna, en það er mikilvægt að íslenska þjóðin geri kröfu um að alþjóðleg mannréttindi séu virt í gegnum alþjóðleg samtök og stofnanir,“ segir Silja. „Það er til dæmis mjög mikilvægt að gera ákall til Bandaríkjanna um að staðfesta Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en það er eina lýðræðisríki heims sem hefur ekki gert það.“ ■



Fólk sem hefur peninga og tíma getur ferðast til að nýta sér þessa heilbrigðisþjónustu í öðrum ríkjum, þannig að þetta bitnar ekki jafnt á öllum.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI MEÐ ICEHERBS

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

húð, hár & neglur

þaratóflur með
sæþörungum
OFURFÆÐA HAFSINS

60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

- Viltu heilbriggt hár & sterkari neglur náttúrulega?
- Kröftug & nærandi íslensk parablenda

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Innri endurskoðandi

Stjórn Kviku banka leitar að innri endurskoðanda bankans, sem jafnframt er forstöðumaður einingar innri endurskoðunar. Innri endurskoðun starfar óháð öðrum deildum í skipulagi bankans, er þáttur í eftirlitskerfi hans og ber ábyrgð gagnvart endurskoðunarnefnd og stjórn.

Meðal helstu verkefna eru:

- Ábyrgð á innri endurskoðun Kviku og dótturfélaga eins og fram kemur í erindisbréfi og starfslýsingu
- Leiðir, skipuleggur og stjórnar vinnu einingar innri endurskoðunar
- Samskipti við aðila innan bankans, stjórn, stjórnendur og aðrar eftirlitseiningar
- Samskipti við eftirlitsaðila og ytri endurskoðendur

Kvika er öflugur fjárfæribanki sem stuðlar að umbreytingu og samkeppni á fjármálamarkaði með áherslu á upplifun viðskiptavina, nýsköpun og stafrænu vöruframboði.

Starfsambverfið einkennist af sveigjanleika, samvinnu og liðsheil, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti, heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi. Vörumerki samstæðunnar eru meðal annars TM, Kvika eignastýring, Lykill, Auður, Netgíró og Aur.



Nánari lýsingu á starfinu og hæfnikröfum má finna á vef Kviku banka undir störf í boði. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí næstkomandi.

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

FRAMSÝNI OG LEIÐTOGAHÆFNI

SVIÐSSTJÓRI EIGNASTÝRINGAR

Viltu stýra fjárfestingum stærsta lífeyrissjóðs landsins og halda utan um eignir ríflega 100.000 sjóðfélaga? LSR leitar að metnaðarfullum, framsýnum og öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra eignastýringar. Viðkomandi mun leiða reynslumikinn hóp sérfræðinga sem starfa í síbreytilegu fjárfestingarumhverfi með trausta ávöxtun og ábyrgar fjárfestingar að leiðarljósi. Framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni við aðstæður sem eru krefjandi en bjóða á sama tíma upp á margvísleg tækifæri.

Helstu verkefni

- Ávöxtun eignasafns LSR samkvæmt fjárfestingastefnu.
- Mótun fjárfestingastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar.
- Stjórnun eignastýringarsviðs.
- Ábyrgð á upplýsingagjöf til stjórnar og annarra aðila.
- Ábyrgð á greiningu verðbréfasafns.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Sjóðastýring.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt því að hafa verðbréfaréttindi.
- A.m.k. 5 ára reynsla af eignastýringu.
- Umfangsmikil þekking og reynsla af fjármálamörkuðum.
- Leiðtogahæfni og drifkraftur.
- Framsýni, skipulag og áræðni.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og heilindi.
- Þekking og áhugi á ábyrgum fjárfestingum.
- Gott vald á hagnýtingu upplýsingatækni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, jafnt í töluðu sem rituðu máli.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí nk. Sótt er um starfið á vinnvinn.is. **vinnvinn**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Hjá LSR njótum við þess að starfa í jákvæðu umhverfi með metnað og bjartsýni að leiðarljósi. Við búum að mikilli reynslu og þekkingu og vitum að það krefst ábyrgðar og framsýni að ávaxta eignir sjóðfélaga með traustum hætti til næstu áratuga. LSR starfar í samræmi við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun sjóðsins.





Forstöðumaður akstursþjónustu

Við leitum að öflugum stjórnanda í starf forstöðumanns akstursþjónustu.

Forstöðumaður akstursþjónustu ber ábyrgð á daglegum rekstri og skipulagi akstursþjónustu Terra umhverfisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og mun heyra undir framkvæmdastjóra. Forstöðumaður akstursþjónustu mun leiða stóran og öflugan hóp starfsmanna sem sinna þjónustu við viðskiptavinum Terra umhverfisþjónustu. Félagið vinnur markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif frá rekstri Terra og mun stýring og skipulag akstursþjónustu því vera mikilvægur hlekkur í þeirri vegferð.

Við leitum að framsýnum leiðtoga með jákvætt hugarfar, þjónustulund og samskiptahæfileika.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Bestun í skipulagi akstursþjónustu
- Innkaup og stýring bílaflota
- Þróun og innleiðing sjálfvirknivæðingu ferla
- Verkefnastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi eða reynsla af skyldum verkefnum
- Leiðtogaþæfileikar
- Frumkvæði og rík hæfni til samskipta og samvinnu
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með **17. júlí nk.**

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Páll Gíslason, guðmundurg@terra.is, og Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is.



Terra umhverfisþjónusta leggur metnað í að skilja ekkert eftir og vill hvetja og auðvelda samfélaginu að takast á við þá áskorun. Terra umhverfisþjónusta er líflegur og fjölbreyttur vinnustaður. Hjá félaginu starfa um 240 einstaklingar á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Alla daga vinnum við af dugnaði og eljusemi að því að gera góða hluti fyrir umhverfið, en í því felst meðal annars að draga úr úrgangi og söfnun hans og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu. Við leggjum mikið upp úr fjölskylduvænu vinnuumhverfi, sterkri liðsheid og góðum starfsanda.




Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Taktu þátt í að móta framtíðina!


Mennta- og barnamálaráðuneyti auglýsir fjögur embætti skrifstofustjóra laus til umsóknar

Við leitum að drífandi einstaklingum í embætti skrifstofustjóra samkvæmt nýju skipuriti ráðuneytisins sem kynnt var 2. júní 2022. Við leitum að fólki sem hugsar í lausnum og sér tækifæri í öllum hindrunum. Við viljum ráða til starfa einstaklinga sem þrífast á krefjandi verkefnum, skynja taktinn í samfélaginu og vilja breyta til hins betra. Við ætlum sérstaklega að auka áherslu á uppbyggingu mannauðs, stafrænar breytingar og hagrænar greiningar á verkefnum.



Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar

Stefnumótun fyrir málefna svið ráðuneytisins og innleiðingu stefnu. Undirbúningur stefnumála og áherslna ráðherra eins og þær birtast í sértækum stefnum, lögum, fjármálaáætlunum og fjárlögum.



Skrifstofa greininga og fjármála

Öflun, greining og framsetning tölfræðigagna er varða málefna svið ráðuneytisins og mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum stefnumótandi tillagna og aðgerða. Yfirumsjón með gerð og eftirfylgni fjármálaáætlunar og fjárlaga.



Skrifstofa gæða- og eftirlitsmála

Eftirlit með framkvæmd og innleiðingu gildandi reglna, laga og verkefnaáætlana á málefna sviði ráðuneytisins, m.a. með námi og kennslu á öllum skólastigum. Ábyrgð á framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í undirstofnunum ráðuneytisins.



Skrifstofa ráðuneytisstjóra og innri þjónustu

Samhæfing á starfsemi ráðuneytisins, umsjón með umbótastarfi, undirbúningur og eftirfylgni með settum áherslum í starfsemi þess.

Markmiðið með nýju skipulagi er að efla teymisvinnu, skilvirkni og árangur innan mennta- og barnamálaráðuneytisins. Þannig nýtist mannauður ráðuneytisins sem best til að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna og ungmenna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi. Til að stuðla að farsælum árangri er rík áhersla lögð á skilvirkni og nýtingu tölfræði og greininga við mótun tillagna um aðlögun eða breytingar á stefnu, lögum og reglugerðum.

Framundan er spennandi og viðamikið verkefni við að móta nýjar skrifstofur og nýtt verklag innan ráðuneytisins. Um er að ræða fjórar krefjandi stjórnunarstöður sem reyna á frumkvæði, samskiptahæfni, forystuhæfileika og öguð vinnubrögð. Skrifstofustjórar eru hluti af stjórnendateymi ráðuneytisins og heyrja beint undir ráðuneytisstjóra.

Helstu verkefni

- Þátttaka í mótun stefnu og innleiðingu stefnumarkandi ákvarðana.
- Ábyrgð á faglegu starfi, farsælli stjórnun og rekstri skrifstofu.
- Leiða og styðja öflugt starfsfólk til árangurs.
- Ábyrgð á stjórnsýslulegum skyldum skrifstofunnar.
- Yfirumsjón með verkefnum skrifstofunnar og forgangsröðun þeirra í samráði við ráðuneytisstjóra og aðra stjórnendur ráðuneytisins.
- Virk þátttaka í samstarfi og samvinnu innan ráðuneytisins.
- Leiða samskipti og samstarf við önnur ráðuneyti, hagaðila og aðra innlenda og erlenda aðila sem koma að málefnum ráðuneytisins.

Nánari upplýsingar um embættin má finna á Starfatorg.is. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til **08.08.2022**.

Á samfélagsmiðlum má sjá kynningu ráðherra á nýju skipulagi ráðuneytisins.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytisins er að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna og ungmenna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi. Ráðuneytið fer með málefni skóla og fræðslu, æskulýðs- og íþróttamál, velferðarmál barna og barnavernd. Nám á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi heyrir undir ráðuneytið, svo og námsmat, námsgögn og námskrárgerð á þeim skólastigum. Þá heyrja listaskólar og lýðskólar undir ráðuneyti mennta- og barnamála.



Ert þú öflugur leiðtogi?

Deildarstjóri framkvæmdasviðs

Við leitum að öflugum einstaklingi í stöðu deildarstjóra framkvæmdasviðs á Suðurlandi með starfsstöð á Selfossi. Meginverkefni framkvæmdasviðs er vinnuflokkastarfsemi ásamt rekstri og viðhaldi véla, bifreiða og annara tækja og áhalda sem þarf vegna verkefna sviðsins.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Umsjón og eftirlit með starfsemi vinnuflokka
- Ábyrgð á verkefnum deildarinnar
- Móttaka, úthlutun og eftirfylgni með verkbeiðnum
- Ábyrgð með gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Ábyrgð og eftirlit með útgjöldum og tekjum deildarinnar
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á rafmagnssviði sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Skipulagshæfni, nákvæm vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Reynsla af verklegum framkvæmdum

Deildarstjóri netreksturs

Við óskum eftir að ráða deildarstjóra netreksturs á rekstrarsviði með starfsstöð á Selfossi. Meginverkefni rekstrarsviðs eru hönnun, nýframkvæmdir, breytingar, viðhald og rekstur dreifikerfisins.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á rekstri dreifikerfis á Suðurlandi
- Ábyrgð á hönnun dreifikerfa
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit og frávíkagreining verka
- Stjórnun og þátttaka í svæðisvöktum
- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Samskipti við verktaka, opinbera aðila og aðra viðskiptavini
- Ábyrgð með gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði með áherslu á sterkstraum
- Reynsla af rekstri raforkukerfis er æskileg
- Reynsla af stjórnun eða verkefnastjórnun er æskileg
- Skipulagshæfni, nákvæm vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur. Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.rarik.is.

Umsóknarfrestur er til og með **18. júlí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir aðilar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Yfirkokkur Hámu

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum leiðtoga í starf yfirkokks í eldhúsi Hámu. Yfirkokkur stýrir eldhúsi staðarins og daglegum rekstri. Hugmyndafræði Hámu byggir á hollum og góðum háskólamat og vinnur yfirkokkur eftir þeirri hugmyndafræði þegar kemur að gerð metseðla og framleiðslu á Hámu-vörum. Viðkomandi mun sinna öllu starfsmannahaldi staðarins, þ.e. sjá um ráðningar, þjálfun nýliða, daglega verkstýringu og önnur starfsmannatengd mál.

Kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Umsjón með daglegum- og fjárhagslegum rekstri eldhússins
- Matreiðsla, ábyrgð á matseðli og framsetningu á réttum
- Framfylgni á reglum Heilbrigðiseftirlits vegna þrifa og geymslu matvæla
- Starfsmannahald þ.m.t. móttaka nýliða og þjálfun starfsmanna, gerð vaktaplana og dagleg stjórnun
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði matreiðslu
- Reynsla af rekstri
- Reynsla af vinnu í eldhúsi
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og rík þjónustulund
- Góð tök á íslensku eða ensku
- Almenn tölvukunnátta



Félagsstofnun
stúdenta

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. FS er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki fyrir stúdenta við Háskóla Íslands og er aðalmarkmið að bjóða stúdentum við HÍ góða þjónustu á góðum kjörum og auka lífsgæði stúdenta. Gildi FS eru: Góð þjónusta – Virk samvinna – Jákvæð upplifun – Markviss árangur. Í dag rekur FS: Bóksölu stúdenta, Leikskóla stúdenta, Stúdentagarða, Stúdentakjallarann, Hámu, Hámu Salatbar, Bókakaffi stúdenta og Kaupfélag stúdenta.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **10. júlí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir,
thordis@hagvangur.is.



HAGVANGUR

hagvangur.is



Rekstrarstjóri vöruhúsa

Bakkinn Vöruhótel leitar að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi í stöðu rekstrarstjóra. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og er ábyrgur fyrir daglegum rekstri tveggja vöruhúsa Bakkans ásamt stýringu starfsmanna og fjármuna.

Helstu verkefni:

- Umsjón með rekstri vöruhúsa
- Umsjón með húsnæði, tækjum og viðhaldi
- Ábyrgð á fjárfestingum Bakkans í tækjum og búnaði
- Mannaforráð og stjórnun
- Samningagerð og samskipti við viðskiptavinum
- Ábyrgð á þjónustu við viðskiptavinum
- Framtíðarsýn, stefnumótun og skipulagning innri ferla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði reksturs vöruhúsa
- Reynsla af stjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði verkefnastjórnunar
- Þekking á Manhattan Scale er kostur

Fríðindi í starfi:

- Aðgangur að Velferðarþjónustu Bakkans
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefingar

Hjá Bakknum starfa um 110 starfsmenn, Bakkinn rekur tvö vel bún vöruhúsa að Skarfagörðum og Klettagörðum og býður viðtæka þjónustu við vörustýringu allt frá hýsingu til dreifingar. Mikil áhersla er lögð á gæði þjónustu, vandað gæðaeftirlit og öryggisþætti. Bakkinn er dótturfélag Festi sem rekur einnig N1, Krónuna og ELKO.

Bakkinn Vöruhótel starfrækir vottað jafnlaunakerfi og skuldbindur sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Umsóknarfrestur er til **13. júlí 2022**. Umsóknir óskast fylltar út á <https://jobs.50skills.com/bakkinn/is>

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þór Þorleifsson, mannauðsstjóri Bakkans, hlynur@festi.is.



JAFNLAUNADAGURINN
2021 - 2024



SIDFERÐISGÁTTIN

BAKKINN
vöruhótel

Forstjóri Menntamála- stofnunar

Mennta- og barnamálaráðuneyti auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Menntamálastofnunar. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um Menntamálastofnun nr. 91/2015, þar sem kveðið er á um hlutverk og verkefni hennar.



Mennta- og barnamálaráðherra er með áform um tilfærslu verkefna milli ráðuneytis og Menntamálastofnunar með það að markmiði að skýra betur verkaskiptingu milli ráðuneytisins og stofnunarinnar þar sem stefnt verði að því að Menntamálastofnun verði öflug þjónustustofnun við menntastofnanir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Það verður verkefni nýs forstjóra, í góðu samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og starfsfólk Menntamálastofnunar, að setja fram og útfæra tillögur um leiðir að því marki.

Framundan er spennandi og viðamikili verkefni við að móta breytt hlutverk Menntamálastofnunar og nýtt skipurit og því leitum við að stjórnendum með brennandi áhuga og framúrskarandi hæfni í að leiða árangursríkar breytingar.

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á starfatorg.is Umsjón með starfinu hefur Erna Kristín Blöndal, ráðuneytisstjóri í mennta- og barnamálaráðuneyti.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til **08.08.2022**.

Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarfa þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði, forystuhæfileika og skipulögð vinnubrögð. Farsæl reynsla af breytingarstjórnun og afburða færni í að móta og innleiða framtíðarsýn er nauðsynleg ásamt framúrskarandi hæfni í mannlegum samskipum. Forstjóri þarf að hafa þekkingu og getu til að leiða öflugan hóp starfsmanna til árangurs hvað varðar gæði þjónustu og þekkingu á sviði menntamála.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á að Menntamálastofnun starfi í takti við stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis í menntamálum.
- Gott samstarf og samvinna við mennta- og barnamálaráðuneyti, m.a. við forgangsröðun verkefna.
- Ábyrgð á faglegu starfi stofnunarinnar og farsælli stjórnun.
- Leiða og styðja öflugt starfsfólk til árangurs.
- Ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og því að hún uppfylli stjórnsýslulegar skyldur sínar.
- Góð og jákvæð samskipti og samstarf við hagaðila og aðra innlenda og erlenda aðila sem koma að verkefnum stofnunarinnar.





Vel launuð framleiðslu- störf á góðum vinnustað

Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðu og duglegu fólki í fjölbreytt framleiðslustörf í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Álverið á Reyðarfirði er meðal þeirra fullkornustu í heiminum og saman sköpum við útflutningsverðmæti á öruggan og ábyrgan hátt. Um 360 framleiðslustarfsmenn eru kjarninn í verðmætasköpun Fjarðaáls. Framleiðslustörfin eru að jafnaði unnin á þrískiptum átta tíma vöktum.

Hvers vegna að vinna með okkur?

- 150 klukkustunda vinnuskylða á mánuði
- Vaktakerfi sem gefur góðar tekjur og góðan frítíma
- Ókeypis akstur til og frá vinnu og frítt fæði í frábæru mötuneyti
- Mikil áhersla á að tryggja öryggi og heilsu allra á vinnustaðnum
- Okkar eigin heilsugæsla og aðgangur að Velferðarþjónustu Heilsumerndar
- Samhent teymi ólíkra einstaklinga sem skila framúrskarandi árangri
- Sameiginlegur sáttmáli um góða vinnustaðarmenningu
- Metnaðarfull markmið í jafnréttismálum í samstarfi við Jafnréttisvísi
- Góð tækifæri til þjálfunar, menntunar og starfsþróunar
- Virkt umbótastarf þar sem áhersla er lögð á þátttöku starfsmanna
- Nálægð við náttúruna í fjölskylduvænu samfélagi á Austurlandi

Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, tala íslensku, vera með gild ökuréttindi og hreint sakavottorð. Umsóknir eru trúnaðarmál og þeim er öllum svarað. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í gegnum netfangið starf@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Hægt er að sækja um störfin á ráðningarvefnum okkar á alcoa.is.

Fjarðaál
alcoa.is



Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

Okkar hlutverk er að leysa krafta úr læðingi



Hlutverk háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er að leiða saman það afl sem býr í háskólastarfi, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni og stuðla þannig að því að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Til að ná háleitum markmiðum þarf frábæra liðsheild og við viljum bjóða öll þau velkomin í okkar hóp sem eru tilbúin að flytja fjöll.

Hér munu gefast ótal tækifæri til að móta framtíðina í ráðuneyti sem ætlar sér að vera leiðandi í verkefnaþróun vinnulagi og árangursdrifinni nálgun.

Snillingur í nýsköpun

Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausnum á stærstu viðfangsefnum framtíðarinnar. Við leitum að skapandi einstaklingi sem býr yfir víðtækri þekkingu og reynslu af stuðningsumhverfi nýsköpunar og vill leggja sitt af mörkum til að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum.

» **Mótun stuðningsumhverfis og alþjóðasamstarf á sviði nýsköpunar og sjálfbærrar atvinnuþróunar**

Spekingur á sviði háskóla og vísinda

Háskólar landsins gegna lykilhlutverki í uppbyggingu þekkingarsamfélags enda er öflugt háskólastarf forsenda þess að íslenskt samfélag geti tekist á við áskoranir nýrra tíma. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem býr yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu og vill leggja sitt af mörkum til uppbyggingar framúrskarandi háskóla.

» **Stefnumótun og alþjóðasamstarf um stuðning við öflugt háskóla- og vísindastarf**

Talnaspekingur sem elskar árangursmælikvarða

Árangur er lykilhugtakið í öllu starfi ráðuneytisins og því er mikil áhersla lögð á að til staðar séu traust gögn og skýrir mælikvarðar. Við erum að leita að talnaspekingi sem kann þá list að lesa skýrar niðurstöður úr flóknum gögnum og miðla þeim áfram á einfaldan og skýran hátt. Ráðuneytið verður jú að vita hvort þær aðgerðir sem það stendur fyrir séu að virka eða ekki!

» **Framsetning, skilgreining og mat á mælikvörðum**

» **Árangursmat á þeim verkefnum sem ráðuneytið stýrir**

» **We are looking for a highly numerate individual that has mastered the art of deducing clear results from complicated data and communicating the findings in an accessible and coherent manner**

» **Although Icelandic proficiency is important, it is not a requirement for this role. English language proficiency is, however, essential for applicants that are not proficient in Icelandic**

Umsóknarfrestur um öll störf er til **18. júlí**. Allar nánari upplýsingar um störf, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is. Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum óháð staðsetningu.



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnáætlun og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og heyrir undir innviðaráðuneytið.

Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða. Nánari upplýsingar má finna á www.skipulag.is.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða sviðsstjóra sviðs aðalskipulags og sviðsstjóra sviðs stefnumótunar og miðlunar.

Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við fjölbreytt verkefni, hafa áráði og þekkingu til að leiða verkefni og getu til að leysa verk á eigin spýtur og í samstarfi við aðra.

Sviðsstjóri aðalskipulags

Meðal helstu verkefna sviðsins eru leiðbeiningar til sveitarfélaga um gerð aðal- og svæðisskipulags og afgreiðsla aðal- og svæðisskipulagstillagna.

Helstu verkefni

- Forysta og dagleg stjórnun sviðsins.
- Leiðbeiningar til sveitarfélaga og ráðgjafa þeirra um gerð aðal- og svæðisskipulags.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð stofnunarinnar.
- Afgreiðsla aðal- og svæðisskipulags.

Sviðsstjóri stefnumótunar og miðlunar

Meðal helstu verkefna sviðsins er landsskipulagsstefna og strandsvæðisskipulag auk miðlunar og kynningarmála.

Helstu verkefni

- Forysta og dagleg stjórnun sviðsins.
- Vinna að gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð stofnunarinnar.
- Viðburðahald og útgáfa á vegum stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur fyrir bæði störfin:

- Meistarapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Leiðtogaþæfileikar, færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum.
- Frumkvæði, skapandi hugsun og metnaður til að ná árangri.
- Þekking á opinberri stjórnáætlun.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og góð enskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júlí nk. Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF





Forstjóri Byggðastofnunar



Auglýst er eftir framsýnum leiðtoga til að takast á við áskoranir á sviði byggðapróunar. Einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á þróun og framtíð byggðamála á Íslandi, metnað til að veita framúrskarandi þjónustu og ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

Forstjóri Byggðastofnunar stýrir stofnuninni og ber ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Stofnunin fjármagnar og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðunum. Stofnunin annast atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa og fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Byggðastofnun vinnur að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir allt landið í samráði við innviðaráðuneytið.

Byggðastofnun er staðsett á Sauðárkróki. Hjá stofnuninni starfa 25 starfsmenn í fjölbreyttum störfum.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun og áætlanagerð sem nýtist í starfi
- Þekking á fjármálum og lánastarfsemi
- Afburða hæfni til samstarfs og samskipta
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Framsýni, drifkraftur, metnaður og skipulagshæfni
- Hæfni til að tjá sig og eiga samskipti í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf um hvers vegna sótt er um starfið og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð í starfi og telur að nýtist í starfi forstjóra Byggðastofnunar. Ráðuneytið hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um starfið, óháð kyni.

Ráðherra innviðaráðuneytis skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar Byggðastofnunar. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskóla-menntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Nánari upplýsingar veitir **Sigrún Þorleifsdóttir**, mannauðsstjóri innviðaráðuneytis, í síma **545 8200**. **Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí n.k.** Umsóknum skal skila rafrænt á **starfatorg.is**.

Vilt þú leiða starfsþróun?



Ný starfseining innan Menntavísindasviðs auglýsir starf deildarstjóra starfsþróunar laust til umsóknar. Leiðað er að kraftmiklum og hugmyndaríkum leiðtoga til að bættast í fjölbreyttan starfsmannahóp sviðsins.

Starfssvið

- Ábyrgð á framboði og skipulagi starfsþróunar fyrir þær fagstéttir sem sviðið menntar
- Stýra teymi og halda utan um stefnumótun og framkvæmd starfsþróunar
- Umsjón með Menntafléttu og Menntamiðju í samstarfi við hagaðila
- Byggja upp samstarf við menntastofnanir, fagfélög, sveitarfélög og aðra fagaðila um starfsþróun
- Gerð verkferla, samninga og fjárhagsáætlana
- Þátttaka í vinnu nefnda og ráða sem koma að starfsþróun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf á sviði menntavísinda eða skyldra fræðasviða
- Reynsla af starfi á sviði menntunar, æskulýðs- eða velferðarmála
- Þekking á starfsþróun, fullorðinsfræðslu og símenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni
- Hæfni til miðlunar í töluðu og rituðu máli

Sótt er um starfið á vefsíðu Háskóla Íslands undir laus störf.

Umsóknarfrestur er til 8. ágúst 2022. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík, +354 525 4000, www.hi.is



Reykjavíkurborg
Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Lögfræðingur

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf lögfræðings.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf þar sem reynir á ýmis réttarsvið lögfræðinnar. Lögfræðingur eignaskrifstofu sér um öll lögfræðileg verkefni skrifstofunnar og veitir ráðgjöf og upplýsingar til stjórnenda og starfsfólks Reykjavíkurborgar ásamt því að vera tengiliður við samstarfsaðila utan borgar.

Eignaskrifstofa fer með eigendafyrirsvar fyrir hönd Eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 300 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar. Eignaskrifstofa er hluti af Fjármála- og áhættustýringarsviði og hefur aðsetur í Borgartúni.

Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:

- Fyrirsvar fyrir eignaskrifstofu varðandi lögfræðileg málefni.
- Lögfræðilegar álitserðir, ráðgjöf og umsagnir vegna verkefna eignaskrifstofu.
- Annast kaup og sölu fasteigna, þ.m.t. lönd og lóðir ásamt því að sjá um samninga- og skjalagerð í því sambandi.
- Samningagerð vegna útleigu fasteigna, bifreiða og tækja.
- Umsagnir um lögfræðileg álitserðir og álitserðir vegna mála sem eru til meðferðar hjá skrifstofunni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættispróf eða meistaragráða í lögfræði.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og stjórnsýslurétti æskileg.
- Þekking á sveitarstjórnarrétti, kröfurétti, eignarétti, skipulagsrétti, fasteignakauparétti og verkefnum sveitarfélaga og þinglýsinga er kostur.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Leiðtogahæfileikar.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Fagleg og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag lögfræðinga.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júlí 2022.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi. Nánari upplýsingar um starfið veita Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri, oli.jon.hertervig@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæði að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Umsjónarmaður fasteigna



Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða drifandi og sjálfstæðan einstakling í starf umsjónarmanns fasteigna. Um er að ræða starf sem heyrir undir rekstrarstjóra húsumhyggju Eikar. Leitað er að úrræðagóðum einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn umsjón og eftirlit með fasteignum og lóðum félagsins.
- Þjónusta og samskipti við leigutaka.
- Rekstur fasteigna, álestur mæla, heimsókn til leigutaka og vöktun bygginga félagsins.

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Haldbær reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af aðgangs- og tæknikerfum er kostur.
- Góð almenn íslensku- og enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með **3. ágúst 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist starfi. Við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um starfið. Eik fasteignafélag metur alla einstaklinga að verðleikum, óháð kyni, kynferði, skoðunum, trú, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.

Eik fasteignafélag var stofnað árið 2002. Frá stofnun hefur félagið vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarinnar og er á meðal stærstu fasteignafélaga landsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Hjá félaginu starfa 32 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Markmið þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir.

Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: **fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.**

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Operations Director

Our worldwide Supply Chain organization is responsible for all the production and assembly activities within Marel, for the logistical activities, strategic and operational purchasing as well. We have manufacturing centers throughout the entire world, which support the different industry centers within Marel with the production, acquisition, assembly, testing and storage of machines and spare parts. This support is provided during product development, manufacturing of machines and spare parts production for after sales market.

You will be responsible for:

- Driving the Marel global HSE culture at Marel Iceland through engagement and involvement
- Overall production planning and timely execution
- Focusing on continuous improvement through involvement of employees and using LEAN tools and best practices in a complex and international environment
- Facilitating innovation of products, processes and logistics concepts
- Organizational development, proper staffing levels, staff involvement and ensure the continuity of this on the long-term
- Working in unity and ensuring cooperation with internal stakeholders
- Being a driver and inspirator that stimulates the organization to execute and deliver timely on commitments
- Interacting with other Marel manufacturing locations, since you will be part of the Global Manufacturing management team

Job requirements:

- Be a team builder: able to get the best from themselves and others and communicate easily on all levels
- Demonstrate entrepreneurship: pragmatic, decisive and self-driver
- Experience in executive positions: providing direction, conceptual, integral thinker, analytical, inspirational, innovative and creative
- Able to translate a strategic vision into clear targets. Coaching style of management, people-oriented, bridge builder, communicating on the basis of dialogue, transparent and genuine personality
- A degree in mechanical or industrial engineering, or equivalent
- Knowledge and experience with products, processes and materials in a technical international production environment
- Knowledge of procurement, logistics, production and assembly processes
- Have familiarity with modern production technology and logistics concepts

Please submit your application no later than 12 July 2022 through jobs.marel.com

For further information about his position, please contact Hildur Halldórsdóttir: hildur.halldorsdottir@marel.com.

Marel is an international technology company with about 7,000 employees. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the poultry, meat and fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people who are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.



job
Finnum draumastarfið saman

Er um við
að leita **að þér?**



Íslyft vill ráða vélvirkja eða menn vana tækjaviðgerðum.

Starfið er mjög fjölbreytt

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972.

Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Manitou, Konecrane og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.

Vinsaml. sendið umsóknir á islyft@islyft.is



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfurum sl 25 ár



Viltu verða leikskólastjóri í Grundarfirði?

Grundarfjarðarbær auglýsir starf skólastjóra Leikskólans Sólvalla.

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að leiða virka skólaþróun og faglegt starf með áherslu á framþróun, lausnaleyti og styrkingu leikskólustigsins í samvinnu við skóla- og nærsamfélagið.

Á Leikskólanum Sólvöllum eru 40-50 börn, 12 mánaða til 4 ára.

Leikskólinn er í samstarfi við Ásgarð skólaráðgjöf um uppbyggingu innra starfs, stjórnun og mótun skólanámsskrár og hefur leikskólastjóri aðgang að styrkri ráðgjöf og handleiðslu Ásgarðs. Auk þess er framundan endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins og innleiðing hennar. Þar er hlutverk leikskólastjóra mikilvægt og tækifæri til að taka þátt í að auka gæði skólastarfs enn frekar í metnaðarfullu skólaumhverfi.

Starfssvið

Leikskólastjóri hefur faglega forystu um kennslu og þróun skólastarfs, stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauð og starfsemi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun (leyfisbréf) og kennslureynsla er skilyrði
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða er kostur
- Reynsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun er kostur
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu starfi er skilyrði
- Færni í að tjá sig á íslensku, í töluðu og rituðu máli, er skilyrði
- Hreint sakavottorð, skv. ákvæðum laga sem um starfið gilda

Um leikskólann, launakjör og fleira er vísað í auglýsingu á www.grundarfjordur.is

Nánari upplýsingar veitir Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri, í síma 430 8500 eða bjorg@grundarfjordur.is. Umsóknir sendist á framangreint netfang.

Umsóknum um starfið skal fylgja greinargott yfirlit um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi telur máli skipta.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí 2022. Ráðið er í starfið frá 1. ágúst nk. eða skv. samkomulagi. Með vísan í lög um jafnan rétt kynjanna eru öll kyn hvött til að sækja um starfið.

SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVUDEILD



Vinnumálastofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í tölvudeild. Starfið heyrir undir Upplýsingatækni- og gagnagreiningarvið. Leitað er að áhugasömum, jákvæðum og öflugum einstaklingi til að vinna með núverandi teymi. Tölvudeildin er staðsett í Reykjavík.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar:

Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki

Einnig þarf viðkomandi starfsmaður að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

Sækja skal um starfið á vef Starfatorgs:

www.starfatorg.is

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumála-stofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðunin um ráðningu hefur verið tekin. Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst 2022.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Viðhald, nýsmíði og framþróun tölvukerfa stofnunarinnar
- Rekstur og umsýsla tölvukerfa og gagnagrunna
- Samskipti og eftirlit með aðkeyptri forritunarvinnu
- Innleiðing og framþróun rafrænnar þjónustu

HÆFNISKRÖFUR:

- Tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun eða áralöng reynsla
- Góð þekking á SQL gagnagrunnum nauðsynleg
- Þekking og reynsla á Navision og Office 365 kostur
- Starfsreynsla á sviði tölvumála nauðsynleg
- Þekking á rekstri netþjóna er kostur
- Reynsla af teymisvinnu
- Góð samskiptahæfni krafa
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita:

Rúna H. Hilmarsdóttir deildarstjóri

runa.h.hilmarsdottir@vmst.is

Unnar Friðrik Sigurðsson sérfræðingur

unnar.f.sigurdsson@vmst.is

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480

www.vmst.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Mrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



ÚTBOÐ

Smyril Line Ísland ehf óskar eftir tilboðum í verkið: Hafnarskeið 22, Vöruhús, viðbyggingar og lóð.

Verkið felst í því að byggja 2241 m² vöruhús, aðliggjandi 268 m² skrifstofuhús og 81 m² tollgæsluhús á lóð Smyril Line við Hafnarskeið 22 í Þorlákshöfn. Byggingarnar verða stálgrindarhús og fyrir liggur hönnun arkitekta og verkfræðinga á byggingunum, undirstöðum þeirra og þjónustukerfum. Burðarvirki bygginganna hafa verið frumhönnuð, en verkinu tilheyrir að fullvinna hönnun þeirra og gera smíðateikningar af þeim. Grafa skal fyrir húsunum, leggja lagnir í jörðu, steypa undirstöður, reisa húsinn og vinna að fullnaðarfrágangi bæði utan húss og innan. Ennfremur skal ljúka frágangi á lóð með gerð steinsteyptra og malbikaðra plana og gera hluta af götu sem er innan lóðarmarka. Gerð girðinga og hliða ásamt uppsetningu útlýsingar er hluti af verkinu. Að verki loknu skulu húsið og lóðin vera tilbúin til notkunar.

Framkvæmdum skal lokið 30. október 2023.

Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið gautur@vbv.is og verður þeim þá send slóð að útboðsgögnum.

Fyrirspurnartími rennur út þann 8. ágúst.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi til Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar, Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi eða í tölvupósti á gautur@vbv.is fyrir kl 13:00 þann 29. ágúst 2022 og verða þau þá opnuð.



ARKÍS
arkitektar

VBV

smyrillinecargo.com

ÚTBOÐ

21756 RFI - Byggingu vöruhúsa fyrir bandaríska flugherinn á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli

Ríkiskaup f.h. utanríkisráðuneytisins og varnarmálasviðs Landhelgisgæslu Íslands vekja athygli á upplýsingabeidni (Request for information – RFI) í tengslum við fyrirhugað útboð á byggingu vöruhúsa fyrir bandaríska flugherinn á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli, (Deployable Air Base Systems-Facilities, Equipment and Vehicles (DABS-FEV) Storage Facilities).

Áhugasömum fyrirtækjum er bent á að nálgast upplýsingar um verkefnið á útboðsvef Ríkiskaupa, sjá einnig:

<https://sam.gov/opp/8b3e20087b8a4f01b1fad1c4afe10d17/view>

<https://www.sba.gov/federal-contracting/contracting-guide/size-standards>

Bent er á að frestur verður væntanlega framlendur til **15. júlí**, sjá nánar á <https://sam.gov/opp/8b3e20087b8a4f01b1fad1c4afe10d17/view>

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.ríkiskaup.is

RÍKISKAUP



ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Götusalt 2022-2023, EES** útboð nr. 15599
- **Álfabakki. Gatnagerð og lagnir**, útboð nr. 15600
- **Nauthólsvegur 79 – Færsla lagna**, útboð nr. 15604

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is

SELFOSSVEITUR

ÚTBOÐ

Selfossveitur bs óskar eftir tilboðum í verkið: „Nýr miðlunargeymir og þvottaplan fyrir Selfossveitur“

Reisa skal rúmlega 4.500 m³ hitaveitugeymi að Austurvegi 67 á Selfossi með fullnaðarfrágangi, pípulagna í verkinu hvort sem er inni og úti. Geymirinn verður reistur norðan við núverandi heitavatnsgeymi. Verkið felst í allri jarðvinnu við geyminn, gerð steyptra undirstaðna og tengihúss, smíði, reisingu og klæðningu stálgeymis, pípulögn milli nýja geymisins og dælustöðvar, pípulögn í tengihúsi undir geymi og tengingum við núv. lagnir í lóð. Jafnframt er innifalið að grafa fyrir og útbúa steyp, upplýst þvottaplan með upphituðu aðstöðuhúsi þar sem mögulegt er að tengjast vatni og rafmagni. Verkið felst í allri jarðvinnu við planið, gerð steyptra undirstaðna sem og plans auk ljósastaura. Uppsetningu og fullnaðarfrágang á aðstöðuhúsi og tengingum við núv. lagnir í lóð sem og tengirými hitaveitutanks.

Helstu magntölur:

• Gröftur í lausum og föstum jarðvegi	2800 m ³
• Burðarfylling	4200 m ³
• Mótauppláttur	770 m ²
• Steinsteypa	165 m ³
• Járnbending	17 tonn
• Stálplötur	130 tonn
• Stálbitar	29 tonn
• Steinullareinangrun	2760 m ²
• Álklæðning bols	750 m ²
• Álklæðing á þaki	600 m ²
• Pípulögn í tengihúsi – DN 150 – DN 500	97 m
• Foreinangraðar niðurgrafnar pípur – DN 20-DN 500	140 m
• Niðurgráfin frárennslispiþa, Ø500 PP	60 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/213b19dc-28bd-461e-ae1d-5ffa10c9565f>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 föstudaginn 22. júlí 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Landsvirkjun

Útboð nr. 2022-44 Ræsting á Þjósársrvæði

Óskað er eftir tilboðum í þjónustuna Ræsting á Þjósársrvæði samkvæmt útboðsgögnum nr. 2022-44.

Um er að ræða ræstingu á mannvirkjum Landsvirkjunar á Þjósársrvæðinu.

Þjóða skal í þjónustuna í heild sinni. Samningstími er tvö ár með heimild um framlengingu í eitt ár tvisvar sinnum.

Vettvangsskoðun verður haldin þann 12.07.2022, kl. 10 á Þjósársrvæðinu.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar utbod.landsvirkjun.is

Skilafrestur á tilboðum 05.08.2022, kl. 12

Nöfn þjóðenda og heildartilboðsfjárhæðir verða birtar eftir kl. 14 sama dag á landsvirkjun.is

Við leiðum fólk saman



hagvangur.is



HAGVANGUR



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588 9090 | eignamidlun.is

OPIÐ HÚSsunnudaginn 3. júlí
milli kl. 14 og 15**NÝR ÁFANGI Í SÖLU**
Smyrilshlíð 9 og 11

Glæsilegar og vandaðar 3ja herbergja íbúðir eru nú til sölu að Hlíðarenda við Öskjuhlíð í Reykjavík. Frábær staðsetning nálægt miðpunkti miðbæjarins í nýju pósthúsi, 102 Reykjavík. Stutt er í alla helstu þjónustu, frábærar gönguleiðir, íþróttir, samgöngur, iðandi mannlíf, skóla og stóra vinnustaði. Garðurinn er einstaklega fallegur, afar skjólgóður og lokaður af með aðgangsstýringu. Í hönnun garðs var gert ráð fyrir runnum og trjám ásamt borðum og bekkjum og upplýstu leiksvæði fyrir börn, sem gerir svæðið mjög fjölskylduvænt.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
102HLIDARENDI.IS

- Innréttingar frá JKE Danmörku
- Innanhússhönnun MSTUDIO Reykjavík
- Steinborðplötur
- Bílskúrar fylgja ákveðnum íbúðum
- Paksvalir/þakgarðar með einstöku útsýni
- Lofthæð 280 cm
- Gólf síðir VELFAC-gluggar
- Miele-tæki
- Lokaður og skjólgóður garður
- Bílastæði í bílakjallara
- Rafmagn í gluggatjöldum
- Myndavélarðyrasími sem tengist við snjallsíma
- Áklætt og einangrað að utan
- Aukin hljóðvist
- Rafmagnshönnun og innfæld lýsing hússins hönnuð af Lúmx
- Allar íbúðir með LED-lýsingu
- Rafbílaheimtaug í bílakjallara
- Arkitektar hússins, ALARK arkitektar

**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali /
sölustjóri
899 1882**Bjarni T. Jónsson**
Viðskiptafræðingur og
löggiltur fasteignasali
895 9120**Ólafur H. Guðgeirsson**
MBA rekstrarhagfræðingur
og löggiltur fasteignasali
663 2508**Lilja Guðmundsdóttir**
Viðskiptafræðingur og nemi
til löggildingar fasteignasala
649 3868**Unnar Kjartansson**
Löggiltur fasteignasali
867 0968**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og
löggiltur fasteignasali
896 1168



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



Hulduland 10

108 Reykjavík

Raðhús ↔ 213,9 fm 🏠 6 herb. **137.500.000**

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
588 9090

Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511

**OPIÐ HÚS** 4. JÚLÍ N.K. 17:15 - 18:00

Guðrúnargata 5

105 Reykjavík

Hæð - Möguleiki á að bæta við risi ↔ 109,4 fm 🏠 4 herb.



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

84.900.000**OPIÐ HÚS**
4. júlí 17:00-17:30

Vesturvör 13c

200 Kópavogur

Raðhús ↔ 226 fm 🏠 4-5 herb.



Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

129.700.000

Meðalholt 7

105 Reykjavík

Hæð ↔ 80,6 fm 🏠 3 herb.

64.900.000

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508



Friggjarbrunnur 53

113 Reykjavík

Lyftuhús + bílageymsla ↔ 100,7 fm 🏠 3ja herb.

66.500.000

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
899 1882

**OPIÐ HÚS**
5. júlí 17:15:17:45

Vesturberg 61

111 Reykjavík

Einbýli ↔ 286 fm 🏠 6 herb. + aukaíbúð

109.900.000

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120



Blikanes 16 210 Garðabær
 🏠 Einbýlishús með bílskúr ↔ 367 fm 🛋️ 8 herb.

Tilboð

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
 Löggtur fasteignasali
 gudlaugur@eignamidlun.is
 864 5464



Þóra Birgisdóttir
 Löggtur fasteignasali
 thora@eignamidlun.is
 777 2882



OPÍÐ HÚS
 6. júlí 17:15-17:45



Gerðakot 7

225 Garðabær

🏠 Einbýli ↔ 191,5 fm 🛋️ 6 herb.

105.000.000



Sverrir Kristinsson
 Löggtur fasteignasali
 sverrir@eignamidlun.is
 861 8511



Fagrihjalli 34 200 Kópavogur
 🏠 Parhús ↔ 193,3 fm 🛋️ 6 herb.

124.900.000

- 21.25 Sæluríki Lykkeland**
- 22.15 Hjartasteinn**
- 00.20 Ísland. bíóland** Íslenska kvikmyndavorið
- 01.30 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.30 The Bachelor**
- 14.00 The Block**
- 15.00 PEN15**
- 15.25 Top Chef**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 A Million Little Things**
- 18.25 Ordinary Joe**
- 19.10 State of the Union**
- 19.25 Ræktum garðinn**
- 19.40 Young Rock** Gamanþáttaröð sem byggð er á skrautlegum uppvaxtarárum leikarans og hörkutólsins Dwayne Johnson eða „The Rock“. Sagan hans segir frá því hvernig hann fór frá því að vera bara venjulegur strákur yfir í að verða heimsfrægur.
- 20.10 This Is Us**
- 21.00 Law and Order. Special Victims Unit**
- 21.50 Station Eleven** Dulmögnuð þáttaröð um banvæna influensu sem herjar á heiminn og þeir sem lifa af þurfa að byggja upp betri veröld.
- 22.50 Love Island** Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
- 23.35 Pose**
- 00.35 FBI**
- 01.20 The Rookie**
- 02.05 FBI. International**
- 02.50 Blue Bloods**
- 03.35 Love Island**
- 04.20 Tónlist**

Stöð 2

- 07.15 Barnaefni**
- 11.15 Nágrannar**
- 12.40 Nágrannar**
- 13.05 Sex í forgjöf**
- 13.25 Top 20 Funniest**
- 14.05 Britain's Got Talent**
- 17.40 60 Minutes**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísskápastríð**
- 19.35 Grand Designs. Sweden**
- 20.20 The Heart Guy**
- 21.10 Grantchester**
- 22.00 Pandore**
- 22.55 Shameless**
- 23.50 Brave New World**
- 00.30 Hunter Street**
- 00.50 Hunter Street**
- 01.15 Simpson-fjölskyldan**
- 01.35 30 Rock**
- 02.00 Family Law**
- 02.45 Britain's Got Talent**

Mánudagur

Hringbraut

- 18:30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19:00 Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
- 19:30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20:00 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildarþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20:30 Fréttavaktin (e)** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21:00 Lengjudeildarmörkin (e)** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.



Leikarinn Kevin Bacon.

Fortíðarfilma í lagi

Kvikmyndin Footloose er á dagskrá Sjónvarps Símans klukkan 23.10 í kvöld – og það er bara full ástæða til að hlamma sér í sófann af því tilefni og fyllast fortíðarbláma.

Ræman er frá 1984 og sló eftirminnilega í gegn, en bara í heimalandinu, Bandaríkjunum, sáu áttatíu milljónir manns hana, svo eitthvert hefur nú aðdráttaraflíð verið.

Hér var Kevin Bacon upp á sitt besta, eins og stundum áður og síðar, en í myndinni leikur hann gaurinn Ren sem flytur ásamt fjölskyldu sinni úr stórborginni í krummaskuð þar sem það er utan laga og síða að leika rokk og ról – og því þarf að breyta, finnst okkar manni.

Tónlistin í myndinni er náttúrulega æðisleg, með Kenny Loggins og öðrum hetjum níunda áratugarins í fararbroddi. ■

Við tækið

Kjarnakonur



Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena@frettabladid.is

Þáttaröðin The First Lady er framleidd af Showtime og er aðgengileg í Sjónvarpi Símans Premium. Þættirnir fjalla um konurnar í lífi þriggja forseta Bandaríkjanna. Konurnar sem um ræðir eru Betty Ford, kona Repúblikanans Gerald's Ford sem var forseti á árunum 1974-1977, Eleanor Roosevelt, kona Demókratans Franklins D. Roosevelt sem var forseti á árunum 1933-1945 og Michelle Obama, kona Demókratans Baracks Obama sem var forseti á árunum 2009-2017.

Þættirnir veita góða innsýn í líf kvennanna á bak við valdamestu menn í heimi og sýna það og sanna að þessar kjarnakonur höfðu áhrif á sumar ákvarðanir manna sinna að einhverju leyti. Einstaklega áhugavert er að skoða sögu Banda-



ríkjanna frá sjónarhorni þessara kvenna og því tilvalið fyrir lesendur að setjast við skjáinn og fræðast um sögu þeirra. ■



Þættirnir veita góða innsýn í líf kvennanna á bak við valdamestu menn í heimi.



Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið auglýsir eftir tilnefningum til Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti sem afhent verður í tilefni af Degi íslenskrar náttúru þann 16. september nk.

Viðurkenningin verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.


Tilnefningar með rökstuðningi sendist umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu á netfangið urn@urn.is í síðasta lagi 19. ágúst 2022.

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



ILVA

40%
AFSLÁTTUR
AF SERINO
GARÐSÓFUM



CAMBORD
Útigrjónapúði.
39.900,-
nú 23.940,-

40%

SERINO Hornsófi. 299.900,- nú 179.940,-
SERINO Hægindastóll. 64.900,- nú 38.940,-
SERINO 3ja sæta sófi. 179.900,- nú 107.940,-

30%

50%

35%

35%

40%



ZADA Blómáttar, 3 stærðir.
Verð frá 4.547,- með afslætti.



SHANGHAI Sólhlíf.
19.900,- nú 13.930,-



BORGIO 3ja sæta sófi. H66 x L249cm.
174.900,- nú 87.450,-



TULIP sessa, 50 x 50cm.
4.695,- nú 2.817,-




NID Körfustóll.
89.990,- nú 58.494,-

ÚTSALA 20-60% AFSLÁTTUR



30%

KRAVIK
Blómáttar.
2 stærðir.
Verð frá 5.947,-
með afslætti.



30% AF ÖLLUM AMIGO BEKKUM

30-50% AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



25%

GRAND METRO
Lóftljós, svart.
Perur seldar sér.
29.995,-
Nú 22.496,-

25-60% AF ÖLLUM LJÓSUM

FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!



30%
AF ÖLLUM
PÚÐUM



40%

ZONE
DENMARK

Uppbrottasett 6.995,- nú 4.197,-



30%

CITY
Borðstofustóll
H75 x B50cm.
64.900,-
Nú 45.430,-




25-40% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM

20-40% AF ÖLLUM BORÐSTOFUSTÓLUM



25%

CLEVELAND Tungusófi - legubekkur + 2ja sæta.
129.900,- nú 97.425,-




25-50%
AF ÖLLUM
MOTTUM



35%

SCOTT Horntungusófi - opinn endi +legubekkur.
H85 x B207 x L352cm. 429.900,- nú 279.435,-



20%

RICHMOND Borðstofuborð m/fiskibeinamynd.
L220 x B95cm. 129.900,- nú 103.900,-



30%

CAROLINA Borðstofustóll.
24.900,- nú 17.430,-



60%

RHEA Borðlampi.
14.995,- nú 5.998,-



30%

HEDMARK púðar.
Verð frá 2.797,- með afslætti.



40%

RETINA Skemill.
19.900,- nú 11.940,-



30%

TRUE Borðstofuborð Ø160cm.
179.900,- nú 125.930,-



VIVA rúm
fáanleg í stærðum
120cm, 160cm
og 180cm

35%

VIVA Rúm, 180 x 200cm.
219.900,- nú 141.930,-



VIVA Gaflar fyrir 120cm, 160cm og 180cm rúm.
Verð frá 38.940,- með afslætti.



40%

IDA Veggklukka, 2 stærðir.
Verð frá 10.797,- með afslætti.



40%

ALISMA Sófaborð Ø80cm.
29.900,- nú 17.940,-



25-50%
AF ÖLLUM
MYNDUM

YELLOW LINE Mynd.
29.995,- nú 22.496,-



25% AF ÖLLUM CLEVELAND SÓFUM



30% AF ÖLLUM HEIM SÓFUM

ILVA Kaupúni, Garðabæ, s: 522 4500
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Þórdís með þrjá sigra í röð á mótaröð öldunga

Tvö mót fóru fram á Icewear öldungamótaröðinni um síðustu helgi.

Þórdís Geirsdóttir úr GK og Sigurbjörn Þorgeirsson úr GFB sigruðu á Blue Lagoon Open, fjórða móti Icewear öldungamótaröðarinnar, sem fór fram á Húsatóftavelli Golfklúbbs Grindavíkur 25. júní.

Þórdís lék á 75 höggum eða á 5 höggum yfir pari en Sigurbjörn á 69 höggum eða á 1 höggi undir pari vallarins. Í flokki 65 ára og eldri sigruðu Guðrún Garðars og Sæmundur Pálsson. Bæð eru í GR. Guðrún lék á 82 höggum eða á 12 höggum yfir pari en Sæmundur á 81 höggi eða 11 höggum yfir pari.

Í punktkeppni urðu Sigríður Olgeirsdóttir úr GKG og Þórhallur Sigurðsson úr GK hlutskörpust. Sigríður hlaut 31 punkt en Þórhallur 37 punkta. Í liðakeppni urðu GM Bjöllur hlutskarpastar hjá konum og Framfarafélagið í karlaflokki.



Þórdís Geirsdóttir

Á Opna Kaffitárs-mótinu, fimmta móti Icewear öldungamótaröðarinnar, sem fór fram á Hólmsvelli Golfklúbbs Suðurnesja í Leiru 26. júní sigraði Þórdís Geirsdóttir einnig í kvennaflokki og Jón Karlsson úr GR sigraði í karlaflokki. Þórdís lék á 80 höggum eða 8 höggum yfir pari en Jón á 72 höggum eða á pari vallarins. Þórdís hefur verið nær óstöðvandi í sumar en þetta var þriðji sigur hennar á mótaröðinni og sá fjórði í fimm mótum á keppnistímabilinu. Þá hefur Þórdís unnið sjö Íslandsmeistararitla í röð í flokki 50 ára og eldri.

Í flokki 65 ára og eldri sigruðu þau Þyri Valdimarsdóttir úr NK og Sigurður Aðalsteinsson úr GK. Þyri lék á 93 höggum eða á 21 höggi yfir pari en Sigurður á 82 höggum eða á 10 höggum yfir pari. Í punktkeppni voru þau Irunn Ketilsdóttir úr GM og Snæbjörn Guðni Valtýsson úr GS hlutskörpust. Bæði hlutu þau 34 punkta. Í liðakeppni voru þau Sprækar sem voru hlutskarpastar í kvennaflokki og Team HGRH í karlaflokki. Þau lið leiða liðakeppni mótaröðarinnar að loknum fimm mótum. ■

Náttúrufegurðin myndar einstakt umhverfi sem lætur engan ósnortinn

Golfklúbbur Húsafells var stofnaður árið 1996 og varð því 25 ára á síðasta ári. Klúbburinn hafði verið í dvala í nokkur ár þegar hópur velunnara hans tók höndum saman með stjórnendum í Húsafelli til að endurvekja starfseminu.

Húsafellsvöllur er skemmtilegur níu hólur völlum sem liggur fallega í jaðri sumarhúsasvæðisins. Sérkenni vallarins er að slegið er meðfram eða yfir vatn eða ár á flestum brautum en hann liggur með fram Kaldá og Stuttá. Engar sandglompur eru á vellinum.

Bára Einarisdóttir formaður og Helga Björnsdóttir stjórnarmaður Golfklúbbs Húsafells, settust niður með kylfingur.is á dögnum. „Það hefur orðið mikil fjölgun í klúbbum síðan ákveðið var að endurvekja starfseminu en félögum hefur fjölgað um rúm 200%. Félagar eru duglegir að taka þátt og til að mynda var vel mætt á vinnudag í byrjun sumars þar sem félagar unnu vel og sköpuðu góða stemningu. Vinnudeginum var svo slitið með vel heppnaðri grillveislu,“ segir Bárá. „Einn þáttur endurreisnar klúbbsins snéri að ráðningu vallarstarfsmanns. Hann hefur frá ráðningu haft í nógu að snúast við endurbætur og lagfæringar og stendur sú vinna enn yfir. Skógurinn hefur verið grísjáður við teiga, þar sem tré hömluðu útsýni og aðkoma að brúm hefur verið lagfærð, svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er á áframhaldandi uppbyggingu vallarins, svo sem uppbyggingu teiga, lagfæringu göngustíga og vinnu við flatir. Mun það vonandi skila sér í enn meiri ánægju kylfinga í framtíðinni,“ segir Helga. „Við höfum uppfært staðarreglur og útbúið nýtt skorkort. Þá höfum við innleitt notkun á Golfboxi og hvetjum kylfinga til að nýta rafræna skráningu. Það er þægilegra fyrir allt utanumhald og dregur úr pappírnotkun,“ segir Bárá.

Góð umgengni og betri umgjörð
Þær stöllur segja umgengni á vellinum góða og alla umgjörð betri eftir þær breytingar sem hafa verið gerðar. Starfsfólk Afþreyingarmiðstöðvarinnar á Húsafelli sinnir þjónustu og eftirliti við völlum. „Ef einhverjar spurningar vakna hjá fólki er best að hafa samband við Afþreyingarmiðstöðina,“ segir



Bára. „Það má einnig minnst á það að við gerðum tilraun í febrúar á þessu ári og lögðum gönguskíðaspor á vellinum, sem mæltist vel fyrir. Við stefnum á að leggja slíkt spor framvegis þegar aðstæður leyfa og þjónusta þannig þann vaxandi hóp sem iðkar gönguskíði,“ segir Helga.

Hvað er fram undan hjá GHF? Eru einhver mót á döfinni eða annað því um líkt?

„Það hafa mörg skemmtileg mót verið haldin á vellinum í gegnum tíðina og svo verður áfram. Við höldum fyrsta mótið í júní á síðasta ári eftir að hafa endurvakið starfsemi klúbbsins og annað um verslunarmannahelgina í fyrra. Þau tókust bæði frábærlega vel. Við settum á laggirnar mótanefnd á þessu ári. Einu móti er lokið og næsta verður haldið um verslunarmannahelgina, rétt eins og í fyrra. Góður rómur hefur verið gerður að mótunum og mikil ásókn í þau. Raunar hafa færri komist að en vildu,“ segir Bárá. „Við stefnum jafnvel á að halda fleiri mót í sumar,“ bætir Helga við.

Helga segir að sífellt fleiri hópar komi þá í Húsafell og haldi einkamót á vellinum. „Það er lítið mál að skipuleggja slíkt mót ef völlum er laus. Fólk dvelur þá ýmist á hótelinu, en á Húsafelli er glæsilegt 48 herbergja hótél, þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar

eða gerir sér dagsferð. Aðstaðan í Húsafelli er kjörin fyrir hópa til að koma saman og eiga góðar stundir á golfvellinum og í annarri afþreyingu.“

Mikil náttúrufegurð

Húsafell er þekkt fyrir mikla náttúrufegurð þar sem jökullinn, birkiskógurinn og tignarlegur fjallahringurinn mynda einstakt umhverfi sem lætur engan ósnortinn. Margir nýta sér skipulagðar ferðir sem eru í boði í nágrenninu og hafa Giljaböðin notið sérstakra vinsælda að sögn þeirra Bárú og Helgu. Einnig er hægt að bóka íshellaferðir á Langjökli og hraunhellaferðir í Viðgelmi svo eitthvað sé nefnt.

Hægt er að njóta veitinga bæði á Húsafell Bistro og á sjálfu hótelinu. „Hótelstarfsmenn hafa orðið varir við aukna ánægju gesta með frábært starf sem unnið hefur verið á golfvellinum. Þá hafa fastagestir haft á orði að völlum hafi sjaldan eða aldrei verið í betra ásigkomulagi. Við finnum fyrir aukinni ásókn enda er orðið fljótt að berast manna á milli. Þrátt fyrir aukna ásókn er nóg pláss á vellinum fyrir þá sem vilja spila yfir flesta daga sumarsins,“ segir Bárá.

„Við hlökkum til að taka á móti kylfingum í Húsafelli í sumar – verið velkomin.“ ■

Húsafellsvöllur liggur í fallegu umhverfi með fram Kaldá og Stuttá.



Aðstaðan í Húsafelli er kjörin fyrir hópa til að koma saman og eiga góðar stundir á golfvellinum og í annarri afþreyingu.

Þrettán ára í öðru sæti á Íslandsmóti

Pamela Ósk Hjaltadóttir úr GM vann til silfurverðlauna á Íslandsmótinu í holukeppni sem fram fór á Hlíðavelli í Mosfellsbæ dagana 17.-19. júní. Pamela Ósk er á 14. aldursári.

Hún vann alla sína leiki í riðlakeppninni; gegn Nínu Margréti Valtýsdóttur úr GR, Önnu Júlíu Ólafsdóttur úr GKG og Elsu Maren Steinarsdóttur úr GL. Í 8 manna úrslitum sigraði hún Berglinda Erlu Baldursdóttur féлага sinn úr GM og í undanúrslitum Hafðisi Öldu Jóhannsdóttur úr GK. Í úrslitaleik

mætti Pamela Íslandsmeistarannum í holukeppni árið 2019, Sögu Traustadóttur úr GKG og þurfti Pamela að lúta í gras í þetta sinn en úrslitin réðust ekki fyrr en á 17. hólur.

Pamela Ósk var að vonum ánægð með spilamennskuna og árangurinn á mótinu en markmið hennar fyrir mótið var að komast áfram úr riðlakeppninni. Hún sagðist í viðtali við kylfingur.is ekki alveg muna hvenær hún byrjaði að leika golf þar sem hún var svo ung að árum en hún segist vita að hún hafi tekið fyrst

þátt í innanfélagsmóti á sjöunda aldursári. Pamelu hefur alltaf fundist skemmtilegt í golfi og hún er ansi lunkinn kylfingur. Hún komst í fréttirnar fyrir tveimur árum þegar hún lék Grafarholtsvöll á pari án þess að tapa höggi í Opna Foot Joy-mótinu.

En hvernig líkar Pamelu við holukeppni?

„Mér finnst eiginlega þægilegra að keppa í holukeppni. Í holukeppni má maður gera fleiri mistök því maður getur alltaf gert betur á næstu hólur. Það var alveg þínu stressandi að spila úrslitaleikinn en mér fannst það ekki trufla mig mikið.“

Hefur þú verið í öðrum íþróttum en golfi í gegnum tíðina?

„Ég var bæði í fótbolta og körfubolta en golfið endaði alltaf ofan á.“

Eins og svo marga kylfinga, segir Pamela Ósk að sig langi að komast einn daginn í háskólagolfið í Bandaríkjunum. Hún hefur ekki langt að sækja golfáhugann og hæfileikana en faðir hennar, Hjalti Pálmason,



Pamela Ósk Hjaltadóttir vann til silfurverðlauna á Íslandsmótinu í holukeppni. Hún er á 14. aldursári.

MYND/ADSEND

hefur leikið í meistaraflokki í hátt í fjórutíu ár og er í dag með 0,4 í forgjöf. Hjalti Kristján, yngri bróðir Pamelu, sem fæddur er árið 2010 er bráðefnilegur sömuleiðis og komst einnig í fréttirnar um svipað leyti og systir hans fyrir tveimur árum, þegar hann lék 10 ára gamall á 69 höggum eða á 3 höggum undir pari, á Opna Air Iceland Connect-mótinu sem leikið var á Landinu/Ánni á Korpúlstaðavelli Golfklúbbs

Reykjavíkur. Litla systir þeirra sem er rétt að verða sjö ára er einnig byrjuð í golfi og hefur nú þegar tekið þátt í sínu fyrsta golfmóti og Stefánía, móðir þeirra á golfsetti sem hún notar af og til.

Pamela Ósk stefnir á að taka þátt í sínu fyrsta Íslandsmóti í högguleik í Vestmannaeyjum í ágúst og hlakkar mikið til. Það verður fróðlegt að fylgjast með framgöngu þessa efnilega kylfings þar og í framtíðinni. ■

Golf fréttir og umfjöllun alla daga



Ólafur Pálsson olafur@vf.is - Páll Ketilsson pket@vf.is

vfs.is

SUMMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

VERKFERA
SALAN

Sjáðu öll
tilboðin
á vfs.is!

Endurgerð á sýningum og tengslanetum

Sýningin Erud þið ánægð ef þið megið spyrja um eitt-hvað? stendur yfir í Listasafni Árnesinga. Á sýningunni er fjallað um samvinnu íslenskra og ungverskra listamanna. Zsóka Leposa er sýningarstjóri og aðstoðarsýningarstjóri er László Százados.

kolbrun@frettabladid.is

Zsóka hefur starfað við Listasafn Árnesinga síðastliðin tvö ár. Spurð um aðdraganda sýningarinnar segir hún:

„Ísland hafði lengi verið draumalandið mitt, jafnvel áður en ég flutti hingað. Ég er ungverskur listfræðingur og árið 2018 vann ég Erasmus-styrk og starfaði hjá Listasafni Reykjavíkur í tvo mánuði. Þegar ég var að skila listaverkabókum á bókasafn safnsins fann ég bæklinginn SÚM á Listahátíð í Reykjavík 1972 og varð undrandi að sjá ungverska listamenn í bland við efnilegustu íslensku listamennina sýna saman á sýningu. Ég fann að ég vildi kafa dýpra og rannsaka þetta frekar.

Ég fór heim til Ungverjalands en flutti til Íslands ári síðar og hóf þá rannsóknir af fullum krafti, ég ræddi við íslensku listamennina og fór í Nýlistasafnið til að grafa upp frekari upplýsingar. Ég á tveimur manneskjum mikið að þakka: Hlynur Helgason dósent hjálpaði mér í rannsóknunum mínum og Kristín Scheving, forstöðumaður Listasafns Árnesinga, gaf mér frábært tækifæri til að gera þessa sýningu að raunveruleika.“

Mikilvæg bréf

Um viðfangsefni sýningarinnar segir Zsóka: „Sýningin fjallar um það hvernig hægt var tengjast og setja upp sýningar á tímum kalda stríðsins þegar fólk í Austurblokkinni gat ekki ferðast til Vesturlanda. Þótt listamenn í Austantjaldslöndum vildu tengjast listamönnum í vestri voru íslenskir listamenn líka einangraðir, þótt það væri á annan hátt. Sýningar að austan gátu í gegnum bréfaskriftir orðið að veruleika í galleríum sem íslenskir listamenn ráku, því öll verkin og leiðbeiningarnar höfðu verið sendar með pósti. Bréfin eru geymd í Nýlistasafninu og í Listasafni Ungverjalands og þannig var hægt að endurgera öll tengslanetin og sýningarnar frá áttunda áratugnum. Áberandi einkenni er síðan að erlendu listamennirnir notuðu hómor og kaldhæðni í verkum sínum og skemmtu sér vel við að skiptast á hugmyndum við íslensku listamennina.

Á sýningunni tengjum við einnig fortíð og nútíð. Við sýnum nýleg listaverk sömu listamanna og tóku þátt í þessu neti á áttunda áratugnum. Þeir eru nú meðal þekktustu listamanna á Íslandi og í Hollandi og Ungverjalandi. Það er mjög áhugavert að sjá hvernig þeir hafa þróast sem listamenn.“

Sagan endurtekur sig

Af hverju er sýning eins og þessi mikilvæg? spyr blaðamaður og Zsóka svarar: „Það sem skiptir mestu máli er hvernig sagan endurtekur sig. Ég hef verið að rannsaka áttunda áratuginn og nú, árið 2022, erum við aftur að tala um pólun



Sýningarstjórinn Zsóka Leposa og aðstoðarsýningarstjórinn László Százados halda á SÚM-katalóg frá árinu 1972.

MYND/ABSEND

Listamennirnir

- Eggert Pétursson
- Endre Tot Gábor
- Attilai Géza Pernecky
- Ingólfur Arnarsson
- Kristján Guðmundsson
- Kees Visser
- Rúri
- Sigurður Guðmundsson

Evrópu, um austur og vestur, og vaxandi pólitísk áhrif Rússlands í fyrrum austurblokkinni. Ég, eins og við öll, átti ekki von á þessu hríka-legu stríði í Úkraínu. Það var ófyrirsjáanlegt fyrir flesta og ég er enn í algjöru áfalli yfir því sem er að gerast í nágrennalandi Ungverjalands.

Það er mikið talað um einangrun. Ég gæti alltaf tengt við þá tilfinningu í kalda stríðinu hinum megin við járntrjaldið og ný reynsla mín er þessi: Ég skil betur tilfinninguna að vera einangraður hér á Íslandi, sérstaklega eftir þessi tvö ár af heimsfaraldri, og ég er viss um að þetta er reynsla okkar allra.“

Sýningin í Listasafni Árnesinga stendur til 4. september og verður frekari dagskrá í tengslum við hana tilkynnt á heimasíðu safnsins sem og á samfélagsmiðlum. ■



Verkið Balance XVI eftir Rúri.

Sjúkratryggingar Íslands

Auglýsa eftir rekstraraðila til að reka heilsugæslustöð í Reykjanesbæ.

Um er að ræða heilsugæslustöð í 1.050 m² húsnæði að Aðalgötu 60 Reykjanesbæ.

Fjármögnun fer skv. fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæslu á landsbyggðinni.

Um þjónustuna gilda, sjá gögn hér: **Heilsugæslustöð í Reykjanesbæ - Auglýsing | Sjúkratryggingar Íslands (island.is)**

1. Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands um kaup á heilbrigðisþjónustu.
2. Kröfulýsing fyrir rekstur heilsugæsluþjónustu, nú útg.2.0.
3. Fjármögnunarlíkan heilsugæslu á landsbyggðinni, útg. 2022.
4. Samningsdrög

Önnur gögn, þ.m.t. teikningar af húsnæðinu, má nálgast á ofangreindri slóð.

Ríkið leggur til húsnæði undir starfseminu að Aðalgötu 60 Reykjanesbæ, sem verður innréttað í samráði við verksala, en miðað er við að verksali leggi til húsbúnað og lækningatæki.

Gengið er út frá samningi til fimm ára. Stöðin skal opna 4-6 mánuðum eftir undirritun samnings við leigusala. Samningur við rekstraraðila verður gerður með fyrirvara um að samningar við leigusala gangi eftir.

Áhugasamir aðilar eru beðnir um að senda útfyllt tilboðshefti **Heilsugæslustöð í Reykjanesbæ - Auglýsing | Sjúkratryggingar Íslands (island.is)** á netfangið: **innkaup@sjukra.is**, þar sem fram kemur hvenær viðkomandi getur opnað heilsugæslustöðina og upplýsingar um menntun og reynslu starfsmanna. Þá skal bjóðandi samhlíða tilboði senda Sí kynningu á fyrirtækinu, lýsingu á gæðastefnu, gögn sem staðfesta fjárhagslegt hæfi og upplýsingar um hvernig uppfylla á kröfur sem koma fram í gögnum um verkefnið.

Fyrirspurnir má senda á ofangreint netfang.

Taka tilboða: Sí munu taka hagstæðasta tilboðinu, sem miðast við hvenær viðkomandi bjóðandi getur opnað heilsugæslustöðina, að öðrum skilyrðum uppfylltum, Séu tvö eða fleiri tilboð þá jafngild mun val fara eftir fjölda stöðugilda lækna (fleiri gefa hærra mat) en séu þau enn jöfn mun hlutkesti ráða því við hvern verður samið. Sí áskilja sér rétt til að hafna öllum tilboðum séu þau ófullnægjandi.

Frestur til að senda inn tilboð er til kl. 12:00 þann 8. ágúst 2022.



HAGLEIKSVERK
- Þinir fagmenn í framkvæmdum

Fagmennska

Heiðarleiki

Ábyrgð

Hagleiksverk er öflugur verktaki með mikla, víðtæka og áratuga reynslu af flestum tegundum byggingaframkvæmda

»»» Allar almennar húsviðgerðir

»»» Þak- og gluggaskipti og viðgerðir

»»» Veggjaklæðningar

»»» Öll viðhaldsvinna Innan- og utanhús



Mig skortir aldrei hugmyndir

Skáldið og kvikmynda-gerðarmaðurinn Guðmundur Magnússon hlaut Nýræktarstyrk fyrir ljóðabókina Talandi steinar. Hann segir skáldagyðjuna ætíð hafa reynst sér vel.

kolbrunb@frettabladid.is

Guðmundur Magnússon hlaut á dögunum Nýræktarstyrk fyrir ljóðabálkinn Talandi steinar sem kemur út hjá Bjarti í september. Nýræktarstyrkur er veittur fyrir skáldverk höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvælinum.

„Það er augljóslega mjög mikils virði að hljóta þessa viðurkenningu. Mér skilst að hátt í hundrað rithöfundar hafi sótt um í fyrra og rúmí sextíu núna. Þannig að þetta er mikilvæg hvatning,“ segir hann.

Guðmundur er menntaður kvikmyndagerðarmaður, hefur unnið ótult að gerð heimildarmynda og vinnur nú þróunarvinnu fyrir fyrstu leiknu kvikmynd sína í fullri lengd. Hann hefur birt ljóð og smásögur í tímaritum og er ritstjóri sögurits á Suðurnesjum þar sem birtar eru gamlar myndir, fróðleikur og viðtöl við eldra fólk sem býr og á ættir sínar að rekja til Suðurnesja. „Bláðið er mitt framlag til samfélagsins sem ól mig upp,“ segir hann.

Spurður um ljóðabálkinn Talandi steina segir hann: „Þetta er ljóðabálkur sem segir sögu einstaklings sem leitar sér hjálpar á bráðamóttöku geðdeildar. Manneskjan glímir við erfitt þunglyndi og lendir í aðstæðum sem hann ræður ekki við og óskar eftir innlögnum.“

Lágstemmt en sterkt myndmál

Í umsögn bókmenntaráðgjafa um verkið segir meðal annars: „Höfundur yrkir af næmni og skilningi á viðfangsefninu og dregur upp sannfærandi mynd af ljóðmælanda og samferðafólki hans á deildinni. Myndmál bókarinnar er lágstemmt en sterkt og býr yfir breytilegum



Guðmundur Magnússon segir það hafa verið mikla hvatningu að fá Nýræktarstyrk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

endurtekningum sem ljá verkinu ljóðræna dýpt.“

Spurður hvenær hann hafi byrjað að yrkja segir Guðmundur: „Ég hef skrifað frá unga aldri en fór mjög leynt með það. Amma átti ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar sem ég las við hvert tækifæri. Ég er eiginlega viss um að sú bók hafi kveikt enn frekar á áhuga minn á kveðskap sem líklega kraumaði undir.“

Þegar amma lést eignaðist ég bókina sem er eins konar biblíja hér heima. Vinir mínir ranghvolfa augunum yfir hrifningu minni á gömlu skáldunum. Það er engin tilgerð að það eru þau sem gefa mér mestan innblástur allra ljóðskálda og ruddu brautina fyrir okkur hin.“

Skáldgyðjan verði honum góð

Guðmundur segist hafa verið kominn yfir þrítugsaldur þegar hann reyndi fyrst að fá skrif sín birt og hafi það verið fyrir hvatningu vina hans í rithöfundaheiminum.

„Skáldgyðjan hefur verið mér ákaflega góð og mig skortir aldrei hugmyndir. Ég er með meira hugmyndaflug en ég ræð við. Mig dreymdi einu sinni skáldagyðjuna og ég vona að sá draumur hafi ekki bara verið tilbúningur hugans. Fyrir mér eru skrifin lífsnauðsynlegt tjáningarform til að halda lífi. Eins og súrefni en ég skrifa fyrst og fremst fyrir mig sjálfan.“

Hann kveðst hafa mikinn áhuga á sögu rithöfunda og skálda. „Stundum velti ég fyrir mér hvort ég hafi meiri áhuga á lífshlaupi þeirra en kveðskapnum sjálfum. En líklega er það ekki rétt. Mér finnst áhugavert að læra hvernig þeir komust á þann stað sem að við flest þekkjum.“

Ég á mér margar aðrar fyrirmyndir úr fortíðinni. Sagan af Jóhönnu af Örk er alltaf á bak við eyrað. Sagnfræði og áhugi minn á liðnum tímum hefur veitt mér mestan innblástur. Það er svo mikið langhlaup að fjármagna kvikmyndir að það er gott að geta sest niður og skrifað og án efa það sem gefur mér hvað mest í lífinu,“ segir Guðmundur. ■

Niunda ráðstefna IDEA um leiklist

tsh@frettabladid.is

Alþjóðleg ráðstefna um leiklist í menntun verður haldin á Íslandi dagana 4. til 8. júlí. Um er að ræða níundu heimsráðstefnu IDEA samtakanna og sjá FLÍSS, félag um leiklist í skólalærari, og Háskóli Íslands um skipulagningu.

Samkvæmt tilkynningu frá skipuleggjendum er ráðstefnan liður í því að efla listgreinar í skólalærari. Ísland er í fararbroddi þegar kemur að listgreinum í grunnskóla en ekkert annað Evrópuland hefur leiklist sem listgrein í aðalnámskrá grunnskóla og horfa aðrar þjóðir til Íslands hvað það varðar.

Um 160 manns munu sækja ráðstefnuna víðs vegar að úr heiminum og koma fjölmargir sérfræðingar á sviði leiklistar og menntunar fram. Aðalfyrirlesarar eru Faisal Kiwewa, stofnandi og listrænn stjórnandi Bayimba Foundation í Úganda, Kristian Nødtvedt Knudsen, dósent í leiklist við sjón- og leiklistardeild Háskólans í Agder í Noregi, Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent í leiklist við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Ráðstefnan verður haldin í hús-næði menntavísindasviðs HÍ í Stakkahlíð og í Tjarnarbiói. ■

Húnabyggð

óskar eftir tillögum um byggðamerki

Húnabyggð er nýtt sveitarfélag sem varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps árið 2022.

Tákn Byggðamerkis Húnabyggðar skal hafa tilvísun í áberandi einkenni í náttúru svæðisins, sögu og ímynd.

Skilyrði er að merkið hafi skjaldarlögun og sé í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, sbr. 4. og 5. grein reglugerðar um byggðamerki nr. R 112/1999. Tillögum skal skilað í tveimur útfærslum, í lit og í svart/hvítu, sett upp á A4. Jafnframt skal fylgja lýsing á merkingu og meginhugmyndum.

Tillögurnar skal senda í umslagi, merktar með fimm stafa tölu. Nafn höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi, merktu með sama auðkenni.

Matsnefnd skipuð af sveitarstjórn velur merki úr aðsendum tillögum, henni er jafnframt heimilt að hafna öllum eða vinna að útfærslu tillögu með höfundi. Veitt er vegleg verðlaunaupphæð fyrir efstu þrjár tillögurnar, sem matsnefnd velur og leiðir til endanlegs merkis.



Frestur til að skila tillögum er til 1. september 2022.

Nánari upplýsingar: Einar K. Jónsson
einar@hunavatnshreppur.is og í síma 842 5800.
Sendist til: Matsnefnd byggðamerkis, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós.



Soffía drottning Spánar opnaði heimshundasýninguna 2022 sem fram fór þann 24. júní í Madrid á Spáni.

CARLOS ALVAREZ/GETTY



Mabel prinsessa af Hollandi var stödd ásamt systur sínum Eveline (t.v.) og Nikólinu (t.h.) á Amsterdamdiner-söfnuninni fyrir Alnæmisstofnun SP þann 25. júní í Amsterdam, Hollandi.

PATRICK VAN KATWIJK/GETTY



Katrín hertogaynja brá sér ásamt eiginmanni sínum Vilhjálmi, krónprins Breta og hertoga af Cambridge, í heimsókn á Fitzwilliam-safnið til að skoða nýja andlitsmynd af hjónunum eftir portrettlistamanninn Jamie Coreth. Heimsóknin á safnið var liður í opnberri heimsókn hertogahjónanna til Cambridge.

MAX MUMBY/GETTY

Kóngafólk á ferð og flugi

ninarichter@frettabladid.is

Á meðan almúginn flatmagar í sumarfrí er í nógu að snúast hjá fyrimennum og kóngafólki þessar vikurnar. Opnanir, afmæli og vígslur af ýmsu tagi rata á verkefnalista hinna tiginbornu. Frá og með 2022 standa tólf fullvalda konungsríki í Evrópu. Sjö eru konungsríki: Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Bretland, Spánn, Holland og Belgía. Andorra, Liechtenstein og Mónakó eru furstadæmi en Lúxemborg er stórhertogadæmi. Vatíkanið er skilgreint sem guðræðislegt valkonungsveldi undir stjórn páfa.



Karl Bretaprins og Camilla hertogaynja af Cornwall, mættu til kvöldverðar samveldisleiðtoga á Marriott hótelinu í Kigali, Rúanda, þann 24. júní. Prinsinn hefur sótt fimm af tuttugu og fjórum fundum leiðtoga samveldisins. Árið 2018 var formlega tilkynnt að prinsinn myndi taka við af drottningunni sem yfirmaður samveldisins. Leiðtogar samveldislanda hittast á tveggja ára fresti fyrir fundinn sem aðildarlönd halda til skiptis.

CHRIS JACKSON/GETTY



Meghan og Harry prins, hertogahjónin af Sussex, mættu til messu í St Paul's dómkirkjunni í London 3. júní. Tílefni Englandsheimsóknarinnar voru hátíðarhöld í tílefni sjötíu ára valdaafmælis Elísabetar Englandsdrottningar.

SAMIR HUSSEIN/GETTY



Mette-Marit krónprinsessa og Hákon krónprins Noregs krjúpa við bráðabirgðaminnismerki þann 25. júní 2022 í Ósló í Noregi. Tveir létu lífið og að minnsta kosti 10 slósuðust þegar maður hóf skot-hríð snemma á laugardagsmorgun nálægt vinsælum hinsegin klúbba í miðbæ borgarinnar, nokkrum klukkustundum fyrir árlega skrudgöngu hinsegin fólks í Ósló. Lögreglan rannsakar skotárásina sem hryðjuverkaárás og skipuleggjendur skrudgöngunnar aflýstu viðburðinum að ráði yfirvalda.

RODRIGO FREITAS/GETTY



Elisabet, krónprinsessa Belgía, stígur frá borði af haf-rannsóknaskipinu Belgica eftir formlega vígslu í Gent í Belgíu. RV Belgica ku gegna lykilmálverkum í belgískum og evrópskum haf-rannsóknnum á næstu áratugum. Þökk sé nýja skipinu munu hafvísindamenn geta framlengt margra vikna leiðangra á belgísku hafsvæði og víðar.

OLIVIER MATTHYS/GETTY

Eins og terroristi af Tumblr

tsh@frettabladid.is

Hollywood-stjarnan Ezra Miller hefur ekki átt sjö dagana sæla en undanfarin ár hefur leikarinn flækst inn í hvern skandalinn á fætur öðrum. Miller, sem notar fornöfnin hán, er þekktast fyrir að leika ofurhetjuna the Flash og í Fantastic Beasts kvikmyndaseríunni.

Hán hefur dvalið reglulega á Íslandi og var hér við upphaf Covid-faraldursins. Í apríl 2020 gekk myndband manna á milli á samfélagsmiðlum sem sýndi hán taka konu hálstaki og snúa hana niður á skemmtistaðnum Prikinu.

Tímaritið Variety fjallaði um mál Millers í ítarlegri grein sem birtist á

dögnum. Þar er meðal annars rætt við Carlos Reyni sem starfaði sem barþjónn á Prikinu þegar Miller var fastagestur þar.

„Ef hán var ekki að kveikja á reykelsi eða kertum, eða koma með eigin hátalara til að spila hærri tónlist en í okkar hátölurum, þá var það eitthvað annað. Það var alltaf eitthvað,“ segir Carlos.

Konan sem Miller réðst á steig einnig fram í viðtalinu og greindi frá sinni upplifun. Haft er eftir heimildarmönnum að Miller og konan hafi grínast með að fara í slag. Hún hélt sjálf að leikarinn hefði bara verið fíflast en brátt kom í ljós að svo var ekki.

„Allt í einu er hán ofan á mér að



Ezra Miller á Met Gala hátíðinni í New York árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

kyrkja mig, öskra á mig að spyrja hvort ég vilji slást. Vinur minn er að taka þetta upp og sér að hán er augljóslega ekki að djóka og er mjög

alvarlegt þannig að vinur minn hætta að taka upp og ýtir hán af mér á meðan hán er enn að reyna að slást við mig,“ segir hún.

Konan segir Miller því næst hafa hrækt nokkrum sinnum í andlit vinar hennar en að lokum hafi Carlos Reynir skorist í leikinn.

Ljóst er að ekki er um einangrad atvik að ræða en fleiri mál um ofbeldisfulla hegðun Millers hafa komið upp í öðrum löndum. Hán var til að mynda tvisvar handtekið á Havái í vor sakað um að hafa annars vegar kastað stól í andlit konu og hins vegar um að hafa sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun á karóíkbar.

Miklar umræður hafa skapast um Ezra Miller á samfélagsmiðlum og virðist framtíð hans sem kvikmyndastjórnu vera í nokkurri hættu ef marka má fréttir frá Warnes Bros sem benda til þess að framléiðslufyrirtækið hafi í hyggju að leysa stjórnuna undan samningi sínum.

Einn notandi á Twitter lýsti leikaranum umdeilda svo: „Ezra Miller er eins og ef Tumblr hefði búið til terrorista.“ ■



Björgvin Halldórsson

7. JÚLÍ



Særstakur gestur
Krummi



Jónas Sig
+ hljómsveit

8. JÚLÍ



HJARTA
HAFNAR-
FJARÐAR



Bríet

14. JÚLÍ



Björn Jörundur

15. JÚLÍ

15-51



Vintage Caravan

21. JÚLÍ

Útisvæði

Happy hour frá 18:00-21:00

Frábær dagskrá á útisvæðinu allan júlímánuð

Nánar á www.baejarbio.is

miðasala á tix.is



Að mæta hatri og fáfræði með fræðslu og ást

Frétt vikunnar

Katrín Oddsdóttir

ninarichter@frettabladid.is

Katrín Oddsdóttir mætti á samstöðufund á Austurvelli á fimmtudag, í kjölfar skotárásar á hinsegin fólk í Osló fyrir viku síðan. Tveir létust í árásinni og á annan tug slösuðust.

„Þetta er svolítið svakalegt fyrir mig, bæði sem hinsegin konu og svo

á ég trans barn. Þetta setur allt í samhengi og kemur beint á eftir þessum hræðilega dómi í Bandaríkjunum, þar sem réttindi okkar hinsegin fólks hanga líka á þeirri spýtu,“ segir hún.

„Það var rosa gott að hittast á Austurvelli og finna þessa ást og samstöðu og að við látum ekki ýta okkur til hliðar. En ég fæ verulegar áhyggjur af stöðu mannréttinda hinsegin fólks og af öðrum jaðarsettum hópum. Þetta er óvenjulega mikill pakki í einu, finnst mér,“ segir hún.

Katrín bendir á samstöðu íslensku

þjóðarinnar sem vopn í baráttunni gegn hatri á hinsegin fólki. „Það sem við eigum hér heima er samstaða. Maður finnur svo skýrt hvað mikið af fólki vill standa með mannréttindum og breyta rétt. En það þarf rosalegt átak í fræðslu núna. Það er ekki hægt að mæta hatri og fáfræði með neinu öðru en fræðslu og ást.“

Katrín kallar eftir aukinni fjárveitingu í málaflökkinn.

„Samtökin 78, sem standa sig ótrúlega vel þessi misserin, eru ekki fullfjármögnuð og það verður að breyt-

ast. Svo verður að koma fræðsla inn í alla grunnskóla og allar stofnanir í landinu. Það gengur ekki að verið sé að leggja hinsegin unglíngi í slíkt einelti að þeir taki líf sitt eins og kom fyrir tvö börn á síðasta ári.

Við sjáum núna í löndum sem við höfum ítrekað borið okkur saman við, ekki bara í Bandaríkjunum heldur líka Póllandi og Ungverjalandi, að þetta er úti um allt. Við þurfum núna að ákveða að við látum þetta ekki gerast hér og þess vegna verðum við að setja peninga í fræðslu.“ ■



Katrín Oddsdóttir, lögfræðingur.

SUMAR útsala

NATURES LUXURY heilsurúm

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld. 20 cm háir pokagormar sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnisvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Til í fleiri stærðum.

160x200 cm
Fullt verð: 164.900 kr.
Nú **136.175 kr.**

25% AFSLÁTTUR

DANADREAM
Ergo magic dúnkoddi með innri kjarna úr minnisvampi.
Fullt verð: 14.900 kr.
Nú **7.450 kr.**

S.BEDDING
Dúnsæng. 1300g 85% smáfiður og 15% hreinn andardúnn.
135 x 220 cm. Fullt verð: 14.900 kr.
Nú **7.450 kr.**

50% AFSLÁTTUR

CANNES
hægindastóll með skammel
Hægindastóll og skammel. Saddle, grátt, svart eða rautt PVC áklæði. Verð 199.990 kr. Nú **139.993 kr.**

30% AFSLÁTTUR

Opið á sunnudögum á Smáratorgi 13-17



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Heimir og Ripley hefja rúntinn í kringum landið í næstu viku til að kynna myndina.

MYND/ADSEND

Heimir og Ripley leggja land undir Rover

Heimir Bjarnason leikstjóri leggur í sýningarferðalag um landsbyggðina í næstu viku til að kynna kvikmyndina Prot.

arnartomas@frettabladid.is

Kvikmyndin Prot er væntanleg í kvikmyndahús landsins síðar í mánuðinum. Leikstjóri myndarinnar, Heimir Bjarnason, vill gefa landsbyggðinni forskot á sæluna með því að endurvekja gömlu roadshow (ísl. sýningarferðalag) hefðina.

„Það eru margar fyrirmyndir að þessu. Tarantino var til dæmis með roadshow þegar hann var að kynna The Hateful Eight,“ segir Heimir sem mun túra ásamt hundinum sínum Ripley um landsbyggðina til að kynna myndina. „Þetta var líka vinsælt í gamla daga, þegar myndir voru á filmum og ekki var hægt að senda á milljón staði í einu, að byrja með forsjýningar utan við bæjarmörkin.“

Hugmyndina fékk Heimir þegar tókur á myndinni stóðu yfir á Hótel Laugabakka í vor.

„Ég labbaði inn í sal þar sem var risastórt tjald og hljóðkerfi og fór að hugsa með mér hvað það væru margir svona staðir víða á landinu, með frábæra aðstöðu til að sýna mynd,“ segir hann. „Ég talaði við hóteltstjórnann sem var mjög spennur fyrir þessu og þaðan fór boltinn að rúlla.“

Þannig er áætluð að myndin verði sýnd víðs vegar um land auk þess sem Heimir mun sitja fyrir



Prot segir frá dularfullu sakamáli sem skekur líf þriggja einstaklinga.

svörum eftir sýningar. Þá verða leikarar úr myndinni einnig gestir á völdum sýningum.

„Það verður sérstök stemning á þeim stöðum þar sem leikararnir hafa tengingu, eins og til dæmis á Patreksfirði þar sem Bjarni Snæbjörnsson ólst upp,“ segir Heimir. „Við erum að reyna að gera þetta frekar persónulegt.“

Bióhúsin endurlífuguð

Heimir er sjálfur mikill áhuga- maður um kvikmyndahús og er spenntur fyrir því að upplifa bióstemninguna á landsbyggðinni.

„Það er líka gaman að þetta eru ekki allt bióhús, en þau voru það og



Þetta var líka vinsælt í gamla daga, þegar myndir voru á filmum og ekki var hægt að senda á milljón staði í einu, að byrja með forsjýningar utan við bæjarmörkin.

mér finnst það mjög heillandi,“ segir hann. „Að koma í þessar byggingar sem voru kvikmyndahús fyrir einhverjum áratugum og gera þau að bíó í eitt kvöld í viðbót.“

Það er ansi líklegt að Prot muni hitta í mark hjá krimmaelskandi Íslendingum en myndin er sakamáladrama sem segir frá dularfullu morðmáli sem skekur smábæjar- samfélag. Gömul sár verða að nýjum og fljótt verður ljóst að sögum ber ekki saman og reynir á fjölskylduböndin sem aldrei fyrr eftir því sem sannleikurinn skýrist. Með helstu hlutverk fara Bára Lind Þórarinsdóttir, Anna Hafþórsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Pálmi Gestsson og Guðrún S. Gísladóttir.

Hægt er að kynna sér dagskrá sýningarferðalagsins betur á Facebook-síðu kvikmyndarinnar Prot. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson gudmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

N1 Vegabréf

Stimplar, glaðningar, vinningar og minningar

Við erum byrjuð að stimpla og deila út glaðningum á N1 um allt land. Er ekki nýja N1 vegabréfið tilbúið í ævintýri sumarsins? Svo skilar þú því fullstimpluðu til að eiga möguleika á glæsilegum vinningi í leikslök! Sjáumst í sumar!



#vegabréf22

N1 ALLA LEIÐ

Akureyri

13:00 Bryndís Ásmunds

13:10 Vandræðaskáldin

13:40 Drottningarnar

14:10 Magni

14:40 Lína Langsokkur

Afmælishátíð BYKO á Akureyri og á Selfossi

SAMAN Í 600 ÁR

í dag, 2. júlí kl. frá 13-15

Selfoss

13:00 Eva Ruza

13:15 Ávaxtakarfan

13:50 Klara Ósk

14:20 Tónafljóð

14:45 Jói P & Króli

FÁÐU GEFINS FUGLAHÚS TIL AÐ SMÍÐA OG FALLEGT BLÓM Í POTTI ÚR ENDURUNNU PLASTI FRÁ PLASTPLAN Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Kandífloss, bollakökur og pylsur

60%

Afsláttur af völdum vörum í öllum verslunum BYKO í dag

Skoðaðu allar tilboðsvörurnar á byko.is

NAPOLEON PRO 285
FERÐAGASGRILL

Vnr. 506600025

19.958

Almennt verð: 49.895

Þú sparar: 29.937

Aðeins
1. stk
á mann



RYOBI BENSÍN-
SLÁTTUVÉL

Aðeins
1. stk
á mann

Vnr. 7133003671

51.998

Almennt verð: 129.995

Þú sparar: 77.997

GROHE ESSENCE PRO
ELDHÚSTÆKI

Vnr. 15330294

33.038

Almennt verð: 82.595

Þú sparar: 49.557

Aðeins
2. stk
á mann



TACTIX
VERKFÆRA-
KISTA

Vnr. 72320308

7.358

Almennt verð: 18.395

Þú sparar: 11.037

Aðeins
1. stk
á mann



Skannaðu kóðann eða
farðu inn á byko.is til
að sjá öll tilboðin

BYKO

Bakþankar

Óttars
Guðmundssonar



Á Þingvöllum

Í síðustu för sinni til Þingvalla ætlaði Snorri Sturluson að fá skaðabætur fyrir bróðurson sinn Tuma Sighvatsson. Hann treysti því að Kolbeinn ungi vildi ljúka eftirmálum Örlygsstaðabardaga. Annað var uppi á teningnum. Kolbeinn gerði Snorra mikla háðung og hann fór sneypur heim í Reykholt.

Ég fór á Þingvöll í fyrri viku með Guðna Ágústssyni vini mínum til að spjalla um Jónas Hallgrímsson. Veðrið var íslenskt og margbreytilegt, sól-skin, 7 stiga hiti og hífandi rok. Með í för var Solveig Arnarsdóttir leikkona og Karla-kór Kjalnesinga. Guðni fór á kostum, Solveig las af innlifun og kórinn söng Jónasarkvæði fyrir 200 veðurbarða gesti.

Þegar kom að mínum þætti kárnaði gamanið. Veikindi síðustu mánaða tóku öll völd. Ég var lafmóður eftir gönguna niður Almagnagjá og átti fullt í fangi með að koma frá mér ræðunni. Röddin brást og mig rak í vörðurnar. Ég neyddist til að stytta mál mitt verulega. Þetta varð því engin frægðarför fremur en hjá Snorra.

Ég hafði greinilega ofmetið eigin heilsu og vanmetið kuldann og rokið. Á þessari stundu rann ég saman við Snorra frænda enda skildi ég vel vonbrigði hans eftir Þingvallaförina. Áleitnar spurningar kviknuðu. Eru endalokin nærri eins og hjá frænda? Hvað þýðir hún þessi mæði?

Nokkrir læknar sýndu samkennd og mikla tillögugleði. Þeir vildu að ég færi í fleiri rannsóknir og prófaði ný lyf. Ég setti hausinn undir mig og tuldraði þessi orð Árna Magnússonar þegar hann gekk út úr brennunni í Kaupmannahöfn 1728. „Ég er þreyttur. Nú mega goðin ráða.“ ■

GRÆJU SUMAR
Nýjar sjóðheitar græjur og tilboð

SUMAR PAKKINN
7* SPJALDÖLVA, TASKA OG PRÁÐLAUS HEYRNARTÖL

3 LITIR

24.990
Spjaldtölvupakki

TÖLVUTEK
Reykjavík • Mörkín 31 Akureyri • Undirhlíð 2

FERÐAPAKKI ORKUNNAR



Veldu þínar **4 ferðavikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti** með Orkulyklinum í sumar. Þegar þú hefur skráð þínar ferðavikur getur þú nælt þér í Ferðapakka Orkunnar sem er sneisafullur af afþreyingu og snarli handa þér og þínum á ferðalaginu.

Ferðapakinn verður fánlegur á öllum Orkustöðvum á meðan birgðir endast. Hafðu hraðar hendur og leyfðu okkur að einfalda þér lífið á veginum í sumar.

Orkan — fyrir ferðalagið

